




VESTANPÓSTUR

Janúar 2007

Útgefandi: Ísfirðingafélagið í Reykjavík

1. tbl. 19. árg.

Það má finna Ísfirðinga um allt land og í flestum afkimum heimsins. Vestanpósturinn ræðir við nokkra sem markað hafa sín spor í söguna en hugsa með lotningu til æskustöðvanna og skemmtilegra uppeldisára með púkunum á Ísafirði.





Leggðu góðu málefni lið

Stór þáttur í manneskjunni er að vilja skipta máli og taka þátt í að skapa umhverfi sitt og samfélag. Í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans var opnuð fyrr á árinu ný þjónusta í Einkabankanum á landsbanki.is sem auðveldar fólki að styðja við góð málefni. Á einfaldan hátt getur fólk valið á milli fleiri en 70 góðgerðarféлага og lagt þeim lið með einni greiðslu eða með reglubundnum hætti allt árið.

Nýjung í Fyrirtækjabankanum

Nú hefur sambærileg þjónusta verið opnuð í Fyrirtækjabankanum og geta notendur hans því einnig lagt sitt af mörkum til samfélagslegrar aðstoðar. Þannig geta fyrirtæki með einföldum hætti skipulagt stuðning sinn við góð málefni.

Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta.

Það er auðvelt að skipta máli



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

**VESTANPÓSTURINN****Útgefandi:**

Ísfirðingafélagið
Bakkaseli 11,
109 Reykjavík
Símar: 568 0010
og 893 0010

Ábyrgðarmaður:

Guðfinnur Kjartansson
Bakkaseli 11, Reykjavík

Ritstjóri:

Hörður Kristjánsson
Sími: 567-4668 og 694-9968

Greinaskrif:

Hörður Kristjánsson
Skapti Hallgrímsson
Elísabet Þorgeirsdóttir
Ólafur Hannibalsson

Ljósmyndarar:

Hörður Kristjánsson
Fríða Albertsdóttir
Rúnar Óli Karlsson
Marta Ólafsdóttir

Auglýsingar:

Einar H. Guðmundsson

Eftirtaldir hafa góðfúslega**lánað myndir og efni í þetta blað:**

Elín Sigurðardóttir og Jóhannes Torfason
Þröstur Guðjónsson
Ásgeir Erling Gunnarsson og
Lilja Guðrún Steinsdóttir
Agnes og Fríða Sigurðardætur
Helgi Mar, Steinþór, Bjarnís og
Jón Björn Friðriksbörn
Kristján Pétur Kristjánsson
Carl Petter Wilberg
Haukur Sigtryggsson
Elín Alma Arthúrsdóttir
Sveinbjörn Bjarnason
Árni Sigurðsson og Guðrún Halldórsdóttir

Skönnun, myndvinnsla og útlit:

Hörður Kristjánsson

Umbrot:

Prentsmiðjan Gutenberg hf./
Þorkell Sigurðsson
Filmvinnna, prentun og bókband:
Prentsmiðjan Gutenberg hf.

Eintakaverð kr. 900.-

Blaðinu er dreift ókeypis til félagsmanna

Stjórn Ísfirðingafélagsins**2005-2006 skipa:**

Ólafur Hannibalsson, formaður
Gunnar Halldórsson, varaformaður
Guðfinnur Kjartansson
Helga Þ. Bjarnadóttir
Hörður Kristjánsson
Kolbrún Sveinbjarnardóttir
Kristinn Einarsson
Ómar Torfason
Rannveig Margeirsdóttir
Unnur Konráðsdóttir

Forsíðumyndina tók Rúnar Óli Karlsson, atvinnu- og ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar, þegar unnið var að sprengingum á stórgryti á Gleidarhjallanum á Ísafirði árið 2005. Sprengt var undir stjórn sprengisérfræðingsins Helga Mar Friðrikssonar. Á myndinni sést Haraldur Tryggvason bora fyrir sprengihleðslu við ansi hrikalegar aðstæður.

Ólafur Hannibalsson, formaður:

Félagsauður Ísfirðinga

Vestanpósturinn verður tvítugur á næsta ári. Hann hefur gegnt margvíslegu hlutverki. Hann er góð kynning fyrir Ísfirðingafélagið og áhrifamesta auglýsingin fyrir Sólarkaffið, þessa meginhátíð okkar brottfluttra Ísfirðinga. Stundum gegnir hann líka því hlutverki að vera nokkurs konar heimilisalbúm okkar, sem flytur okkur myndir úr eigin lífi, lífi genginna kynslóða, eða lífi þeirra ungu, sem komu á eftir okkur og við þekkjum lítt eða ekki til. Eitt hygg ég þó að hafi frá upphafi gengið sem rauður þráður í gegnum allt efni blaðsins, í greinum og viðtölum og myndefni. Það er sá gífurlegi félagsauður, sem gegnsýrt hefur bæjarlífið um langan aldur. Þetta er kannski augljósast í ípróttunum. Í viðtali við Árna Búbba í þessu hefti Vestanpóstsins kemur fram að ekki færri en fimm félög tóku skíðaípróttina upp á sína arma og sinntu henni eftir föngum með þjálfun nýliða frá ungra aldri, skipulagningu innanfélagsmóta og keppnismóta milli félaganna. Á landsvísi mætti svo liðið sameinað undir merki Skíðaráðs Ísafjarðar, oftast en ekki heimabæ sínum til mikils sóma. Þetta er ágætt dæmi um gildi harðrar samkeppni, þegar hún á við, en líka að menn þurfa að kunna að snúa bókum saman og sameina kraftana til átaka útávið þegar svo ber undir.

Með félagsauði er átt við öll þau tengsl – önnur en efnahagsleg – sem tengja einstaklinga og hópa samfélagsins saman. Því þéttriðnari sem sá vefur er, því meiri líkur eru á að samfélagið endurnýi sig, eflist innan frá með fjölbreyttum hætti, og stækki með útrás. Félagsauðurinn getur vissulega orðið undirstaða gróðurs og vaxtar í hagrænum skilningi. En fyrst og fremst hefur hann gildi sem lífsfylling fyrir þá einstaklinga, sem frá blautu barnsbeini venjast því þéttriðna tengslaneti sem þeir eru hluti af, kennir þeim heilbrigða samkeppni og samvinnu, veitir þeim öryggi og sjálfstraust og hvetur þá áfram til góðra verka.

Í mínu ungðæmi var stundum gert góðlátlegt grín að þeim vitn-



isburði um sundurlyndi Ísfirðinga að þeir þyrftu að starfa í fimm stúkum (barnastúkur meðtaldar) að bindindismálsaðnum. Af hverju ekki að safna öllum ófullum í eina sterka stúku? Reyndin var sú að stúkurnar kepptu sín á milli um alls kyns afþreyingarstarfsemi fyrir félagsmenn sína, og bæjarbúa almennt, með margvíslegum

uppákomum, sýningum sjónleikja, söng, dansleikjum og hljóðfæraslætti. Þetta gaf mörgum skemmtanastjórnum tækifæri. Það er nefnilega hægt að vera edrú með ýmsu móti.

Þröstur Guðjónsson lýsir því vel í viðtali hér í blaðinu, hvernig honum og félögum hans varð allt að keppni, starf og leikur rann saman, fullorðnir sýndu þeim snemma traust og þeir risu undir þeim ábyrgðarstörfum, sem þeim voru falin.

Ekki kemur þetta síður glöggt fram í viðtalinu við Elínu Sigurðardóttur, bóndakonuna í Húnavatnssýslu. Vissulega hlaut hún gott uppeldi í heimahúsum, en veganestið sem hún fékk á hinum félagslega vettvangi, í skátafélaginu Valkyrjum og annars staðar hefur ekki síður reynst henni notadrjúgt til að leggja sitt af mörkum til að styrkja sitt byggðarlag, fjarri heimahögum.

Þá hefur það ekki síður komið fram á síðum Vestanpóstsins á undanförunum árum, hvað tónlistin – söngur og hljóðfærasláttur – og leiklistin hafa verið snar þáttur í lífi Ísfirðinga og lífsstíl. Sunnukórinn og karlakórinn. Leikfélagið, sem fyrir daga Þjóðleikhússins sameinaði þetta tvennt í uppfærslu söngleikja á Ísafirði, sem aðeins Leikfélag Reykjavíkur hafði þangað til getað sett upp af eigin rammleik – reyndar með ekki svo fáar talentur frá Ísafirði. Og svo allir poppararnir á síðustu árum og áratugum, sem gert hafa garðinn frægan. Það bæjarfélag sem án afláts getur áratugum saman flutt út til annarra sveitarfélaga landsins, annarra landa og jafnvel heimsálfa, þvílíka máttarstólpa ípróttar, mennta, menningar og lista, getur sannarlega verið stolt af sinni auðlegð. Félagsauður Ísafjarðar virðist óþrjótandi.

Frá 17 júní 1944

Ljósmyndari: Árni Matthíasson



Algjör forréttindi að fá að alast upp á Ísafirði

– segir Ísfirðingurinn Elín Sigurlaug Sigurðardóttir sem m.a. hefur verið sæmd fálkaorðu af forseta Íslands fyrir ómetanlegt starf við uppbyggingu Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi

Viðtal: Hörður Kristjánsson.

Elín S. Sigurðardóttir er ein af þessum brottfluttu Ísfirðingum sem ekki eru mikið fyrir að flagga eigin ágæti en láta fremur verkin tala. Greinilega hefur Elínu þó tekist vel upp, því hróður hennar og hennar verka hefur borist víða. Hún er mjög jarðbundin og ákveðin í skoðunum og gerir mikinn greinarmun á skólanámi og menntun. Þetta tvennt sé alls ekki það sama. Hún er líka sannfærð um að vinnan göfgi manninn hvað sem öllum Evrópureglum líður. „Það er engan veginn nóg að vera í skóla alla ævi. Skólanám er þó vissulega ágætur stuðningur við annað í lífinu,“ segir Elín og ekki annað að sjá en þessi lífsspeki hafi dugað henni farsællega gegnum árin.

Tíðindamanni Vestanpóstsins þótti vel við eiga að skreppa í heimsókn til Elínar og eiginmanns hennar Jóhannesar Torfasonar að Torfalæk II í Austur-Húnavatnssýslu einn góðan veðurdag í september. Enda hafa farið af henni ýmsar frægðarsögur, einkum í sambandi við mikla eljusemi sem hún hefur lagt í Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. Þessu safni stýrir hún af miklum myndarskap, svo að eftir hefur verið tekið. Fyrir það starf hlaut hún m.a. fálkaorðu sem annar brottfluttur Ísfirðingur, Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, afhenti henni á nýársdag árið 2004.

Hún heitir fullu nafni Elín Sigurlaug Sigurðardóttir og fæddist á Ísafirði þann 19. maí á lýðveldisárinu 1944. Foreldrar hennar voru Þorvaldína Agnborg Jónasdóttir og Sigurður Hjálmar Sigurðsson. Elín á þrjá bræður og elstur þeirra er Sigurður Gunnars sem er fæddur 1935. Þá kemur



Ella rennir sér á skíðasleða í Hrannargötunni.

Brynjólfr Ingvar sem fæddur er 1940 og yngstur er Þórarinn Jónas sem er fæddur 1948.

Fjölskyldan bjó í nyrðri hluta hússins að Hrannargötu 8 sem var sambyggt við Hrannargötu 10, sem sjálfsgagt myndi flokkast undir raðhús í dag. Við götuna voru að alast upp á sama tíma fjöldi barna. Þau léku sér áhyggjulaust og tóku einnig þátt í störfum þeirra eldri. Og allt án þess að þekkja nokkuð til seinni tíma Evrópureglna um úti-vistartíma eða bann við vinnu barna og ungmenna. Nú til dags væri slíkt

víst kallað barnaþrælkun, en Elínu og krökkunum í Hrannargötunni þótti þetta bara gott veganesti fyrir lífið. Nú býr Elín að Torfalæk II í Austur - Húnavatnssýslu ásamt eiginmanni sínum, Jóhannesi Torfasyni bónda, en saman hafa þau komið upp fimm börnum og eiga auk þess 8 barnabörn.

Barnvænt samfélag

„Það var mjög gott að alast upp á Ísafirði og þarna var rólegt og barnvænt samfélag,“ segir Elín

sem boðið hefur gestum til stofu á notalegu heimili þeirra hjóna. Bærinn stendur rétt ofan við þjóðveginn um 8 kílómetra suður af Blönduósi og rétt fyrir neðan eldri bæjarhúsin að Torfalæk.

„Það var samt dálítill kyrrstaða almennt í atvinnulífinu á Ísafirði á þessu tímabili,“ heldur Elín áfram. „Þarna í Hrannargötunni var mikið af krökkum. Á móti okkur áttu heima þau Hildigunnur og Halldór og börn þeirra, sem eru Jón og dæturnar Auður, Ólína og Sigrún. Við hliðina á okkur“ í áttunni“ voru Kristján Pálsson og Guðmunda með sín börn, Theodóru, Ólöfu, Pál, Sigurborgu, Guðmund Þór og Kristján sem rak lestina. Hinum megin við okkur „í tíunni“ voru Viggó og Dís og börn þeirra Lúðvík, Guðmundur, Rúna Bogga og Sæunn. Í endanum voru svo

Halldór og Kristín. Þeirra börn Jón Páll, Guðmundur og Una, sem er látin, öll nokkuð eldri en ég og Ólafur sem er jafnaldri minn. Við Una urðum mjög góðar vinkonur í gegnum skátastarf síðar á ævinni. Þar á móti bjuggu þau



Ella 12 ára í Reykjavíri með Ingimund á öðrum handleggnum og heimalning á hinum.

Sigríður og Hrólfur og synir þeirra Tóti, Nenni og Páll svo ég nefni einhverja í fljótheitum og svo Lilli sýslumanns (Kristinn Gunnarsson) sem átti heima í sýslumannshúsinu neðar í götunni, sonur okkar góðu sýslumannshjóna.

Fjaran var okkar leiksvæði sem og gatan. Við vorum í endalausum leikjum og ég man hvað það var skemmtilegt. Sjórinn gekk þá nánast upp að húsunum að norðanverðu við Fjarðarstrætið. Reyndar eins við Pollinn sunnan við Eyrina. Það var mikið leikið í fjörunni og foreldrarir ekki alltaf jafn sælir með það,“ segir Elín, enda var þetta löngu fyrir tíma sjónvarpsins og engin slík

tækni til að trufla krakkana.

„Kitti ljúfur“ var með harðfiskhjall, sjávarmegin norðan við Fjarðarstrætið. Við krakkarnir hendumst mjög að Kristjáni og það voru ófáir bitarnir sem hann stakk uppí okkur. Sjávarmegin við hjallinn voru tvö ker úti í sjónum og út í þau stálumst við gjarnan á fjörunni. Þarna vorum við að veiða marhnúta og annað sem í sjónum var að finna.

Þetta var svo sem allt í lagi á meðan það var háfjara en svo féll að og þá gat málið vandast fyrir litla krakka. Þegar ég hugsa um þetta núna, var þetta auðvitað stórhættulegt, enda alltaf verið að skamma okkur. Þetta var bara svo ægilega gaman,“ segir Elín og hlær. Þegar ég var

að koma með mín börn vestur í heimsókn mörgum árum síðar, fannst mér engin fjara vera lengur til á Ísafirði. Ég þurfti að fara með börnin niður í Suðurtanga til að leyfa þeim að upplifa fjöruna. Nú eru ekkert nema hlaðnir grjótgardar allt í kringum Eyrina.“

Herinn og skátarnir

Elín nefnir einnig ýmislegt annað sem hafði mótandi áhrif á óharðnaðar barnssálir sem voru að alast upp á Ísafirði um og eftir seinni heimsstyrjöldina. Það tengist reyndar hermennsku, en í allt öðrum skilningi en menn leggja venjulega í það hugtak. Eigi að síður má kannski segja að Ísafjörður hafi verið hersettinn bær og sá her hafi verið býsna mikill þátttakandi í daglegu lífi bæjarbúa. Þetta var Hjálpræðisherinn. Sú starfsemi sem þessi friðsami her Guðs hafði með höndum var einmitt snar þáttur í félagsstarfi barna og ungmenna



Hvíla lúin bein eftir gönguferð í útilegu í Birkihlíð. Fremst: Helga Eyjólfsdóttir. Fyrir aftan hana Nanna Jónsdóttir, þá Elín (með handlegg undir kinn) og Magnús Grímsdóttir.

sem og fjölmargra fullorðinna í bænum. Elín var tíður gestur í Herkastalanum í Mánagötunni. Þangað sótti hún meðal annars sunnudagaskóla þar sem krakkarnir sungu hástöfum undir gítarleik herkvenna. „Ég var alltaf með halarófu af krökkum í eftirdragi og var í þessu af lífi og sál.“

Annar snar þáttur í félagsstarfi ungmenna á Ísafirði á þessum árum var starfsemi skátanna. Elín varð ljósálfur kornung að árum og tók þátt í skátastarfinu allt þar til hún flutti að heiman. Eftir að hún kom aftur heim meðan eiginmannsefnið var í námi, þá kynntist hún í þessu félagsstarfi ungum konum eins og Unu Halldórs, Huldu Pálma, Auði Hagalín, Maríu R. Gunnarsdóttur, Öddu Ólafs og fleiri góðum konum ásamt mökum þeirra.

„Þetta urðu mínar bestu vinkonur þó þær væru eilítið eldri en ég. Að sveitadvölinni undanskilinni, sem hafði mjög mótandi áhrif á mig, þá var mjög þroskandi að hafa samskipti við þetta fólk. Það sinnti unglingunum afskaplega vel og þessi félagsskapur styrkti sjálfsmyndina. Þarna lærði maður að umgangast aðra og taka þátt í fjölbreyttu starfi.“

Ábyrgð og traust

Fyrst vorum við sem ljósálfar að fara í útilægur með eldri stelpum. Þegar við höfðum náð 14 til 15 ára aldri vorum við sjálfar farnar að bera ábyrgð á yngri telpum og fara með þeim í útilægur fram í Dyngju. Ég er viss um að ég hefði verið áhyggjufull ef eitthvert af okkar börnum hefði verið að fara í útilægu með 10 litla krakka og það er ekki ósennilegt að foreldrar okkar hafi hugsað sitt. En við fengum að bera ábyrgð og var treyst. Ég held að þetta hafi verið mjög gott veganesti út í lífið allt þetta félagslega uppeldi sem við áttum kost á þarna á Ísafirði.

Þetta hefur dugað vel öllum þeim sem tekið hafa þátt í þessu. Jón Páll og Hulda, Auður og Snorri, Geiri og Una heitin tóku okkur þessar stelpur sem þá voru innan við tvítugt upp á sína arma. Við vorum eins og gráir kettir inni á heimilum þeirra. Ég er sannfærð um



Æskuvinkonur. Talið frá vinstri: Lára G. Oddsdóttir, Ebba Gunnarsdóttir, Erla Svanbergisdóttir, Nanna Jónsdóttir, Elín Sigurðardóttir og Magnús Grímsdóttir. Myndin er sennilega tekin 1958.

að þetta góða fólk gerir sér enga grein fyrir því hvað þau voru í raun miklar fyrirmyndir fyrir okkur.

Algjör forréttindi

Við vorum líka svo heppin systkinin hvað það voru stórar fjölskyldur sem að okkur stóðu. Systkini foreldra okkar bjuggu flest á Ísafirði og í Hnífsdal. Það var

mikill samgangur á milli fjölskyldanna. Öll móður- og föðursystkin mín eru látin og flest frændsystkinin hafa flutt frá Ísafirði, en þó má nefna að frænka mín Sigríður Þórðardóttir er þarna enn, kona Jenna Kristmanns, en við erum bræðradætur, einnig Hermann Hákonarson en móðir hans Hulda Guðmundsdóttir (Guðm. Kr.) og ég vorum systradætur svo er



Landsþrófsbekkurinn árið 1960. Fremsta röð frá vinstri: Ebba Gunnarsdóttir, Elín Sigurðardóttir, Kristinn Gunnarsson, Nanna Jónsdóttir og Lára G. Oddsdóttir. Önnur röð: Hólmfríður Guðmundsdóttir, Gyða Sigurðardóttir, Margrét Jóelsdóttir, Petrína Helga Eyjólfssdóttir, Rannveig Vilberg og Erla Svanbergisdóttir. Aftasta röð: Bragi Ólafsson, Hermundur Gunnarsson (látinn), Kristján Guðmundsson, Magnús Reynir Guðmundsson, Ásgeir Överby og Ólafur Halldórsson.

hann Magnús Reynir frændi minn, en mæður okkar voru bræðradætur.

Við höfðum ekki mikið á milli handanna en áttum þó þessar stóru fólkskyldur og ef mamma var ekki til staðar, þá var einhver önnur mamma til taks og maður gat nánast hlaupið í næsta hús, það var allstaðar athvarf. Þetta voru algjör forréttindi og ekki það sem krakkar yfir höfuð fá að upplifa í dag,“ segir Elín.



Hjónin Sigurður Hjálmar Sigurðsson og Þorvaldína Agnborg Jónasdóttir.

Byrjaði 10 ára á reitunum

„Við vorum líka mikið í boltaleikjum, krakkarnir í Hrannargötunni, en annars byrjaði maður kornungur að vinna á þessum árum. Ég man að ég byrjaði að vinna á reitunum á Waardstúni þegar ég var 10 eða 11 ára. Reitarnir voru gegnt Edinborgarhúsinu. Þar var verið að þurrka saltfisk. Það er gaman að hafa upplifað þessa stemningu að rífa fisk úr stæðum, breiða hann til þerris og taka hann síðan saman aftur að kvöldi á handbörur og bera hann og raða aftur í stæður. Síðan var passað upp á ef það kom rigning, þá var hlaupið niður eftir til að taka fiskinn saman. Það voru nú ekki margir krakkar í þessu á mínum aldri, en þetta var mikil

upplifun og ég man hve stolt ég var þegar ég sótti fyrsta kaupið mitt upp á kaupfélagsskrifstofu.

Í sveit í Reykjavíkjörð

Fyrir utan þetta var ég líka mikið að passa og þá var það mest Sæunn, dóttir Dísu og Viggós. Um sumarið þegar ég var 12 ára gömul fór ég í sveit inn í Reykjavíkjörð við Ísafjarðardjúp. Þar var ég síðan í nokkur sumur. Við vorum þarna á sama tíma ég, Kristján Pálsson, Hrefna Hagalín og fullt af öðrum krökkum. Þarna var ég fyrst að passa börn og svo í kaupavinnu. Það voru að sjálfsögðu gerðar meiri kröfur eftir því sem maður eldist.

Þarna var mjög gott að vera og fólkið frábært sem þar bjó, Hákon Salvarsson sem lést árið 2005 og Steinunn Ingimundardóttir. Þau voru þá kornung og elstu börnin þeirra lítill. Ég var einmitt fyrst ráðin til að passa þau, Ragnheiði Hákonardóttur sem nú á heima á Ísafirði, og Ingimund. Tveir drengir bættust svo síðar í hópinn.

Heyjað upp á gamla móðinn

Maður var látin ganga í flest störf sem til féllu á heimilinu. Þetta var á þeim árum þegar svo að segja öll verk voru unnin í höndum bæði inni og úti. Það var að vísu til Ferguson dráttarvél, en þegar ég var þarna voru samt öll tún slegin með orfi og ljá og allt rakað með hrífum. Ég minnst þess oft þegar við vorum að rifja og þá kannski fimm til sex í röð með sama flekkinn. Þannig rifjaði hver á eftir öðrum út á enda í flekknum og þá var snúið við og tekin næsta röð til baka.

Fjölfætlan ruglaði heyið

Ég var þarna þegar fyrsta fjölfætlan kom sem hægt var að tengja við dráttarvél. Á heimilinu var nokkuð af gömlu fólki og fannst gömlu mönnunum alveg út í hött að nota fjölfætluna. Hún þyrfaði heyinu bara út í loftið og það mynduðust auðvitað engir rifgarðar. Heyið var allt í rugli út um allt tún og enginn regla á hlutunum. Ég man sérstaklega eftir því að Salvar pabbi Hákons tók þessu frekar illa. Hann fór af stað með hrífuna til að reyna að laga ósómamann eftir fjölfætluna. Þurfti Hákon að beita föður sinn fortölum til að fá hann til að skilja að svona ætti þetta að vera. Heyið þornaði miklu betur með því að tæta það almennilega í sundur en Salvar hafði ævinlega lagt metnað og alúð í að hafa vel skipulagða flekki og fallega rifgarða þar sem vel var rakað á milli..



Fjölskyldan í Hrannargötu 8. Hjónin Þorvaldína Agnborg Jónasdóttir og Sigurður Hjálmar Sigurðsson ásamt börnum sínum, Þórarni, Elínu, Sigurði og Brynjólfi. Myndin er tekin 1965.

Með fiskisúpu á engjarnar

Á haustin var farið í engjastátt. Þegar við Kristján vorum þarna, þá lágu karlmennirnir gjarnan við í tjaldi á engjunum. Ég var síðan send með matinn til þeirra ríðandi á hesti og þá gjarnan fiskisúpu með laxi í. Í minningunni var dálítið langt að fara fram á dal, sem kallað var, svo það vildi gutlast vel í súpuí-látum á leiðinni. Fiskurinn var því gjarnan orðinn að mauki þegar komið var á leiðarenda.

Þegar á engjarnar var komið rak-aði maður saman blautu heyinu og var ég þá oft blaut upp á kálfa, því engjarnar voru mýrlendar. Það var rakað í svokallaða fangahnappa og föngin síðan bundin í sátur sem settar voru upp á klakkinn á hestunum og þær síðan reiddar heim. Þegar heim kom voru sáturnar teknar af og breitt úr heyinu. Svona úthey þornaði fljótt og þótti góð búbot. Það var ákveðin aðferð við að losa reipið og taka það síðan saman og í raun gert með örfáum handtökum.

Vinnan var góð menntun

Auðvitað var þetta mikil vinna, en ég myndi segja að þetta hafi verið góð menntun og mjög góður grunnur fyrir lífið. Ekki síst að vera með þeim hjónum, Steinunni og

Hákoni, sem voru alveg einstök. Þau kunnu svo vel að sinna börnum og unglingum. Ég tel að þetta hafi verið einn af bestu skólum lífs míns.

Elín er síður en svo á því að börn og unglingar hafi hlotið skaða af að vinna eins og gert var í þá daga. Þar hafi þau lært að vinna og nota réttu handbrögðin til að auðvelda sér vinnuna.

Ég hef líka þá reynslu með eigin börn. Þau hafa öll unnið hér með okkur Jóhannesi alveg frá því þau gátu lyft hendi liggur mér við að segja. Maður hafði þau með sér í öll verk og ég held að þau hafi ekki haft neitt slæmt af því nema síður sé, en auðvitað verður að gæta þess að ofbjóða ekki börnum.

Að vera metin að verðleikum

Ég held að það skipti líka miklu máli fyrir börn að þau finni að þau séu metin að verðleikum. Þau séu einhvers virði í samfélaginu og fái að taka þátt í því. Mér fannst einnig skipta verulegu máli, þegar við fórum að búa og vorum alltaf með einhver börn hjá okkur, að þau



Elín Sigurðardóttir tvítug.

fengju smá umbun eftir veru sína hjá okkur; þetta var kaupið þeirra og þau fóru stolt með aurinn sinn heim – þau höfðu gert gagn. Jafnvel þó það hafi þýtt meira álag á okkur fullorðna fólkið. Í þessu felst líka ákveðin sálfræði í uppeldi. Stærri unglingarnir fengu alltaf alvöru kaup og margir þessara unglinga hafa tjáð okkur hvað þeir hafi verið stoltir að koma með allt kaup sumarsins í vasanum heim að hausti.

Að mínu mati er verulega mikilvægt fyrir börn að þau eigi kost á því að vinna. Eiga kost á því að nota líkamann, nota huga og hönd. Þessu fylgir líka ákveðin ábyrgð og ögun. Þegar þau koma svo út í nám, þá finna þau að nám er fyrst og fremst vinna og vinnan er í rauninni ekkert annað en skóli.

Vélarnar tóku við

Við Íslendingar höfum verið svo heppnir sem þjóð að geta leyft börnum okkar að vinna. Hér áður fyrr fóru nánast allir þéttbýlskrakk-



Samstarfsfólkið í Landsbankanum á Ísafirði árið 1965. Fremri röð frá vinstri: Sigprúður Gunnarsdóttir, Jensína Guðmundsdóttir, Kristján Jónsson (frá Garðstöðum, látinn), Elín Sigurðardóttir og Guðmundína Þ. Hestnes. Aftari röð frá vinstri: Sigurður Jóhannsson, Matthías Kristinsson, Hafsteinn O. Hannesson (látinn), Einar B. Ingvarsson bankastjóri (látinn), Guðmundur Kjartansson (látinn), Theódór Norðquist (látinn), Oddur Guðmundsson og Magnús Reynir Guðmundsson.



Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum farsældar á nýja árinu

Skóverslun Leós hf.

Hafnarstræti 5 • Ísafirði • Sími 456 3011



Eiríkur og Einar Valur hf.

Byggingaverktakar

Breiðvangi 4 • 220 Hafnarfirði • GSM 893 1689/847 0002

KNH ehf.

Grænagarði • 400 Ísafirði • Sími: 456 3095 og 456 3751



Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Kl. 650102-3470 – Pólgötu 2, 400 Ísafirði
Sími 456 3190 – Bréðsími 456 3113



Vélvirkinn sf. smiðja

Hafnargötu 8 • Bolungarvík • Sími: 456 7348



Aðalstræti 24 • 400 Ísafjörður

Sími 456 3226



Hamraborg 11

200 Kópavogur

Sími 554 2166



VÖKVAKERFI hf.

verslun & verkstæði
DUGGUVÖGI 23 • 104 REYKJAVÍK • SÍMI 588 4600 • FAX 588 4601 • NETFANG vokva@simnet.is



Vestfirska forlagið

Pótlunarsími og fax 456 8181
netfang: jons@snerpa.is • veffang: hrafseyri.is

VÍKUR-ÓS

BÍLAMÁLUN – RÉTTINGAR

Sími: 587 7760 • Bæjarflöt 6 • 112 Reykjavík



Bæjarstjórn Bolungarvíkur

Sendir grönnum sínum bestu

áramótakveðjur

Bæjarstjórinn



KB-banki

Hafnarbraut 25, 510 Hólmavík

Sími: 455 5250



APÓTEK VESTFJARÐA



Súðavíkurbreppur



Orkubú Vestfjarða

Stakkanesi 1 • Ísafirði • Sími 450 3211

Kjölur ehf.

Urðarvegi 37 • Ísafirði • Sími: 456 3678



Símar: 456-3868 og 899-0742,
Símbref: 456-4075
netfang: gistias@snerpa.is
veffang: www.randburg.com/is/
aslaug

Velkomin í Hæstakaupstaðinn,
Ísafirði

Gistiheimili Áslaugar,

Austurvegi 7,
herbergi með handlaugum.

Faktorshúsið, (Anno 1788)

Aðalstræti 42,
íbúðargísitng, kaffi-, veitingar
og fundaaðstaða.

Græðir sf. Varmadal vinnuvélar

425 Flateyri, sími 456 7652 og 456 7650, fax 456 7651

SJÓFERÐIR



Hjallavegi 7 • Ísafirði • Sími: 456 3879
Fax: 456 4879 • Farsímar: 892 1879

Hafsteins og
Kiddýjar

ar í sveit. Því miður er það liðin tíð. Ástæðan er sú, að á síðustu tveimur áratugum hefur orðið svo mikil tæknibylting í sveitunum að þetta er ekki lengur hægt. Vélarnar eru orðnar svo stórtækar að maður lætur ekki börn á slík tæki. Það eru því svo fá störf eftir í sveitinni sem hæfa börnum. Auk þess sem bændafólk nútímans er oft hlaðið öðrum störfum og hefur takmarkaðri tíma en áður til að sinna aðkomubörnum. Það getur því ekki alltaf haft börnin eða unglíngana með sér því auðvitað þarf að hafa umsýslu með þeim.

Þá er skólaárið líka stöðugt að lengjast og það er því alltaf að verða styttri og styttri tími sem börnin geta upplifað það frjálshæði að vera með sjálfum sér. Þá kemur aftur spurning hjá foreldrunum hvað eigi að gera við börnin í skólafrú sumarsins. Sem betur fer er í mörgum bæjarfélögum reynt að koma til móts við foreldra á sumrin.“

Elín nefnir að mörg bæjarfélög hafi mætt þeirri þörf að útvega skólakrökkum eitthvað að gera yfir sumarið með því að halda úti svokallaðri bæjarvinnu. Þá sé yfirleitt einhver fullorðinn til að leiðbeina þeim við vinnuna. Oft sé þetta gert með miklum sóma, en því miður séu þó ekki alltaf nógu góðir starfskraftar sem fengnir eru til að sinna því hlutverki að kenna börnunum réttu handbrögðin.

Skólagangan á Ísafirði

Elín naut þess þannig að vera í mörg sumur í sveitinni sem er að verða sífellt sjaldgæfari möguleiki fyrir kaupstaðabörn í dag. Þar hlóð hún batteríin af orku sem dugðu henni vel í skólanum á Ísafirði yfir vetrartímann. Eftir barnaskólagönguna tók Gagnfræðaskólinn við og þaðan lauk hún landsprófi árið 1960.

„Það var þá verið að stofna við skólann menntaskóladeild en Guðjón Kristinsson var þá skólastjóri. Ég ætlaði mér ekkert í þessa menntaskóladeild, en það endaði með því að



Skátasystur í heimsókn á Torfalæk árið 1971. Talið frá vinstri: Auður Hagalín, Una Halldórsdóttir, Þorgeir Hjörleifsson (bílstjóri), Elínborg Sigurðardóttir, Guðrún Sigurjónsdóttir og Adda Ólafsdóttir. Krjúpandi eru María R. Gunnarsdóttir og Kristín Oddsdóttir.

Guðjón talaði við mig, því hann þurfti að fá sem flesta nemendur til að geta stofnað deildina. Þetta var fyrsta slíka deildin sem sett var upp á Ísafirði ef frá er talin deild sem sett var á fót löngu áður þegar Hannibal Valdimarsson var þar skólastjóri.

Nú, ég fór í menntaskóladeildina hjá Guðjóni, en starfaði að hluta til samhliða í Landsbankanum á Ísafirði. Ég var mjög ung þegar ég fór að vinna í Landsbankanum á Ísafirði á sumrin og einnig í jólafríum. Þá var ég búin að ákveða að ég ætlaði ekki í menntaskóla. Vinir

mínir ætluðu í Menntaskólann á Akureyri, en ég ætlaði að taka, að mér fannst, „hagnýtara og styttra nám“ en hægt var að taka í menntaskóla, og hafði ákveðið að fara í Samvinnuskólann á Bifröst og líka í húsmæðraskóla.

Ég fór síðan í Kvennaskólann á Blönduósi sem urðu svo mín örlög,“ segir Elín og hlær, en þar lágu leiðir þeirra Jóhannesar fyrst saman. Sjálfur er Jóhannes með búfræðikandidatspróf. - „Í framhaldi af því fór ég í Samvinnuskólann á Bifröst og lauk þaðan prófi árið 1964. Eftir skólagönguna á Bifröst flutti ég heim á Ísafjörð.



Nokkrar skátasystur. Talið frá vinstri: Hulda Pálmadóttir, Elín Sigurðardóttir, Una Halldórsdóttir, Adda Ólafsdóttir og Steinunn Einarsdóttir.

Fastráðin hjá Landsbankanum

Ég var fastráðin hjá Landsbankanum eftir námið á Bifröst, eða allt þar til ég flutti frá Ísafirði. Í bankanum var skemmtilegt og gott samstarfsfólk. Lengst af hafði ég með víxla og innheimtur að gera og auðvitað var allt bókhald handunnið. Ég var þarna þegar fyrsta vélabókhaldið var sett upp og þótti það mikil framför.



Hjónin Þorvaldína og Sigurður. Fyrir aftan þau frá vinstri: Þórarinn, Elín, Brynjólfur og Sigurður.



Elín og bræðurnir: Sigurður, Brynjólfur og Þórarinn. Myndin var tekin 1997.

Hver bókhaldsvél var á stærð við þvottavél og í desember þegar verið var að reikna út sparisjóðsvextina, sem við Munda Láka tókum stundum að okkur, þá þurftum við að telja slögin eftir því hvort um var að ræða 7% eða 9% vexti.

Bankafólk fékk greidd laun í þrettán mánuði sem helgaðist af því hve mikil vinna var í desember, en þá var oft verið að vinna fram á kvöld; þó fengum við alltaf frí á Þorláksmessukvöld. Eftir að ég flutti norður í sveitina hafði hann Hafsteinn okkar Hannesson það fyrir sið að hringja í mig á Þorláksmessu og rifja upp gamla daga. Hann varð síðar bankastjóri á Eskifirði og síðan í Grindavík og lifði þær breytingar sem áttu sér stað á örfáum árum í tölvutækni og hafði óskaplega gaman af að segja mér frá og bera saman þessar stökkbreytingar.

Frá Ísafirði norður í sveitasæluna

Ég flutti frá Ísafirði hingað í Húnavatnssýsluna vorið 1968. Þá var fyrsta barnið okkar fætt, en það er Sigurður sem fæddist á Ísafirði árið 1967. Börnin áttu eftir að verða fleiri og nú eigum við fimm börn sem öll eru uppkomin.

Sigurður starfar í dag sem framkvæmdastjóri við sláturhúsið á Blönduósi, eða SAH afurðir ehf. eins og það heitir í dag. Hann er með meistaranám í rekstrarhagfræði frá Álaborgarháskóla. Eiginkona hans heitir Sigrún Lovísa Sigurðardóttir og er hjúkrunarfræðingur og stundar nú með sínu starfi diploma nám í heilsugæsluhjúkrun. Þau eiga 3 stráka.

Næstur í röðinni er Torfi sem fæddur er 1969. Hann var einnig í framhaldsnámi í Danmörku og

er doktor í landbúnaðarfræðum. Eftir að hann kom frá námi starfaði hann við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri en er nú ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Vesturlands. Auk þess er hann á kafi í sveitarstjórnarmálum. Konan hans heitir Þórunn Pétursdóttir landgræðslufulltrúi og hefur verið í mastersnámi í landnýtingu. Þau eiga saman 1 strák, en Þórunn átti fyrir 3 börn og Torfi átti 1 dreng úr fyrra sambandi og fyrri sambýlskona einn son.

Þriðja barn þeirra hjóna er Ástríður, sem fædd er 1971. Hún er lögfræðingur og lauk sínu mastersprófi í Þýskalandi. Í kaupbæti fékk hún þýskan eiginmann, Alexander Richter, sem einnig er lögfræðingur og með masterspróf í rafrænum viðskiptum, og starfar hjá Glitni. Ástríður starfar hjá Fasteignamati ríkisins. Þau eiga 2 börn.

Þá kemur Gunnar Þór, sem fæddur er 1976. Hann er mannfræðingur frá Háskóla Íslands og er nú að ljúka doktorsnámi við landfræðideildina í Hróarskelduháskóla í Danmörku. Kona hans Halla Valgeirsdóttir, er í fjarnámi, meistaranámi, við Kennaraháskóla Íslands. Þau eiga 1 dreng.

Yngstur er Elvar Ingi, sem fæddur er 1983. Hann hefur nýlokið námi í byggingarverkfræði og er nú í Danmörku að læra á píanó en er einnig að hefja meistaranám í byggingarverkfræði.

Geri greinarmun á skólanámi og menntun

„Börnin okkar hafa öll valið svolítið ólíkan vettvang. Ég vil nú meina að vinnan göfgi manninn eins og ég sagði áðan og hef því oft sagt við krakkana: gleymið ekki uppruna ykkar. Námið er ágætt og gott að vera dugleg að læra, en þið þurfið að vera menntuð. Menntun öðlast fólk ekki öðruvísi en að nýta sína skynsemi og reyna sig í lífinu og læra að vinna. Það er engan veginn nóg að vera í skóla alla ævi. Ég geri mikinn greinarmun á skólanámi og menntun. Skólanám er þó vissulega ágætur stuðningur við annað í lífinu.“

Já, börnin þeirra Elínar og Jóhannesar eru flogin úr hreiðr-

inu og eftir sitja þau hjón tvö í kotinu með um 30 kýr í fjósi, álíka fjölda geldneyta og hross sem naga landið sem ekki er lengur fullnýtt. Elín segir að þó þau hafi hross á beit, þá stundi þau ekki ræktun reiðhesta og sjálf séu þau ekki í hestamennsku.

Urðum að vera dugleg

„Þegar við hjónin byrjuðum „máttum“ við vera dugleg, og það vorum við sannarlega. Við byrjuðum með 40-50 kýr í fjósi sem við byggðum, sem reyndar er eitt fyrsta fjós sinnar tegundar á landinu – lausagöngufjós með legubásunum og mjaltabás. Við vorum að byggja á þeim árum þegar verðbólgan var mikil og hafís fyllti flóa og firði á Norðurlandi, en máttum framleiða eins mikið og við vildum. Það kom þó að því hjá okkur, eins og svo mörgum öðrum, að við ákváðum á tímabili að minnka búið. Þá var búið að vera mikið álag á okkur og á sama tíma vorum við stöðugt að byggja.“

Það var þá þannig í sveitinni að allir þeir, sem komu að byggingarvinnunni, voru til heimilis hjá okkur í fæði og húsnæði. Það var því ansi margt um manninn hér þegar við vorum í þessum framkvæmdum. Þetta var feiknalega mikið puð hjá okkur. Tengdforeldrar mínir og mágur voru með fjárbúskap á Torfalæk og við unnum saman öll útiverk, en hirðing á skepnunum var alveg aðskilin. Við með okkar fjós og mágur og tengdafaðir með fjárbúið. Mágur minn flutti svo til Reykjavíkur og nokkrum árum síðar hættu tengdforeldrar mínir með fjárbúskapinn. Þá voru túnin orðin býsna stór fyrir okkar kúabú.

Þegar við vorum búin að byggja upp var annaðhvort um það að ræða að fá sér auka starfsmann á heimilið eða að minnka búið. Við prófuðum að reka þetta í fullri stærð um tíma, en ákváðum síðan að minnka við okkur enda var Jóhannes þá farin, að vinna talsvert að félagsmálum.

Síðan kom kvótinn. Þá voru tekin ákveðin viðmiðunarár og það voru



Logn í Skötufirði. „Á klöppunum hans þabba við Garð í Skötufirði.“

einmitt árin eftir að við minnk-uðum búið. Við stóðum því eins og margir aðrir frammi fyrir skerðingu. Síðastliðin ár höfum við svo keypt kvóta til að bæta okkar stöðu og erum þokkalega sett hvað kvóta varðar í dag.



Ella og Jói í Tungudal árið 1963.

Lána túnafnot

Túnin eru miklu stærri en við getum nýtt. Við höfum þetta því þannig núorðið að við nýtum fyrri slátt, en leyfum svo unga fólkinu hér í kring að nýta seinni slátt. Þetta fyrirkomulag kemur báðum aðilum til góða, því það fólst mikill kostnaður í að hreinsa túnin síðsumars. Fyrir utan það að við höfðum ekkert með allt þetta hey að gera og talsvert mál að selja heyið eða koma því í lóg.

Beggja vegna við okkur er fólk, sem er nýbyrjað að búa, og vantaði meira land til að heyja. Það var því hið besta mál að þau fengju að sjá um seinni sláttinn. Þannig hefur okkur tekist að halda túnunum við. Þá er Jóhannes líka mikill ræktunarmaður og duglegur við að endurrækta túnin og gerir það mjög ört. Héðan fer þess vegna mikið af úrvals túnþökum.“

Foreldrar Elínar, Þorvaldína og Sigurður bjuggu hjá þeim hjónum á Torfalæk um tíu ára skeið. Þar sem mikið var að gera á bænum og margt um manninn, var ákveðið að byggja einskonar gestahús við hliðina á íbúðarhúsinu til að foreldrar Elínar gæti verið þar í meira næði. Það var um það leyti sem Sigurður hætti að starfa sem húsvörður í Menntaskólanum á Ísafirði og þá orðinn mikill sjúklingur. Þau fluttu svo aftur vest-



*Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska
Ísafirðingum farsældar á nýja árinu*

Bensínstöðin Ísafirði

Hafnarstræti 21 • 400 Ísafjörður • Sími 456 3574

DENGSI ehf. VELTISKILTI

Dugguvogi 1b • 104 Reykjavík • Sími 588 4097 • Fars. 896 1697

Harðfiskverkun Einars Guðbjartssonar

Drafnargötu 6, 425 Flateyri, sími 456 7671 og 852 4071



Aðalstræti 26 • Ísafirði

Sími 456 3114

– verslun sem býður betur –



Reykhólahreppur

Reykhólum • Króksfjarðarnesi

Sími 434 7880



Hafnarstræti 6 • Ísafirði

Sími 456 3990

FISKVINNSLAN ÍSLANDSSAGA hf.

Freyjugata 2, 430 Suðureyri, sími: 456 6300



Landsbanki Íslands

Pólgötu 1 • Ísafirði • Sími 410 4156



Fiskmarkaður Suðurnesja hf Ísafirði



Vélsmiðjan og Mjólnir ehf.

Mávakambi 2 - 415 Bolungarvík

Sími 456 7478

Lögsýn hf.

Aðalstræti 24, 400 Ísafjörður, sími: 456 4577

Samkaup úrval

Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður • Sími 456 5460 með góða kostinn

Vörubílar og kranapjónusta Laugi ehf.

Góuholti 5, 400 Ísafirði, sími 892 2079



Vélsmiðja Ísafjarðar Sundahöfn • Sími 456 3910

Tannlæknastofan

Torfnesi, Ísafirði, sími: 456 3737

Skóverslunin Skóhornið

Aðalstræti 24, Ísafirði, sími 456 4323

Leikfangaverslunin Bimbó

Aðalstræti 24, Ísafirði, sími 456 4323



Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum

Hafnarstræti 6, Ísafirði, sími 456 4407

Harðfiskur og hákarl, Hnífsdal

Ísafjarðarvegi, 410 Hnífsdal, sími 456 4531 og 862 9868

Peð ehf.

Góuholti 2, 400 Ísafirði, símar 456 4484 og 861 8644

ur þar sem þau bjuggu á Hlíf í um tvö ár eða þar til Sigurður dó árið 1991. Þorvaldína hélt áfram að búa þar meðan hún lifði en dvaldist þó alltaf töluverðan tíma á hverju ári á Torfalæk hjá dóttur sinni, þar til hún lést árið 1997.

Drjúgur tími í félagsstörf

Elín segir að fyrir utan bústörfin þá hafi félagsstörfin hrannast upp á heimilinu. Þar hafa þau hjón bæði verið ólöt að bæta á sig vinnu í gegnum tíðina.

„Ég reyndi að halda að mér höndum, en var samt í þó nokkrum nefndum á vegum sýslunnar og sveitarfélagsins. Það var samt miklu meira hjá Jóhannesi. Hann var bæði formaður Búnaðarsambands Austur - Húnavatnssýslu hátt í áratug og formaður Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um 15 ára skeið. Svo starfaði hann mikið fyrir Rannsóknarráð Íslands í ýmsum úthlutunarnefndum vegna rannsóknarstyrkja, lengst af sem formaður. Vegna allra þessara félagsstarfa þurfti hann að vera mjög mikið fjarverandi. Við reyndum að halda búskapnum til haga en hann vildi stundum að okkur fannst sitja á hakanum.

Jóhannes reyndi þó eins og hann gat að fara með eins stuttan tíma og mögulegt var í fundaferðir. Þá þurfti að keyra Hvalfjörðinn svo þetta voru oft ansi mikil og erfið ferðalög. Hann var kannski að fara klukkan 6 á morgnana og koma heim eftir miðnætti. Þá var ekki alltaf auðvelt að fá afleysingamann. Maður varð því að reyna að redda sér með aðstoð krakkanna, sem öll fóru í Menntaskólann á Akureyri. Þau voru samt ótrúlega dugleg að koma heim og hjálpa til við búskapinn þegar pabbi þeirra var fjarverandi. Það versnaði þó í þessu þegar þau fóru í skóla til útlanda, þá urðum við að finna okkur afleysingamann, enda ég ekki lengur nógu dugleg til geta tekist á við



Á tröppunum á Þingeyrarkirkju á brúðkaupsdaginn 15. júlí árið 1967 með frumburðinn Sigurð nýskírðan.

þetta. Í dag erum við með ágætan afleysingamann sem grípur inni þegar við þurfum á að halda.“

Vildu ekki setja átthagafjötra á börnin

Elín segir að það hvarfli æ oft

að þeim hjónum hvað verði um þessa stóru og góðu jörð þegar þau ákveði að bregða búi. Sama ættin hefur búið á Torfalæk frá því um 1860 og er Jóhannes fimmti ættleggurinn sem býr á Torfalæk. Hún segir að landbúnaður í dag sé orðinn, það flókin atvinnugrein að ekki veiti af góðri menntun til að geta tekist á við jafn fjölpættan og flókin rekstur. Þá sé betra að hafa undirstöðuþekkingu í rekstrarfræðum.

„Okkur fannst við ekki geta leyft okkur að ala krakkana þannig upp að eitthvert þeirra „ætti“ að taka við jörðinni. Slíkt yrði að koma frá þeim sjálfum ef þau hefðu áhuga. Við vildum ekki að það yrði kvöð á þeim að taka við búinu, þau yrðu að finna sinn farveg sjálf.“

Auðmenn ásælast jarðirnar

Sjálfsgat gætu þau hjón selt jörðina strax á morgun. Mikið er orðið um að auðmenn á Íslandi fari um allar sveitir í leit að jörðum og löndum til að kaupa. Þannig hafa nokkrar jarðir verið seldar í Húnavatnssýslum á undanförunum misserum og hafa jafnvel heyrst tölur um lítt ræktanlegar heiðajarðir sem farið hafa á 150 milljónir króna. Dæmi eru líka um að



Jói og Ella við Hvítserk í Húnaflóa.

börn, sem hafa viljað taka við búi foreldra sinna og haft getu til að kaupa á 30-40 milljónir króna, hafa staðið uppi daginn eftir slíkt tilboð og þurft að keppa við tilboð auðmanna upp á 130 milljónir króna. Við slíkt keppir fólk ekki sem þar að auki á kannski eftir að eyða miklu fé í uppbyggingu. Þess vegna lenda æ fleiri jarðir í höndum auðmanna, sem þá leigja þær til leiguliða eða hluta þær í sundur undir sumarhúsabyggingu eða til annarra nota.

Það eru reyndar ekki margir sem hafa trú á að leiguliðadæmið geti gengið upp. Í fyrsta lagi er allt annað viðhorf þegar fólk er ekki að byggja upp fyrir sjálft sig, og því þyrfti búskapurinn að skila mjög góðum arði til að slíkt fyrirkomulag þætti eftirsóknarvert.

Þessi staðreynd blasir nú við hjónunum á Torfalæk. Þau vita sem er að ekkert þeirra barna hefði bolmagn til að borga systkini sín út við kaup á jörðinni ef þau stæðu frammi fyrir tilboðum auðmanna í þessa veru. Staðan er því greinilega ekki einföld þegar fólk stendur frammi fyrir kynslóðaskiptum í landbúnaði á Íslandi í dag.

Eric Clapton á Torfalæk

Blaðamann rak minni til þess að hafa heyrt um að auk alls annars rækju þau hjón ferðapjónustu og einnig um heimsókn Erics Claptons að Torfalæk. Elín sagði að þau rækju dálitla ferðapjónustu í eldra húsinu á Torfalæk.



Fjölskyldan á Torfalæk 1989. Fremri röð: Elín, Elvar Ingi og Jóhannes. Aftari röð: Sigurður, Gunnar Þór, Ástríður og Torfi.

„Við höfum verið að gera mikið við gamla húsið undanfarin ár og erum að reyna að ná uppí reksturinn með smá ferðapjónustu. Málið er að við höfum ekki tíma til að sinna þessu og þ.a.l. höfum við ekki auglýst en eigum við ekki að segja „að við leyfum góðu fólki að vera“. Jú, Clapton hefur tvívegis komið til okkar í viku í senn ásamt vini sínum. Í fyrri sinnið tókst að halda því algjörlega leyndu. En

í fyrri vissu margir hvar hann var. Okkur tókst þó að koma í veg fyrir að hann yrði fyrir ónæði.

Ég segi oft að Íslendingar eigi að markaðssetja landið fyrir fræga fólkið á þann veg að hér geti það hvílst og slakað á, án þess að fólk sé að elta það, mynda og reyna að fá viðtöl. En sjálf-sagt yrði það erfitt – ætli við fengjum þá ekki bara fullt af erlendum blaðasnápum?

Ég hef hins vegar aldrei skilið að það sé eitthvað

merkilegt við að hitta „frægt“ fólk. Hvað Eric Clapton varðar, þá skynja ég hann sem ósköp venjulegan og þægilegan mann og eins og hann Jóhannes minn segir, að þá er hann með tíu fingur rétt eins og þú og ég.“

Elín og Heimilis- iðnaðarsafnið

– Þú nefndir félagstörf þín áðan.

Nú hefur þú fengið viðurkenningu, meira að segja fálka-orðu fyrir störf þín við Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. Getur þú sagt mér eitthvað frá safninu?

„Já, þetta safn heitir Heimilisiðnaðarsafnið og það er svolítil saga á bak við það. Aður fyrr háttaði þannig til að í sýslunni var starfandi nefnd sem kölluð var byggðasafnsnefnd. Átlaði nefndin að koma upp byggðasafni í héraðinu. Innan Sambands austur - húnvetnskra kvenna sem eru samtök



Fjölskyldan á Torfalæk 2004. Jóhannes og Elín ásamt börnum sínum. Frá vinstri: Gunnar Þór, Elvar Ingi, Ástríður, Torfi og Sigurður.



Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi.

kvenfélaga í héraðinu, var líka starfandi nefnd til að stuðla að sama verkefni. Þetta var á sjöunda áratugnum og þá voru kvenfélögin og samtök þeirra mjög sterk í héraðinu og voru frumkvöðlar að mjög mörgum framfaramálum á svæðinu.

Varðandi byggðasafnið, þá var ekki einhugur um það hjá fólki hvar staðsetja ætti safnið. Var þetta þá hugsað þannig að það yrði komið á fót byggðasafni fyrir báðar Húnavatnssýslurnar og Strandasýslu. Sumir vildu að slíku byggðasafni yrði komið fyrir á Blönduósi, aðrir vildu að það yrði á Reykjum þar sem Húnavallaskóli er nú og sumir töluðu um Þingeyrar, sem eru sögufrægt höfuðból. Hulda Á. Stefánsdóttir, sem þá var skólastýra við Kvennaskólann á Blönduósi, var þá í byggðasafnsnefnd sýslunnar. Hún var mjög áhugasöm um að koma byggðasafninu upp á Þingeyrum. Þetta endaði þó með því að byggðasafnið var reist að Reykjum í Hrútafirði. Þar stendur það enn og þjónar þessum þremur sýslum.

Óánægja með byggðasafnsmálið

Eins og oft vill verða, þá blandaðist inn í þetta mikil hreppapólitík. Margir urðu mjög óánægðir með niðurstöðuna og vildu t.d. ekki senda muni sína á safn vestur í sýslu. Svo gerðist það innan kvenfélagasambands-

ins að konurnar breyttu heiti sinnar safnanefndar og kölluðu hana heimilisiðnaðarsafnsnefnd. Fóru þær í kjölfarið að safna munum sem tengdust heimilisiðnaði.

Upp úr þessu starfi varð til lítið safn, sem konurnar fengu að koma fyrir í litlu húsi á Blönduósi, sem eitt sinn hafði verið fjós og hlaða Kvennaskólans. Þetta safn var upphaflega opnað á 100 ára afmæli Blönduóss sem verslunarstaðar árið 1976. Safnið var svo opið nokkuð óreglulega næstu ár á eftir.

Konurnar komust fljótlega að raun um að þetta væri bara byrjunin og ekki væri þarna um að ræða framtíðarhúsnæði fyrir safnið. Húsnæðið var greinilega allt of lítið, en konurnar komust ekki

lengra með málið. Aldrei var t.d. gengið frá stofnskrá eða reglugerð fyrir safnið.

Í kvenfélagastússi

Ég hafði verið töluvert mikið í kvenfélagsstússi, annarsvegar í litla kvenfélaginu okkar hér í Torfalækjarhreppi, en einnig sem ung kona var ég hátt í áratug ritari í stjórn Sambands austur-húnvetnskra kvenna. Ég var eiginlega búin að ákveða að láta þetta nægja á þessum vettvangi, sinna bara kvenfélaginu hér í sveitinni. Reyndar má geta þess að Torfalækjarhreppur var sameinaður í vor (2006) við fjóra aðra hreppa sem heita nú Húnavatnshreppur. Því miður náð-



Elín tekur við fálkaorðu úr hendi Ísfríðingsins Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands á nýársdag 2004.



Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísafirðingum farsældar á nýja árinu

G. E. Sæmundsson ehf.
Sindragötu 14, 400 Ísafjörður, sími 456 3047



**Ferðapjónusta
Margrétar og Guðna ehf.**
Mánagata 5, 400 Ísafjörður, Sími 456 4146 og 893 5314



**Hjólbarðaverkstæði
Ísafjarðar ehf**
Sindragötu 14 • Ísafirði

V. V. Hárskeri

Hafnarstræti 11 • 400 Ísafirði • Sími: 456 3040



**VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF**

Hafnarstræti 1 • Ísafirði • sími 456 3164

**FURUNO-umboðið
Brimrún hf.**

Hólmaslóð 4 • 101 Reykjavík
Sími 561 0160

Jón Viðar Arnórsson

Tannlæknir
Skólavörðustíg 14 • 101 Reykjavík



Mjólkursamlag Ísafirðinga
Mjólkurstöðin Wardstúni • Ísafirði • Sími 456 3251

Bæjarins besta,

Vikublaðið
Sólgötu 9 • 400 Ísafirði • Sími: 456 4560

Útgerðarfélagið Öngull ehf.

Engjavegi 28 • 400 Ísafirði • Sími: 895 6162

**Tannlæknastofa
Jóns Björns Sigtryggssonar**

Tjarnargötu 2 • 230 Keflavík • Sími: 421 5615



Ísafjörður
Hafnarstræti 1
Sími 456 3744

KRÍLIÐ - Sindragötu 6, Ísafirði

Sími: 456 3556 • Nætursala um helgar
Opið allan daginn alla daga • Verið ávallt velkominn



Súðavogi 6 • Reykjavík • Sími: 568 6755



Hafnarbakka – 425 Flateyri
Sími 456 7700



PÓLLINN HF.
Verslun = 456 3092



Sindragötu 3
Ísafirði • Sími: 456 4444

Bílatangi ehf.

Suðurgötu 9, 400 Ísafjörður, sími: 456 3800

*Hjónin Jóhannes
Torfason og Elín
Sigurðardóttir
undir suð-
urvegnum á
Torfalæk í sept-
emberbliðunni
2006. Mynd
Hörður.*



ist ekki að sameina öll sveitarfélög sýslunnar sem hefði verið besta leiðin að mínu mati.

Kosin formaður

Þá gerist það, að ég var kosin formaður Sambands austur - húnvetnskra kvenna árið 1992, en undir þeim samtökum voru 10 kvenfélög eða jafn mörg sveitarfélögunum sem þá voru. Það hafði gengið mjög illa að fá einhverja konu til að taka að sér formennskuna, ekki síst vegna safnsins. Forveri minn Elísabet Sigurgeirsdóttir, sem einmitt er ættuð frá Ísafirði og var systir Jóhanns Sigurgeirssonar, sem giftur var Unu Thoroddsen hjúkrunarkonu, var búin að starfa lengi við safnið og með smáhléum við kvenfélagasambandið, og var orðin þreytt (hún átti einmitt 80 ár afmæli daginn áður en þetta viðtal var tekið, eða 23. september 2006).

Áður en ég var kosin formaður höfðum við kvenfélagskonur oft rætt um framtíð safnsins. Hvort við ættum að breyta rekstrarforminu og finna einhverjar nýjar leiðir. Þegar ég var orðin formaður þýddi ekkert annað en að taka málið föstum tókum. Stjórnin tók síðan þá afstöðu að reyna að fá samþykki

allra kvenfélaganna um að breyta rekstrarformi safnsins og gera það að sjálfseignarstofnun. Þannig var hugmyndin að reyna að ná sveitarfélögunum að slíkri stofnun. Mér var falið að fara í þessa vinnu.

Með seiglu varð til sjálfseignarstofnun

Kerfið var óskaplega þungt við að eiga. Hér var þá starfandi héraðsnefnd og á þessum tíma voru yfirleitt einn til tveir héraðsnefndarfundir á ári og erfitt að

koma málum í gegn. Síðan höfðu sveitarfélögin hvert um sig neitunarvald á ákvarðanatöku héraðsnefndar. Til að flýta málinu fór ég og hitti alla oddvita sveitarfélaganna og kynnti málið fyrir þeim. Síðan fékk ég að kynna þetta inni á héraðsráðsfundi og héraðsnefndarfundum. Ári síðar tókst okkur að fá þetta samþykkt. Rekstrarforminu var því breytt í sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 1993. Ég var gerð að formanni þeirrar stofnunar og hef verið það síðan.

Eftir þetta þurfti að fara í mikla



Mæðgurnar Ástríður og Elín.

vinna við að gera stofnskrá fyrir safnið og semja reglugerð, því að öðruvísi hefði safnið ekki fengið samþykki Þjóðminjaráðs sem nú heitir Safnaráð. Þetta var nauðsynlegt, ef reyna ætti að fá styrkveitingu frá Þjóðminjaráði (Safnaráði). Í þessa vinnu fór mikill tími. Þetta hélt síðan áfram skref fyrir skref og að því kom að við vorum með hreint borð hvað pappírsmál snerti og síðan kom að tegundaflokka allt safnið, forverja og svo framvegis.



Elín á Heimilisiðnaðarsafninu með uppsetta gamla þjóðbúninga allt um kring.

Átti að pakka saman eða...?

Þá kom upp spurningin, áttum við að halda áfram með þetta og fylgja þeirri safnaþróun sem rekin var í landinu og var í mikilli upp-sveiflu? Eða áttum við að hafa þetta í kyrrstöðu? Í raun var þó ekki hægt að hafa þetta í þessari kyrrstöðu því nauðsynlegt var að finna annað húsnaði. Það var því ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að pakka saman eða halda áfram.

Það var því komin upp sú staða að reyna að finna annað húsnaði. Ríkið átti þá húsið sem safnið var í að 75% hluta, en héraðið 25% og það fylgdi kvennaskólahúsnaðinu. Það var mjög auðvelt að fá samþykki héraðsnefndar fyrir afsali

á sínum 25% hluta, en öllu tímafrekara að fá afgreiðslu í gegnum ríkið. Þó tókst okkur að ná lóð til viðbótar sem verkaði mjög hvetjandi þegar farið var að tala um að stækka þetta hús og vera áfram á þessu svæði. Eftir að við höfðum ráðfært okkur við ýmsa fagaðila var ákveðið að byggja þarna hús.

Þurfti að finna fjármagn í byggingu safnsins

Ég var í forsvari fyrir þessari byggingu sem formaður stjórnar og sett í það að leita að peningum til að fjármagna bygginguna. Það var vissulega heilmikil vinna og ábyrgð. Fyrsta skóflustungan að nýja húsinu var tekin haustið 2001. Húsið

var svo vígt og sýningar opnaðar við hátíðlega athöfn vorið 2003 og var Tómas Ingi Olrich, þáverandi menntamálaráðherra, fenginn til að opna húsið formlega. Var húsið síðan orðið skuldlaust fyrir tæpum tveimur árum.“

Halldórustofa

Nú er Heimilisiðnaðarsafnið í nýbyggingunni. Þegar safnið var upphaflega stofnað 1976 gaf Halldóra Bjarnadóttir safninu síðasta innbú sitt. Hún hafði

þá um nokkurra ára skeið dvalist á Héraðshælinu á Blönduósi, sem heitir nú Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi. Þar hafði hún haft tvö lítil herbergi til afnota, en þegar hún lagðist á sjúkradeildina um þetta leyti gaf hún það síðasta sem hún hafði haft í kringum sig.

Þetta innbú hennar var sett í innra herbergi þessa gamla safnhúss og var kallað Halldórustofa sem er deild innan safnsins.

Halldóra hafði haldið mjög miklu til haga, en hún hafði ferðast víða bæði innanlands og utan. Safnaði hún gríðarlega miklu af allskyns vefnaðar- og þrjónlesprufum. Þá gaf Halldóra á sínum tíma Búnaðarfélagi Íslands valda muni, sem stillt var upp í sýningarlugga fyrir framan skrifstofur Bændasamtakanna. Þetta voru m.a. upphlutur, peysuföt og skautbúningur af Halldóru og margt fleira. Þessa muni afhentu Bændasamtök Íslands safninu á Blönduósi til varðveislu við vígslu nýja safnhússins. Efri hæð gamla hússins er nú helguð ævi og störfum Halldóru Bjarnadóttur.

Hróður safnsins berst víða

Í safninu hefur verið komið fyrir aðskildum sýningum á safnmunum. Þá er íslensku textíllistafólki boðið að setja upp einkasýningu í safninu á hverju sumri. Hafa þessar sýningar vakið mikla athygli og umfjöllun. Safnið er nú eina sérhæfða textílsafnið á landinu



Elín í vinnunni sinni á Heimilisiðnaðarsafninu

og hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana. Húnavetningar með Ísfirðinginn Elínu í forsvari geta því örugglega litið stoltir um öxl yfir þeirri þrautseigju að hafa haldið þessum áformum um Heimilisíðnaðarsafn til streitu.



Torfalækur.

„Stóra“ húsnæðið sprungið

Reyndar segir Elín að fólk sé farið að senda til safnsins muni vítt og



Elín og Guðrún Jónsdóttir arkitekt safnhússins.

breitt af landinu. Hefur Elín orðið að afpakka gjafir til safnsins vegna plássleysis og kostnaðar sem er því samfara að geyma slíka muni. Má segja að safnið sé búið að sprengja utan af sér húsnæðið.

„Ég hefði viljað komast lengra með bygginguna á sínum tíma og hafa meira geymslupláss, en það tókst ekki. Mönnum þótti þetta bara alveg nógu stórt.“

Elín segist þó sammála því að sjálft safnhúsið sé nógu stórt. Að hennar álitu sé ágætt að safn sé ekki stærra en svo að safngestir geti komist auðveldlega yfir að skoða sýningarnar án þess að það taki allan daginn. Þá er einnig reynt að skipta út safnmunum þannig að

safngesturinn gangi að því vísu að fyrir utan einkasýninguna sé alltaf eitthvað öðruvísi eða nýtt að sjá. Hún segir að vandi allra safna sé hinsvegar geymslumálin.

Refsað fyrir aðhaldssemina

Í dag er Elín allt í öllu í safninu ef svo má segja. Hún sér um bókhald, heldur utan um sýningahald og skúrar, skipuleggur skólaheimsóknir, sýnir safnið, o.m.fl.. Á sumrin er stúlka í fullu starfi og vel það en Elín sér um afleysingar og hleypur inn þegar mikið er umleikis.

Rekstur safnsins hefur gengið nokkuð vel en stundum er sparsamin ekki dyggð, segir Elín, því þá er hætta á að lenda í hálfgerðum vítahring hvað varðar opinberar fjárveitingar. Elín þakkar þó uppbyggingu safnsins ekki síst því hvað hún hefur verið heppin með samstarfsfólk í stjórn safnsins. „Þetta

hefur verið mjög gott fólk sem hefur stutt einstaklega vel við bakið á mér.“

Ótrúlega merkilegt starf

Án efa má því segja að það, sem Elín og konurnar í Austur - Húnavatnssýslu hafa verið að gera með því að safna saman og varðveita handverk, sé ótrúlega

merkilegt. Einkum fyrir þær sakir að handverkið, saumskapurinn og þrjónlesið sem þar er að finna, þótti á þeim tíma sjálfsagt að væri unnið á heimilum. Hafði fólk þetta því fyrir augunum alla daga. Ef viðkomandi hlutur var ekki þeim mun dýrmætari og merkilegri, þá hugsuðu margir sem svo að það hlytu allir að eiga svona og því engin ástæða til að arða upp á það sem hætt var að nota.

Tæknin ruddi því gamla úr vegi

Tæknivæðingin, gerviefnin og aukin velmegun, ýttu enn frekar undir þetta. Nýmóðins efni og tækni ruddu því gamla úr vegi. Fljótlega þótti ekki borga sig að þrjóna eða sauma flikur heima og allt var keypt út úr búð. Því er í raun einstakt að konunum hafi auðnast að halda upp á muni sem voru unnir með svo „gamaldags“



Eric Clapton og Elín. Söngvarinn frægi hefur heimsótt þau hjón í tvígang með vini sínum og var bara ósköp þægilegur og venjulegur maður að sögn Elínar.



Nýárskoss 2006.

tækni og úr svo „gamaldags, eða úreלטum“ efnum að slíkt er hvergi lengur að finna.

„Bara þegar ég var ung með mín elstu börn, þá saumaði ég nánast allt á þau. Það þótti bara sjálfsagt mál. Það saumuðu allir allt á fólkið sitt. Ég saumaði meira að segja vinnubuxur, vinnuskyrtur og annað á Jóhannes. Það voru ekki keyptar tilbúna flíkur, því það var svo miklu dýrara heldur en að sauma en það var heldur ekki verið að reikna sér laun við þessa vinnu.

Í þá daga þótti frábært þegar börnin okkar eignuðust tilbúin föt eins og úlpur eða annað sem keypt var í búð. Ég man eftir einni vinkonu minni sem var mjög lagin í höndunum, hún átti það til að spretta vörumerki af einhverri verksmiðjuframleiddri flík og sauma það innan á strenginn á buxunum eða pilsinu sem hún saumaði sjálf. Þannig sýndist flíkin vera há móðins og keypt út úr búð.“

Handverkið öðlast virðingu á ný

Próunin hefur síðan orðið sú að farið er að meta tímann til verðs meira en áður var gert og því borgar sig alls ekki lengur að sauma fötin heima. Allt virðist þó

eiga sinn vitjunartíma og segja má að tískan og afstaða fólks hafi farið í hring, eða öllu heldur snúist upp í andhverfu sína. Segir Elín að fólk sé á nýjan leik að upplifa ánægjuna af því að fá í hendur handunnar og heimagerðar flíkur. Þá heitir það ekki að fólk sé heima að sauma, heldur er það kallað hönnun og handunnin vara sem jafna má við list. Því er það verksmiðjuframleiðslan sem er orðin hversdagsleg, en handverkið að öðlast á ný þá virðingu sem það á skilið.

Lognið fyrir vestan

Þrátt fyrir miklar annir þá held-



Á góðri stundu í Heimilisiðnaðarsafninu. Auður Hagalín og Elín.

ur Elín enn tryggð við fæðingarbæ sinn og fer þangað þegar tækifæri gefast.

„Mér finnst svo gott að koma vestur. Það er þetta vestfirska loft og lognið í firðinum sem ég er búin að reyna að heilapvo Jóhannes með.“ - Hér grípur Jóhannes inn í samræðurnar: „Svo heyrir maður að það sé ekki flogið vikum saman,“ segir hann og hlær. - „Já, en hér fyrir norðan er alltaf þessi næðingur,“ bætir Elín við brosandi og lætur greinilega hvorki Jóhannes né aðra eiga neitt inni hjá sér.

Óskaplega er himinn stór

Jóhannes nefnir gott dæmi um hvernig Ísfirðingar, sem aldrei eru upp í faðmi fjalla blárra, skynja umhverfið sitt með allt öðrum hætti en t.d. íbúar í Húnavatnssýslu, þar sem afar vítt er milli fjalla.

Eitt sinn var Sunnukórinn á söngferðalagi í rútu norður í land, en í hópnum var Sigríður Þórðardóttir, frænka Elínar. Sigga hringdi í Elínu úr rúttunni og sagði að þau væru að fara framhjá Torfalæk. Elín spurði þá, hvort þau ætluðu ekki að koma við á Torfalæk – „Ertu vitlaus,“ sagði Sigga þá. „Við erum í rútu.“ – „Eins og rútan geti ekki komið við,“ sagði Elín og þar með var málið afgreitt. Rútan ók í hlað og Sunnukórsfélagar stigu út og tóku lagið fyrir hjónin á Torfalæk. Eftir að hafa þegið smá guðaveigar úti á hlaði á Torfalæk snýr einn kórfélaganna, Gullí Jónasar í Bókhöldunni, sér að Elínu og segir þessa gullvægu setningu: – „Ella, mikið óskaplega er himinn stór hérna.“

Með þessari sögu þótti ritstjóra Vestanpóstsins nóg efni komið í sarpinn til að hnoða úr „örstutt“ spjall við brottfluttan Ísfirðing. Var líka orðið áliðið dags og drjúg ökuferð fyrir höndum til höfuðborgarinnar. Það var því ekki annað að gera en að kveðja þessi heiðurshjón og þakka fyrir veitingar, þar sem borð svignuðu hreinlega undan kræsingum. Kannski mest við hæfi að segja: „Ella og Jóhannes, takk fyrir notalegar móttökur, æðislega eplaköku og allar pönnukökurnar.“

Norsk-íslenski Ísfirðingurinn Kalli Petter hélt upp á sextugsafmælið í Búlgaríu:

Býður Ísfirðingum að kynnast Velingrad í gegnum ferðapjónustuna Wilberger Tour

Á síðastliðnu hausti, bárust Ísfirðingafélaginu nokkur bréf sem rituð voru af löngu brott fluttum Ísfirðing. Trúlega muna einhverjir samt enn eftir þessum manni undir nafninu Kalli Petter. Undir bréfin skrifar hann Calli Petter, en opinberlega kallar hann sig Carl Wilberg í dag. Ástæða bréfaskriftanna var að hann vildi gjarnan endurnýja kynni sín af Ísfirðingum og fá þá til upplifa unað Búlgaríu þar sem hann hefur búið um hríð. Hann hélt upp á sextugsafmæli sitt þann 12. mars 2006 í bænum Velingrad í Búlgaríu þar sem hann hefur dvalist undanfarin ár.

Carl Petter er sonur Norðmannsins Wilbergs og Ísfirðingsins Lóu Konn, dóttur Konna á Vitanum. Sumir muna helst eftir Kalla sem miklum fiktrassi og prakkara. Síðan hann fór frá Ísafirði ungur að árum hefur lítið af honum heyrst, en víst er að hann hefur marga fjöruna sopið á sínum ferli eins og greina má af hans bréfum og lífið hefur ekki alltaf verið dans á rósum. Hann hefur þó alla tíð verið talin dugandi starfskraftur. „Ég hafði orð fyrir að vera ólatur og heiðarlegur perfeksjónisti,” eins og hann segir sjálfur í einu bréfa sinna sem hann handskrifaði Guðfinni Kjartanssyni, prímusmótor Ísfirðingafélagsins til margra ára. Hann sagðist ekkert vera að rembast við að gera slíkar bréfaskriftir fagmannlega, enda væri hann „enginn skrifstofumaður og of fávita um nútíma sambands-tækni.”

Fjölskylda Kalla Petters flutti til Reykjavíkur og bjó þar í Hlíðunum. Vegna væntumþykju um Ísafjörð sagðist Kalli hafa verið síðastur úr sinni fjölskyldu til að yfirgefa staðinn. Einhverjir muna eflaust eftir því er hann, rétt komin yfir unglingsárin, lagðist út og bjó þá um tíma í gömlu sumarþáttarræksni við Seljalandsána rétt neðan við Skíðavegin.

Kalli Petter hefur lengst af búið í Noregi eftir að hann fór af landi



Kalli Petter ásamt ónefndri búlgarskri yngismær.

brott og starfað þar í hótélbransanum. Þó hann væri ekki skólagenginn sem veitingamaður, þá var hann eigi að síður gerður að yfirþjóni eftir 1 ár í starfi þá 23 ára að aldri. Í framhaldinu varð hann svo kokkur og yfirkokkur í mörg ár á helstu fjallahótélum Noregs. Hann segir að hann hafi alltaf passað upp á að vera trúr sínum vinnuveitendum enda hafi faðir hans innprentað honum þá hugsun frá blautu barnsbeini. „Því hef ég aldrei gleymt,” segir Kalli Petter.

Wilberger Tour

Karl Petter flutti til Búlgaríu fyrir þrem árum, þá kominn á eftirlaun. Segist hann hafa séð að mun þægilegra væri að komast af á eftirlaunum í Búlgaríu en Noregi. Honum leiddist hins vegar að vera aðgerðarlaus og ákvað að setja þar á fót ferðapjónustu sem hann kallar Wilberger Tour, en sjálfur kallar hann sig þar norska Íslendinginn Carl Wilberg. Upplýsingar um þessa starfsemi má finna á vefsíðunni [www.http://geocities.com/wilbergtour/](http://www.geocities.com/wilbergtour/)

Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Wilberger

Tour, þá er þessi starfsemi einhvers staðar á milli ferðapjónustu og sjálfshjálparmiðstöðvar. Er henni ætlað að mæta þörfum stressaðra, einmana, þunglyndra og afskiptalítilla vesturlandabúa.

Wilberg Tour leggur áherslu á einstaklinginn í viðleitni til að leysa þeirra vandamál undir kjörorðunum; „aðeins þú getur stjórnað því sem að höndum ber”. Hið liðna er liðið segir síðan á heimasíðunni og að það sért þú sem ákveðir í samstarfi við Wilberger Tour hvernig þú viljir nýta tímann. Bent er á að fjöldatúrismi sé kannski ekki heppilegasta leiðin til að komast út úr stressinu. Í Búlgaríu geti menn fengið bestu verð sem völ er á í Evrópu. Í meðferð hjá Wilberg Tour verði menn aldrei einmana. Meðferðin byggist á einföldum hlutum; gönguferðum og því að njóta náttúrunnar. Þá er einnig boðið upp á skoðunarferðir með leiðsögn að óskum viðskiptavina.

Ekki þurfi að kvarta yfir loftslaginu segir í kynningunni, enda sé það eitt hið besta í allri Evrópu með yfir 200 sólskinsdaga á ári, lítill rigning og lítið um vind. Ekki þurfi heldur að kvarta yfir verðlaginu.

Þetta vill Kalli Petter, öðru nafni Carl Wilberg, að Ísfirðingar fái að upplifa. Geta menn þá eins og fyrr segir sett sig í samband við Wilberger Tour í gegnum netsíðuna [www.http://geocities.com/wilbergtour/](http://www.geocities.com/wilbergtour/).



Frá Velingrad í Búlgaríu sem Kalli Petter hefur mikið dálæti á.

Reykjanes við Djúp

sími 456 4844
rnes@rnes.is
www.rnes.is
<<http://www.rnes.is/>>

Opið allt árið,
gisting, veitingar
og sundlaug.
Hjartnæmt og gott
fyrir sál og líkama.

Harðfiskur frá Ísafirði

Sendi
í póst-
kröfu
um allt
land.

Litið inn
eða hringið

Sími í fiskverkun 456 3250



Fiskverkun Finnboga J. Jónassonar
Túngötu 7 • 400 Ísafirði • ☎ 456 3250, 456 3705 & 854 2432



Íslandspóstur hf

Hafnarstræti 9–13 • 400 Ísafjörður

BÍLALEIGA • DANMÖRK
International Car Rental ApS.

Ódýrir toll- og skattfrjálsir bílaleigubílar
Útvegum sumarhús frá DanCenter a.s.
Bjóðum einnig orlofshverfi og bændagistingu
Fáið sendan verðlista ☎ **456 3745**



Ísafjarðarbíó

J.O.V. – Föt



**HRAÐFRYSTIHÚSIÐ
GUNNVÖR HF.
ÍSAFIRÐI**

Úr myndaalbúmi Alberts Ingibjartssonar



Gamli knattspyrnuvöllurinn á milli Eyrargötu og Grundar á Ísafirði. Myndin er tekin af þaki Íshúsfélags Ísfirðinga í átt að Túngötu. Þessi mynd er líklega af vináttuleik Íslandsmeistara Fram og ÍBÍ sumarið 1947. Fram hafði þá verið Íslandsmeistari árið áður.



Lið ÍBÍ og FRAM. Leikmenn ÍBÍ í Harðarbúningum aftari röð frá vinstri: Níels Guðmundsson, Guðmundur Benediktsson, Benedikt Guðmundsson, Haukur Benediktsson, Guðmundur L. Þ. Guðmundsson, Magnús Guðjónsson, Friðrik Vilhjálmsson og Sveinn Elíasson.

Fremri röð frá vinstri: Halldór Sveinbjörnsson, Guðmundur Hermannsson og Högni Þórðarson. – Ókunnugt er um nöfn Framara.

VESTRI 1. flokkur. Vestfjarðarmeistarar 1944

Fremri röð frá vinstri: Guðmundur Ingibjartsson, Benedikt Guðmundsson, Guðmundur J. Sigurðsson, Friðrik Vilhjálmsson og Loftur Magnússon.

Aftari röð frá vinstri: Einar Ingi Sigurðsson, Matthías Jónsson, Halldór Sveinbjörnsson, Þorsteinn Löve, Magnús Guðjónsson og Jónas Magnússon.



*Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska
Ísafirðingum farsældar á nýja árinu*

Krosshamar ehf.

Fjarðarstræti 17, 400 Ísafirði, símar: 456 4361 og 893 8062

H.V. Umboðsverslun ehf.

Suðurgötu 9, 400 Ísafirði, sími: 456 4666

Groms ehf.

Seljalandsvegi 36, 400 Ísafirði, símar: 456 5450 og 894 2526

Útgerðarfélagið Ós ehf.

Hjallastræti 19, 415 Bolungarvík

Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyri ehf.

Túngata 1, 430 Suðureyri, sími: 863 9003

Glaður ehf.

Traðarstíg 1, 415 Bolungarvík, sími: 456 7137



Ölgerðin
Egill Skallagrímsson ehf.
Grjóthálsi 7–11, 110 Reykjavík

Klofningur ehf.

Aðalgata 59, 430 Suðureyri, sími: 456 6293

Berti G. ehf.

Eyrargötu 4, 430 Suðureyri, sími: 456 6196

Fiskmarkaður Flateyrar ehf.

Hafnarbakka, 425 Flateyri, sími: 456 7818
Ívar Kristjánsson og Hjörtur Hinriksson



Menntaskólinn á Ísafirði

Torfnesi • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4400
Pósthólf 97 • 400 Ísafjörður • Fax: 450 4419



Hafnargötu 16 • Grindavík • Sími: 420 5700

Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur

Hafnargötu 37 • 415 Bolungarvík • Sími: 456 7108

Jakob Valgeir ehf.

Grundarstíg 5 • 415 Bolungarvík • Sími: 456 7584

Golan ehf.

Eyrarvegi 1 • 430 Suðureyri • Sími: 892 7733

Flugalda ehf.

Hjallavegi 14 • 430 Suðureyri • Sími: 853 7774

Vörður Íslandstrygging hf.

Hafnargötu 8 • 415 Bolungarvík • Sími: 456 7348

Morgunblaðið

Naust Marine í Garðabæ rekið af ísfirskri þrautseigju

– þar er Ásgeir Erling Gunnarsson við stjórnvölinn og er með tvo aðrar Ísafjarðarpúka í vinnu

Viðtal: Hörður Kristjánsson.

Brottflutta Ísfirðinga er víða að finna á Íslandi sem og erlendis. Þótt sumir hafi orðið áberandi í þjóðfélaginu eins og forseti vor og fleiri, þá eru samt margir sem láta fara minna fyrir sér þó þeir séu að gera það gott. Einn þeirra er Ásgeir Erling Gunnarsson sem er nú framkvæmdastjóri og einn af eigendum fyrirtækisins Naust Marine í Garðabæ. Vestanpóstinum þótti við hæfi að grennslast frekar um hagi Ásgeirs og fór því á stúfana og leit inn í fyrirtæki hans einn góðan veðurdag í október síðastliðnum.

Naust Marine hf. var stofnað árið 1993 með það markmið að þróa og markaðssetja búnað fyrir sjávarútveg og annan iðnað. Naust Marine hefur til þessa verið alfar- ið í eigu nokkurra starfsmanna, en í haust var gengið frá kaupum Slippsins á Akureyri á ráðandi hlut í fyrirtækinu. Inni í fyrirtækjahópi Slippsins eru m.a. DNG og bátasmiðjan Seigla.

Aðalverkefni Naust Marine hefur verið sjálfvirkt togvindukerfi, sem hafði verið í þróun frá því árið 1979. Þetta kerfi var seinna nefnt ATW CatchControl (ATW stendur fyrir Automatic Trawl Winch) og er í notkun í fjölda skipa, bæði íslenskra og erlendra, og þá gjarnan kallað Autotroll.

Flutti 1 árs til Ísafjarðar

Ásgeir Erling Gunnarsson er fæddur þann 20. mars árið 1947. „Ég man aldrei eftir mér annarsstaðar en á Ísafirði, en þangað flutti ég þegar ég var eins árs gamall, en ég er fæddur að Bæjum á Snæfjallaströnd. Eftir því sem mér skilst þá er ég síðasti afkomandi okkar fjölskyldu sem fæddist þar. Nú er búið að fjarlægja bæjarhúsin.

Í föðurætt á ég ættir að rekja inn um allt Djúp, í Mjóafjörð og



Ásgeir Erling Gunnarsson, framkvæmdastjóri Naust Marine í Garðabæ. Mynd HKr.

víðar. Það má því segja að ég sé Djúpmaður að upplagi, en alinn upp á Ísafirði.

Foreldrar mínir eru Gunnar Ásgeirsson frá Galtarhrygg í Mjóafirði, sem var bóndi og sjómaður eins og algengt var við Djúp á árum áður. Á Ísafjarðarárunum starfaði hann mest sem húsgagna-

bólstrari og byrjaði í því starfi hjá bróður sínum, Sigurði Ásgeirssyni, í Silfurgötunni á Ísafirði. Móðir mín var frá Bæjum og hét María Rebekka Sigurðardóttir.”

Náði í konuna handan götunnar

Eiginkona Ásgeirs Erlings er



„Svona rekstur er í eðli sínu flókin og það þarf ákveðna lágmarks stærð til að græða á þessu. En þetta er það sem Íslendingar kunna best og ég skil ekki af hverju þessir djörfu ungu fjárfestar þora ekki í þetta.” Mynd HKr.

Ísfirðingurinn Lilja Guðrún Steinsdóttir. „Það var ekki langt hjá mér að sækja hana, því hún var alin upp á móti mér í Tangagötunni, en er að vísu ári yngri. Við eigum fjögur börn, Róbert er elstur og er kvæntur Valborgu Konráðsdóttur (dóttir Konna Eggerts og Önnu) og eiga þau 3 börn Kristófer, Lilju Guðrúnu og Arnald, næst elstur er Ásgeir Hjörtur sem er í sambúð með Maríu K. Sigurðardóttur og er



Ásgeir Erling í Silfurgötunni á Ísafirði á hjóli af Möve gerð.



Vinir frá barnæsku og halda enn saman, Dený (Birgir Úlfsson) og Ásgeir Erling í útilegu, örlítið yngri en þeir eru nú.

skólanum á Akureyri. Við kláruðum Menntaskólann en síðan lá leiðin hjá mér í viðskiptadeildina í Háskóla Íslands. Að námi loknu fór ég til starfa sem bæjarritari á Akranesi, síðan á Ísafjörð og þaðan fór ég til starfa hingað í Garðabæinn.

Það er heldur ekki hægt að sleppa því að minnst á tónlistarskólann hjá Ragnari H. Ragnar því það var einstakt tækifæri að fá að læra á hljóðfæri á þessum tíma og tónlistin hefur alltaf verið stór partur af lífi mínu

síðan. Ég var í píanótímum hjá Bettý Kristjáns og Ragnari í 4 vetur en þá tók rokkið og Bítlarnir völdin. Spilaði með Baldri Geirmunds á gítar á sumrin og í fríum í nokkur



Ásgeir Erling árið 1957 þá 10 ára gamall.



Hér er Ásgeir Erling efstur fyrir miðju í hljómsveitinni BG og Arní. Fyrir neðan hann á myndinni til vinstri er Gunnar Hólm, þá Samúel Einarsson, Arní Sigurðsson, Karl Geirmundsson og Baldur Geirmundsson.

dóttir þeirra María Arna Björg, þá Árný Elínborg og yngstur Sigurður Steinar. Fyrir hjónaband átti Ásgeir Erling 1 barn, Gunnar Sverri sem er kvæntur Agnesi Ólafsdóttur og eiga þau 2 syni Ólaf Sverri og Sigurð Sverri.

Ég var einn af þeim sem átti þess kost að fara í svokallaða menntaskóladeild í Gagnfræðaskólanum, löngu fyrir daga menntaskólans. Ég hafði mjög gaman af því, en við vorum sex í bekknum. Það var síðan undirbúið að við færum í framhaldsnám í Mennta-



Gunnar Ásgeirsson heilsar skátanum Birgi Úlfssyni og Ásgeir Erling er fyrir miðri mynd.



Ísafjarðarpúkarnir í Naust Marine. Talið frá vinstri; Birgir Úlfsson (Dený) sölumaður, Ingvar Ágústsson rafvirki og Ásgeir Erling framkvæmdastjóri. Mynd HKr.

ár (reyndar meira bossanova og latin músík en rokk) og síðar með ÖX og Villa Valla. En ég er enn með tónlistarkennsluna hjá Ragnari H. í blóðinu og hef gaman af að fást við músík í frístundum. Undanfarið höfum við Stefán Finnsson (Finns í Finnsbúð) sem einnig var í tónlistarskólanum hjá Ragnari H. verið að semja saman lög og texta og fáum báðir helling út úr því.

Aftur til Ísafjarðar

Á Akranesi gegndi Ásgeir Erling starfi bæjarritara um 5 ára skeið. Þá gerist það einn daginn að hann fékk hringingu upp úr þurru frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga og var þar um að ræða tilboð um starf sem hagfræðingur hjá sambandinu í eitt ár. Ásgeir sló til, en það teygðist heldur betur úr þessu ári og Ásgeir átti eftir að koma víða við sögu í atvinnulífinu á Ísafirði, m.a. í Pólnum og á fleiri stöðum.

„Það var nú bara þannig að þegar maður var kominn á staðinn þá fóru að tengjast ýmsir þræðir að nýju frá skólaárunum sem höfðu verið orðnir frekar laustengdir eftir fjarvistina frá Ísafirði. Við fórum því ekkert aftur fyrr en eftir 13 ár. Þá fór ég að vinna hjá Rafboða sem þá var og hef svo verið hér síðan.

Þegar við Lilja fluttum hingað suður fundum við okkur raðhús í Mosfellsbæ og áttum þar góð 16 ár og þar klárðu börnin grunnskólan. Í árslok 2005 fluttum við svo í Bryggjuhverfið í Grafarvogi og unum okkur vel við „Pollinn okkar“ sem óneitanlega minnir okkur á Ísafjörð. Við eigum samt enn sumarhús á Ísafirði. Þannig að það er ekki mikið mál að „skreppa vestur“.

Við hjá Naust Marine höfum verið að reyna að baksa við að láta þetta vaxa, en við höfum horft á mikið af starfsemi af svipuðum toga, sem hefur ýmist lognast útaf eða horfið úr landi. Menn hafa hreinlega gefist upp á að standa í þessu, því það fylgir því mikil átök að halda svona starfsemi gangandi í samkeppni við erlend fyrirtæki. Svona rekstur er í eðli sínu flókinn og það þarf ákveðna lágmarks stærð til að græða á þessu. En þetta er það sem Íslendingar kunna best og ég skil ekki af hverju þessir



Hjónin Lilja Guðrún Steinsdóttir og Ásgeir Erling Gunnarsson.

djörfu ungu fjárfestar þora ekki í þetta.

Hér höfum við verið að fara í gegnum smíðaverkefni sem eru kannski mörgum sinnum stærri en höfuðstóllinn hjá okkur. Það hefur stundum verið erfitt, en byggir á því að bankinn hafi tiltrú á því sem við erum að gera og sé tilbúinn að lána og fjármagna verkefnið. Það hefur gengið ágætlega núna í seinni tíð.

Byrjaði í kringum Stárvík

Þetta byrjaði uppúr starfsemi sem var í kringum skipasmíða-

stöðina Stárvík hér í Garðabæ. Undirverktakar komu sér fyrir hér í kringum Stárvík, m.a. þetta fyrirtæki, sem þá hét Rafboði, og rak hér rafmagnsverkstæði,“ segir Ásgeir Erling Gunnarsson sem er framkvæmdastjóri og einn af eigendum fyrirtækisins í dag.

Við þetta bættist svo sala á ýmiskonar iðnstýribúnaði þegar Naust Marine keypti iðnstýrideild Tæknivals árið 1999.

Árið 2002 sameinaðist Naust Marine síðan tæknifyrirtækinu Logic sem var sérhæft fyrirtæki í sjálfvirknilausnum fyrir iðnfyrirtæki.



Lilja og Ásgeir Erling með Jónu Kristínu systur Erlings og dóttur hennar Janne.



Hjónin Valborg Konráðsdóttir og Róbert Ásgeirsson.



Ásgeir Hjörtur Ásgeirsson og María K. Sigurðardóttir.

Velta Naust Marine hf. hefur verið um 200 milljónir á ári undanfarin ár. Ásgeir Erling bjóst við að veltan tvöfaldist á nýliðnu ári og verði um 400 milljónir króna. Skýrist það einkum af verkefnum vegna skipasmíða í Taiwan.



Árný Elínborg Ásgeirsdóttir.

Þrír Ísfirðingar

Naust Marine er til húsa að Skeiðarási 3 í Garðabæ þar sem það hefur verið frá upphafi. Starfsmenn eru nú 9, allir með langa reynslu að baki hver á sínu sviði.

“Við erum hér þrír Ísfirðingarnir og þykir sumum nóg um svo stórt hlutfall Ísfirðinga í starfslíðinu. Þetta eru Birgir Úlfsson (sonur Úlfs læknis) sem er sölumaður og Ingvar Ágústsson (sonur Gústa Haraldssonar og Stellu

Ingvarsdóttur), en hann starfar sem rafvirkir.”

Ritstjóri Vestanpóstsins hitti á þá félagi við þetta tækifæri og voru þeir að vonum hinir hressustu. Birgir er síbrosandi og kátur, en hann hafði áður verið sölumaður í Reykjavík fyrir vogir sem Pólstækni seldi. Hann flutti sig um set eftir að fyrirtækið fór í prot og stofnað hafði verið fyrirtækið Eltak 1991 um sölustarfsemina í Reykjavík. Það fyrirtæki er nú rekið af Jónasi Ágústssyni og félagi hans.

Ingvar var líka tengdur Pólnum á sínum tíma eins og Ásgeir Erling og Birgir. Hann setur saman stýribúnaðinn sem Naust Marine framleiðir og fylgir honum eftir til kaupenda sem flestir eru erlendis. Þar hefur

hann umsjón með uppsetningu og segist nánast vera eins og jó-jó í flugvélum fram og til baka. Lætur nærri að hann hoppi upp í flugvél að jafnaði einu sinni í viku.

Góð ending

„Fyrsti Autotroll rafmagnsvindubúnaðurinn var settur um borð í íslensk fiskiskip árið 1982,” segir Ásgeir Erling. „Það voru gamla Guðbjörgin frá Ísafirði og Ottó N. Þorláksson frá Reykjavík. Fyrsti rafmagnsvindupakkinn sem settur var um borð í skip hjá Stálvík var settur niður af ABB í Þýskalandi fyrir rúmum 20 árum og hefur reynst vel. Nýbúið er að endurnýja þann búnað í fyrsta sinn og sem dæmi voru sömu rafmótorarnir notaðir áfram. Það yfirfærðist síðan yfir á þetta fyrirtæki hér að halda áfram þessu verkefni ABB og á endanum varð þetta að þróunarverkefni okkar fyrirtækis. Autotrollkerfi hefur síðan verið okkar aðalsöluvara, einkum fyrir stærri togara.

Við erum búnir að selja gríðarlega af þessu um borð í íslenska flotann, nánast eins og hægt er að koma þar fyrir. Í rafmagnsspilum erum við með nærri 100% markaðshlutdeild. Síðan er þetta svolítið misjafnt eftir löndum hvernig þetta skiptist milli glussadrifins búnaðar sem Norðmenn hafa einkum verið að selja og rafmagnsdrifins búnaðar frá okkur. Við höfum átt mjög góða innkomu þar sem menn hafa verið að nota rafmagnsspil eins og í Þýskalandi, á Spáni og víðar.“

Byggir nær eingöngu í útflutningi

Ásgeir Erling segir að Naust Marine hafi nær eingöngu verið að sinna verkefnum fyrir íslenskar



Sigurður Steinar Ásgeirsson með pabba „gamla” á sjónum.

útgerðir fram til ársins 2000. Þá hafi botninn dottið úr endurnýjun íslenska fiskiskipaflotans. „Síðan höfum við nær eingöngu lifað á útflutningi, þar til við fórum í samstarfi við skipasmíðastöð í Taiwan sem er nú að smíða skip fyrir Íslendinga.“

Samstarf hófst árið 2004 milli Ching Fu skipasmíðastöðvarinnar í Taiwan og Naust Marine. Þetta samstarf hefur nú skilað því að Naust Marine getur boðið togskip á mjög hagstæðu verði þar sem leitast er við að ná fram sem mestri hagkvæmni í rekstri m.a.

með notkun á rafmagnsvindum, bæði togvindum og hjálparvindum um borð. Nú er m.a. verið að ljúka smíði á 81 metra skelveiðiskipi í eigu Clearwater Seafoods í Kanada. Þá er einnig verið að smíða þrjú um 29 metra fiskiskip fyrir tvær útgerðir hér á landi. Þar er annars vegar um að ræða tvö fjölveiðiskip fyrir Skinney/Þinganes á Höfn í Hornafirði og eitt togskip fyrir útgerðina Ingimund í Reykjavík. Öll þessi skip eru hönnuð hérlandis af Skipasýn og verða með togvindubúnað frá Naust Marine.

Gott orðspor

„Það tók okkur tvö til þrjú ár að koma okkur fyrir á erlendum mörkuðum. Nú erum við með viðskiptavinum í Bandaríkjunum, Taiwan og við höfum talsvert verið að vinna fyrir Hollendinga. Einnig fyrir Sjólaskip sem er með 9 stóra togara að veiðum við Afríku. Sömu leiðis höfum við mikið verið að vinna fyrir rússneskar útgerðir. Það er fyrst og fremst gott orðspor sem skilað hefur okkur þetta langt.“

Þá má nefna breskt hafrannsóknaskip og hafrannsóknaskipið Bjarna Sæmundsson. Einnig Árna



Höfuðstöðvar Naust Marine í Garðabæ.

Friðriksson, sem bæði er með vindubúnað frá Naust Marine, hliðarskrúfur, rafstöðvar og aflstýribúnað. Skrufubúnaðurinn er líka svokallaður „Diesel-Electric“ búnaður þar sem rafmótorar snúa skrufunni. Naust Marine horfir nú til þess að þróa slíkan búnað frekar og þá líka í hraðfiskibáta.

Útrás til Bandaríkjanna

Ásgeir nefnir einnig útrás til Bandaríkjanna sem hófst síðastliðið sumar. Þar setti fyrirtækið upp ATW-kerfi og tvær Ibersica togvindur um borð í togveiðiskipið

Bristol Explorer sem stundar veiðar við Alaska. Ísetningin fór fram í hafnarborginni Seattle. Útgerðin leitaði til Naust Marine vegna þess að þörf var á búnaði, sem byggður var fyrir erfiðar aðstæður og góð reynsla var af. Þar eins og víðar völdu menn rafvindubúnað fremur en glussadrifinn búnað vegna mun betri orkunýtingar, áreiðanleika og endingar. Ásamt autotroll kerfinu gerði Naust Marine breytingar á skipinu til að draga úr eldsneytiseyðslu. „Við teljum okkur eiga mikið erindi á þessar slóðir og þarna eru í undirbúningi fleiri verkefni.“

Spilin sjálf hefur Naust Marin keypt frá Ibersica í Vigo á Spáni. Mótorar og drifbúnaður hafa komið frá ABB í Þýskalandi, en þó í meira mæli upp á síðkastið frá Ansaldo á Ítalíu. Stjórnubúnaðurinn fyrir autotroll stýringuna er síðan alfarið hannaður af Naust Marine og settur saman í Garðabænum. Ásgeir Erling segir að stjórnubúnaðurinn sé um 20% af verðmæti heildarvinnubúnaðarins. Til viðbótar rafmagnsvindubúnaði hefur Naust Marin þróað aflmiðlunarkerfi til að spara orku í skipum.



Þetta byrjaði uppúr starfsemi sem var í kringum skipasmíðastöðina Stálvík hér í Garðabæ. Undirverktakar komu sér fyrir hér í kringum Stálvík, m.a. þetta fyrirtæki sem þá hét Rafboði og rak hér rafmagnsverkstæði,“ segir Ásgeir Erling Gunnarsson sem er framkvæmdastjóri og einn af eigendum fyrirtækisins í dag. Mynd HKr.

Moka, moka, moka meiri snjó!

Þessi mynd birtist í Vestanpóstinum 2005 og var ein af mörgum svipmyndum frá Ísafirði af snjóavetrinum mikla 1995. Undir myndinni var lítilfjörlegur texti sem sagði einungis að myndin væri tekin í Holtahverfinu. Ritstjóra barst reyndar bréf vegna þessar myndar í mars 2005 frá þeirri konu sem sést þar moka snjó af miklum móð. Til gamans tókum við okkur það bessaleyfi að miðla lesendum Vestanpóstsins af þeim fróðleik, enda ekki á hverjum degi sem svo myndarlegur snjór er á Ísafirði.

Konan, sem svo rösklega tekur til hendi við snjómokstur af þakinu heima hjá sér að Lyngholti 1, er engin önnur en Arndís Ólafsdóttir, dóttir Óla Jakk (Ólafs Jakobssonar skósmíðs). Ef vel er rýnt í myndina má sjá glitta í svarta þúst til hægri við hana, en þar er eiginmaðurinn Sigurður Th. Sigurðsson (Siddi Tobbb sem margir kölluðu svo), en hann lést fyrir nokkrum árum. Arndísi eða Öddu þekkja örugglega margir af störfum hennar á röntgendeild Fjórðungssjúkrahúsins á Ísafirði.



Í bréfinu sem hún sendi sagði hún m.a.:

„Á myndinni erum við að moka nær eins metra þykkt lag af snjó af þakinu. Myndin er tekin frá Stórholti. Við vorum bara svo heppin að aldrei þurfti að moka okkur út og komst ég því alltaf í vinnuna. Þegar verst lét og kolófært, var ég sótt á snjóþíl. (-) En myndin er skemmtileg og sýnir best baráttuna við náttúruöflin, en verst var þegar rafmagnið var að fara. Ég tala ekki um í svartasta skammdeginu. (-) Þegar við Siddi komum heim um miðjan janúar og flugum yfir Vestfirði var veðrið svo fallegt, drifhvít fönnin svo varla sást í dökk-an díl. Þá var Ísafjörður í sínum

fegursta vetrarskrúða. Þegar heim kom mátti sjá rjúpur á vappi í garðinum. Það eru þessar stundir sem gefa manni svo mikið.”

Ritstjóri Vestanpóstsins sendir Öddu kærar þakkir fyrir upplýsingarnar um myndina góðu. Hún var reyndar líka með hugrenningar í bréfinu um þetta ástand í veðurfarinu í ljósi orða vísindamanna um að jarðarbúar séu að sigla inn í nýtt hlýindaskeið. Upphaf slíkra hlýindaskeiða eru einmitt oft talin markast af mikilli úrkomu og miklu fannfergi eins og var árið 1995. Svo það er alls óvíst hvort nokkurn tíma aftur kemur til þess að moka þurfi metra þykkum snjó af þakinu í Stórholti 1.

Almenningstímar í sundlaugum Ísafjarðarbæjar sumarið 2007

Gildir frá
1. júní – 1. sept.

Sundhöllin Ísafirði

Mánudag – Föstudag kl. 07:00 – 21:00

Laugardag – Sunnudag kl. 10:00 – 17:00

Sundlaugin Flateyri

Mánudag – Föstudag kl. 10:00 – 12:00 og 16:00 – 21:00

Laugardag – Sunnudag kl. 12:00 – 16:00

Sundlaugin á Þingeyri

Mánud. – Föstudag kl. 07:45 – 21:00

Laugardag kl. 10:00 – 18:00

Sunnudag kl. 11:00 – 17:00

Sundlaugin á Suðureyri

Mánudag – Föstudag kl. 10:00 – 21:00

Laugardag – Sunnudag kl. 10:00 – 19:00

Verðskrá

Fullorðni kr. 350

10 miða kort kr. 2730

30 miða kort kr. 6680

Árskort f. fullorðna kr. 25370

Leiga á sundfötum og handklæði kr 150

Ath. Frítt fyrir börn að skólaaldri 0 til 15 ára
Börn 8 ára og yngri þurfa að vera í fylgd með
14 ára eða eldri

Íþrótt- og tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar

Úr myndasafni Harðar Kristjánssonar: Í lok Skíðavíku 1969

Í minningunni frá Ísafirði var allt gjarnan einhvern veginn stórkostlegra en kannski tilefni var til. Meira að segja veðrið var annaðhvort ofsalega vont eða rosalega gott. Reyndar er eins og góðu veðurdagarnir komi oftar upp í hugann. Þessar myndir voru teknar á gamla þýska einfalda myndavél í lok páskavíku í apríl 1969. Þá var orðið hlýtt í veðri og mikil sólbráð farin að bræða niður Skíðavíkusnjóinn. Leysingarnar vöktu svo sem enga sérstaka hrifningu húsmæðra við Seljalandsveginn, enda varð holóttur malarvegurinn þá gjarnan að einu allsherjar forarsvaði og barst drullan gjarnan inn í húbýli manna.



Hér má sjá frægt farartæki sem var á Ísafirði á sjöunda áratug síðustu aldar. Þetta var aðal-, eða nánast eini lögreglu- og sjúkrabíll Ísfirðinga á þeim tíma, stuttur Landrover með stoppmerki á toppnum í stað sírenu. Koma hans til Ísafjarðar mun eiga sér allundarlega sögu, en sagt var að upphaflega hafi honum verið ætlað að gegna einhverju hlutverki fyrir Rauða krossinn í Afríku. Til sjúkraflutninga var hann vart brúklegur nema flytja ætti börn. Börur með fullvöxnu fólki komust ekki fyrir í bílnum og urðu sumir sjúklingar því að gera sér að góðu að hafa fæturina úti í kuldunum meðan þeim var skutlað á sjúkrahúsi.



Á þessari mynd má sjá fjóra hliðarpúka njóta sólarinnar í aprílbliðunni fyrir utan húsið Skriðu, eða Seljalandsveg 54. Talið frá vinstri; Kristján Friðrik Kristjánsson, sem nú býr í Fljótshlíð. Við stýrið á skellinöðrunni er Indriði Arnar Kristjánsson, en hann býr nú bresku Kólumbíu á vesturströnd Kanada. Fyrir aftan hann á hjólinu er Snorri Grímsson sem enn býr á Ísafirði. Lengst til hægri á myndinni er svo Jón Guðbjartsson sem býr í Austurriki.



Gullfoss siglir frá bryggju á leið til Reykjavíkur eftir að hafa gegnt hlutverki sem hótél skíðavíkugesta á Ísafirði. Koma skipsins til Ísafjarðar þótti mikil tíðindi á þeim tíma og skapaði vera skipsins yfir Skíðavíkudagana skemmtilega stemmningu í bænum.



Þessi mynd er tekin í byrjun maí 1969 niður yfir það svæði þar sem nú er komin brekka niður af Urðarvegi. Húsið næst er Seljalandsvegur 58, hús Gríms Samúelssonar og fjölskyldu, sem rífið var fyrir mörgum árum. Willys jeppinn þar fyrir ofan var um tíma í eigu Óðins sonar Gríms. Ef minnið bregst ekki endaði þessi jeppi feril sinn sem flutningatæki fyrir sumarhúsa eigendur í Fljótavík.



Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum farsældar á nýja árinu

Olúfélag Útvegsmanna hf.

Hafnarhúsinu, 400 Ísafjörður, sími: 456 3245

Hamraborg ehf.

Hafnarstræti 7 • 400 Ísafirði
Sími 456 3166 • Fax 456 4766

MÍÐFELL hf. rækjuverksmiðja

Sindragötu 1 • Ísafirði • Sími: 450 4000

Kaupfélag Steingrímsfjarðar

Höfðatúni 4 • 510 Hólmavík • Sími: 455 3100
Essó skálinn - Opið 9–23,30

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Árnagötu 2–4 • Ísafirði • Sími: 450 3000



**EFNALAUGIN
ALBERT ehf**
Sindragata 14 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 4670



Vélsmiðja – Blikksmiðja

Þristur hf.

Sindragötu 8 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4750

GNÁ hf.

Aðalstræti 21 • 415 Bolungarvík • Sími: 450 7200

Þórsberg hf.

Fiskvinnsla, útgerð
Strandgötu 25 • 460 Tálknafirði • Sími: 456 2553

Veitingaskálinn Brú

Hrútafirði, sími: 451 1122



Oddi hf.

Patreksfirði

Eyrargötu • Sími 450 2100



456 5500



Aðalstræti 26 • 400 Ísafjörður • Sími 456 3902

Löggiltir endurskoðendur

Vestfjörðum hf.

Aðalstræti 24 • 400 Ísafj. • Sími 456 4066 • Fax 456 4133



Sparisjóður Bolungarvíkur

Aðalstræti 14 • Bolungarvík • Sími 450 7100

Aðalgötu 8 • Suðureyri

STAÐARSKÁLI

Hrútafirði • Sími 451 1150



Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Brunngötu 7 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4233

Ísblikk ehf, blikksmiðja,

Árnagötu 1, Ísafirði, símar: 456 5550

Bókhaldsstofan Fagverk

Aldís Rögnvaldsdóttir

Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík • Sími: 595 0113 • fax: 595 0151



Sundagörðum 2, Reykjavík

Sími: 515 1100, Fax: 515 1110

Pröstur Guðjónsson hefur afrekað ótrúlega margt á sviði íþróttar:

Þúsundþjalasmiðurinn af Tangagötunni

Viðtal: Skapti Hallgrímsson

Líf Þrastar Guðjónssonar hefur að miklu leyti snúið um íþróttir. Hann hefur að öllum líkindum stundað eða þjálfað flestar hugsanlegar íþróttagreinar, en segist þó ekki leika golf og ekki stunda hestamennsku. En á samt bæði golfsett og hest! Kannski bara til öryggis – ef áhuginn skyldi blossa upp, því fordæmin eru vissulega fyrir hendi.

Pröstur er fæddur 1947 og alinn upp í Tangagötu 15, sonur hjónanna Sigríðar Gísladóttur og Guðjóns Jóhannessonar, sem bæði eru látin. Guðjón andaðist 1974 en Sigríður 1982. Pröstur hefur nú verið búsettur á Akureyri í rúma þrjá áratugi, starfað þar gríðarlega mikið að íþróttamálum og rekur einnig hin síðari ár eigið málningarfyrirtæki, Málningarmiðstöðina, sem hann stofnaði um miðjan síðasta áratug eftir að hann hætti kennslu eftir 25 ára störf á því sviði. Segja má að Pröstur hafi alla tíð verið mikið félagsmálatröll, eins og það er stundum orðað; hann var aðeins 17 ára þegar hann varð ritari Skíðaráðs Ísafjarðar, sem þá samanstóð af fimm skíðafélögum í bænum, var formaður dróttskátadeildar skátafélagsins á Ísafirði og var í hjálparsveit skáta, og á Akureyri hefur hann víða komið við; hefur t.d. verið formaður Íþróttabandalags Akureyrar í fjölda ára, í stjórn körfuboltadeildar Þórs og formaður Skíðaráðs Akureyrar mjög lengi.



Pröstur fjögurra ára (fæddur 26. apríl 1947) hjá ljósmyndara með mömmu og pabba árið 1951. Móðirin Sigríður Gísladóttir fæddist 1904 en lést 1982 og faðirinn Guðjón Jóhannesson fæddist árið 1900 en hann lést árið 1974.



Pröstur Guðjónsson 9 ára gamall í sveitasælunni í Arnardal hjá Guðmundi E. Sæmundssyni og fjölskyldu sumarið 1956.

Í Tangagötunni

Í Tangagötunni kynntist Pröstur strax í barnæsku Guðmundi E. Sæmundssyni málarameistara og fjölskyldu hans. „Þau bjuggu í þarnaesta húsi en þegar ég var sjö eða átta ára flutti Guðmundur og fjölskylda hans í stórt hús í Aðalstræti 17 og 19 og við það varð líka breyting á mínum högum. Það má segja að heimili mitt hafi færst til að hluta og ég sé alinn upp á báðum stöðunum. Ég var alltaf heima hjá mér í kvöldmat og á nóttunni en öðrum stundum var ég yfirleitt hjá þeim í Aðalstrætinu, með æskuvini mínum, Hermannni Níelssyni, sem nú er aftur búsettur á Ísafirði.

Þetta ágæta fólk, Guðmundur E. Sæmundsson og Margrét Pétursdóttir, bjó í húsinu við Aðalstræti ásamt fjórum



Pröstur með samfeðra systkinum sínum. Aftari röð frá vinstri; Leifur, og Jón. Fremri röð: Pröstur, Margrét og Þorlákur.

sonum og fjölskyldum þeirra. Þetta fólk var sérstaklega almennilegt við mig og það má segja að ég hafi eiginlega alist upp hjá þeim. Ég var líka meira og minna inni á gaffli hjá syni þeirra, Níels Guðmundssyni og Guðrúnu Sigurðardóttur – foreldrum Hermanns. Ef við vorum ekki að leika okkur úti lékum við okkur inni í húsinu við Aðalstræti.“

Pröstur segist ekki muna mikið eftir allra fyrstu árunum í Tangagötunni, nema hvað alltaf var mjög mikið af jólagjöfum á heimilinu. „Það kemur líklega til af því að ég er einbirni. Móðir mín var gift áður en hennar maður drukknadi og hún var þá ein með tvo syni. Faðir minn var líka giftur áður og bjó þá á Flateyri, en hans kona veiktist og dó og þá var hann einn með þrjá drengi og eina stúlku. Þegar ég fæddist var móðir mín að verða 44 ára gömul og faðir minn var 47 ára, þannig að segja má að ég hafi verið alinn upp á heimili hjá full-orðnu fólki við ákveðnar hefðir.“ Hálf systkini Þrastar voru öll flutt að heiman þegar þetta var.

Reglufast heimili

Fyrstu árin var sú regla á heimilinu að Þröstur átti að vera kominn heim að borða klukkan sjö á kvöldin „og ef ég braut þá reglu

var farið að leita að mér, og það var orðið þekkt á Ísafirði að verið væri að leita að Þresti!“ Á sunnudögum voru reglurnar enn strangari því þann dag var ekki farið út úr húsi nema í göngutúr með foreldrunum, í sparifötunum, til þess að heimsækja einhvern – sérstaklega fólk sem átti heima inni í Torfnesi, sem kallað var. „Að öðru leyti var ekki farið út, nema hvað pabbi gamli var duglegur við að fara með mig í barnamessur.“

Pröstur kveðst hafa verið orðinn 11 eða 12 ára gamall þegar hann fór fyrst í þrjú bíó á sunnudegi, en algengt var á þessum árum að börn færu í bíó. „Það þótti ekki við hæfi á mínu heimili að fólk væri að þvælast í bíó á sínum yngri árum, en þetta hefur ekki skaðað mig neitt. Var bara ákveðin regla sem ég gekkst undir.“

Móðir Þrastar, Sigríður Gísladóttir, var af Fljótsdalshéraði. „Amma mín flutti alla leið austan úr Fellahreppi til Ísafjarðar með átta börn árið 1926, þá nýbúin að missa manninn sinn. Þar settist hún að og seinna flyktust á eftir henni margir ættingjar austan af landi og þetta var nokkuð stór ætt á Ísafirði á sínum tíma. Þetta fólk hvarf svo hægt og rólega á ný og nú eru aðeins þrjár frænkur mínar eftir á Ísafirði, ásamt afkomendum sínum.“

Faðir Þrastar var úr Dalasýslu. Hann fluttist ungur til Flateyrar, kynntist þar konu og settist að en þegar hún féll frá flutti Guðjón Jóhannesson til Ísafjarðar og vann þar ýmsa verkamannavinnu.

Þresti er minnstæð kona sem leigði húsnaði af foreldrum hans á Tangagötunni. „Hún hét Kristín Kristmundsdóttir, kölluð Stína á loftinu. Hún bjó þar þegar ég fæddist og tók mér eins og syni. Hún gaf mér yfirleitt eitthvað áður en ég fór að sofa og ég fékk alltaf hjá henni kjötsúpu á sunnudögum. Stína hugsaði mikið um mig, hún var mjög barngóð og dugleg.“ Þegar Þröstur kom eitt sinn heim þegar hann var 15 ára lá Kristín látin í forstofunni – hafði orðið bráðkvödd.

Íþróttabakterían

Eins og áður segir koma íþróttir mjög við sögu í lífshlaupi Þrastar. Hann fékk íþróttabakteríuna snemma: „Ég var ekki gamall þegar ég fór að spila fótbolta á Austurvelli við gagnfræðaskólann, rétt við Tangagötuna. Ég byrjaði sem markmaður og hafði mjög gaman af því að skutla mér í drulluopollana! Við hóuðum okkar saman, strákar á ýmsum aldri úr hverfinu, og vorum með götulið. Á veturna var þessi Austurvöllur, sem svo var kallaður, notaður sem skautasvell. Þá sá slökkviliðið á Ísafirði um að sprauta svellið og það var stutt að fara þangað.“ Og það var mikið skautað á veturna þegar erfiðara var að leika fótbolta.

Pröstur var ekki nema sex eða sjö ára þegar hann eignaðist fyrsta fótboltann. „Það var reimaður bolti sem þótti svolítið sérstakt að krakki ætti, en um tíu ára aldurinn eignaðist ég fyrsta óreimaða fótboltann – og það var fyrsti óreimaði fótboltinn sem kom til Ísafjarðar! Eftirspurnin var talsverð, sérstaklega hjá mönnum í meistaraflokki, að fá boltann lánaðan – ég gleymi því ekki, en þá voru menn farnir að spila fótbolta á gamla vellinum við Grund eins og það var kallað; þarna var hús sem hét Grund og var alveg við völlinn. En þar var stutt í sjóinn þannig að boltinn lenti oft þar.“

Fljótlega eftir að Þröstur eignaðist fyrsta fótboltann eignaðist hann líka alvöru fótboltaskó. „Þegar ég var níu ára vann ég allt sumarið við að stokka upp línu hjá manni sem hét Bæringur en kallaður Bæsi. Ég vann mér inn 104 krónur um sumarið og keypti svo fyrstu alvöru fótboltaskóna mína af syni hans, Óla Bæsa – fyrir 104 krónur! Þetta voru notaðir skór með þverböndum að neðan, ekki tökkum, og smíðaðir af skósmið á Ísafirði.“

Íþróttir skiptu Þröst alltaf miklu máli, eins og annað félagsstarf. „Maður var í knattspyrnu, í sundi, á skíðum og skautum, við vorum að sigla og veiða – og þegar ég var tíu ára var ég líka kominn á kaf í skátahreyfinguna og var í henni alveg þangað til ég flutti frá Ísafirði 23 ára gamall.“

Fermingarárið veiktist Þröstur mjög illa. „Ég fékk hastarlega brjóst-himnubólgu og lá á milli heims og helju í heila viku en náði mér svo á strik – en var í rúminu í 18 vikur. Þetta var í janúar og veikindin urðu til þess að ég missti af fermingardeginum og ég var svo fermdur ásamt tveimur eða þremur skólasystkinum mínum á Hvítasunnunni, í lok maí. Þá var ég fyrst að fá að fara út, var í ströngum kúr og mátti vera úti í tvo til þrjá klukkutíma á dag í heilan mánuð. Svo breyttist það hægt og rólega, en ég varð að fara hægt í sakirnar. Ég fór í talsverðar rannsóknir í Reykjavík, var þar staddur í ágúst og fram í september. Í borginni losnuðu um mig einhver bönd og eftir hverja rannsókn stalst maður út á fótoltavöll og djöflaðist þar í þrjá til fjóra tíma í leyfisleysi, þegar ég átti að slappa af! En ég náði mér alveg af þessum veikindum og ber engin merki þeirra í dag, þótt þetta hafi tekið þennan tíma.“

Þröstur áfram í íþróttunum og var líka á kafi í skátastarfinu. „Ég lenti í skátaflokki sem var kosinn besti skátaflokkur Íslands á landsmóti, 1962 minnir mig, og þar var náttúrlega fullt af ágætum drengjum, sem eru vinir mínir. Ég ílengdist í skátahreyfingunni, fór í hjálparsveitina og endaði sem formaður drótskátadeildar skátafélagsins á Ísafirði. Var sendur suður til þess að kynna mér drótskátastarfið, sem var að byrja á þessum tíma og ég tók það að mér þangað til ég flutti frá Ísafirði.“

Þröstur á margar minningar frá skátastarfinu, ekki síst starfinu í hjálparsveitinni. „Við lentum í ýmsu. Stærsta minningin er úr slysinu sem varð í Ísafjarðardjúpi þegar togari fórst, annar strandaði og fiskiskip frá Bolungarvík týndist og fórst. Þessi helgi byrjaði svolítið einkennilega; við vorum kallaðir út aðfararnótt laugardags til að aðstoða fólk sem tepptist á leiðinni af þorrablóti í Hnífsdal og þótt þarna væri snarvitlaust veður og blindhríð þá tókst það giftusamlega, en við vorum varla búnir að leggja okkur heima á ný þegar við vorum kallaðir út aftur og beðnir að ganga fjörur, og þetta útkall tók á þriðja sólarhring.

Þetta er mjög eftirminnilegt en það allra eftirminnilegasta var líklega ári seinna, þegar við vorum kallaðir út með slysavarnasveitinni, sem ekki voru margir í – líklega þrír eða fjórir fullorðnir menn – og við vorum beðnir að fara með þeim út á Arnarnes. Þar hafði strandað togari. Veðrið var snarvitlaust og þegar við komum út á Arnarnes var togari þar uppi í kanti og það var ákveðið að skjóta línu út í togarann. Það gekk brösótt þannig að við hjá hjálparsveitinni fengum að prófa og það tókst að koma taug út í togarann. Við höfðum litla möguleika á að strekkja taugina því við vorum bara með einn bíl og hann spólaði í fjörunni. En þegar björgunin hófst kom í ljós að mennirnir á togaranum höfðu ekki mikla þekkingu á björgunarstól og því sem því fylgir að vera í honum, því yfirleitt fóru þeir á kaf í sjóinn, á hvolfi, og við þurftum að vaða upp fyrir brjóst til þess að snúa þeim við. Þessu man ég sérstaklega eftir, vegna þess að þegar við komum inn í bílinn aftur og allt var afstaðið, skildi maður ekki hvers vegna manni var ekki kalt þrátt fyrir að vera sjóblautur upp að hálsi! Þetta var sérstakt ævintýri en ánægjulegt að það skyldi enda vel.“



Spóar, „besti skátaflokkur Íslands“ á Þingvöllum 1962. Talið frá vinstri: Ágúst Ingi Guðmundsson, Stefán Finnsson, Svavar Cesar Kristmundsson, Haukur Sigurðsson, Þröstur Guðjónsson, Ernir Ingason og Reynir Pétursson.

Í Hjálparsveitinni

Eftir fermingu hélt

Purfti að læra aftur á skíði

Pröstur sat sjaldan aðgerðarlaus sem barn. „Ef ekkert var að gerast í íþróttunum eða skátunum fór maður á samkomu hjá Hjalpræðishernum eða í kirkju, en þegar kom fram á unglingsárin breyttist munstrið aðeins. Við Hermann vorum sjúkir í íþróttir og ef íþróttagrein var ekki stunduð á Ísafirði græjuðum við það bara; tókum m.a. þátt í því að stofna körfuboltafélag, sem er enn lifandi og gerð voru mjög góð skil í síðasta blaði af vini mínum Lúðvík Jólssyni – og mig langar að nota tækifærið og senda honum þakk-lætiskveðjur fyrir hlý orð í minn garð.“

Eitt af því sem þeir Hermann gerðu, en stóð að vísu ekki lengi, var að prófa frjálsar íþróttir. „Við ákváðum að Hermann myndi smíða hástökkssúlur í handavinnu í skólanum og síðan pöntuðum við okkur kúlu, spjót kvenna og karla og kringlu og fórum fram á Dagverðardal og stunduðum þessar greinar tvö sumur með fótbolta og öðru.“

Pröstur Guðjónsson byrjaði sem sagt snemma að vasast í nánast öllu sem hægt var.

„Já, ég var ekki mjög gamall þegar við vorum notaðir til þess að gæta Harðarskálans sem knattspyrnufélagið Hörður átti uppi á Seljalandsdal. Við vorum í því mjög ungir, ég, Hermann og fleiri góðir drengir. Einnig vorum við talsvert í því að innheimta félagsgjöld fyrir knattspyrnufélagið Hörð.“

Pröstur var 15 eða 16 ára gamall þegar hann átti leið framhjá nýja fótoltavellinum, malarvelli sem byggður var yfir öskuhauga. „Ég var aðallega á þeim gamla en sparkaði aðeins á þessum nýja og er enn merktur eftir það á hnjónum; húðin greri illa eftir að maður datt á þessum velli.“

Hann var sem sagt að hjóla þarna framhjá seinni part dags og sá stráka í fótbolta. „Þarna var enginn þjálfari, ég fór og talaði við þá og þeir sögðu að þjálfarinn væri á leiðinni. Ég skipti mér ekkert af því, en þegar ég kom aftur framhjá tveimur dögum seinna var sami hópurinn á vellinum – en enginn þjálfari. Ég spurði hvort ég ætti

ekki bara að hjálpa þeim þangað til þjálfarinn kæmi, sem ég og gerði, og þjálfarinn kom svo aldrei þannig að ég tók að mér þennan flokk og var svo aftur með þessa stráka um veturinn á æfingum innanhúss. Þetta voru mín fyrstu kynni af þjálfun.“

Þetta voru litlir guttar, segir hann, sem margir urðu síðar mjög góðir íþróttamenn. „Ég man sérstaklega eftir einum, sem nú er dáiinn; það var Sigurður Jónsson, skíðamaður, sem kenndi mér meira að segja á skíðum! Þegar ég veiktist tapaði ég allri skíðakunnáttu minni og þurfti að rifja hana upp. Fann ekki taktinn, en þá kom Sigurður til mín, örugglega ekki nema sjö eða átta ára gamall, og fór að renna sér með mér og segja mér örlítið til. Það var alveg sérstakt fyrir mig.“

Stöðug samkeppni

Pröstur segist hafa skipt sér af nánast öllu sem hægt var. „Ég var örugglega ofvirkur og það var ofsaleg keppni í okkur Hermann. Við byrjuðum mjög ungir í sveit hjá Guðmundi E. Sæmundssyni, afa Hermanns, og Margréti konu hans. Þau áttu bóndabæ í Arnardal. Þar vorum við með Margréti á sumrin. Og meira segja í heyskapnum vorum við alltaf að keppa. Þarna var gamall maður sem kenndi okkur að slá með orfi og ljá, og þá fórum við að keppa um það, hvor okkar gæti slegið fleiri metra! Það var eiginlega alveg sama hvað við gerðum; ef við fórum út í búð að kaupa með kaffinu þá var startað og keppt um hvor væri á undan í búðina. Svo var startað aftur á heimleiðinni og keppt um hvor væri á undan heim aftur.“

Þeir Hermann kepptu ekki aðeins í hefðbundnum greinum. Þeir máluðu gjarnan báta á vorin og kepptu þá hvor væri fljótari að mála ákveðinn flöt! „Við máluðum frá klukkan átta á morgnana til tíu á kvöldin alveg fram undir fyrstu viku júnímánaðar; þá fóru bátarnir á síld.“

Eftir að Pröstur sté upp úr veikindunum, sem áður voru nefnd, tók Guðmundur E. Sæmundsson hann til starfa í verslun sinni. „Ég gat í sjálfu sér ekkert unnið en

Hermann var byrjaður að mála báta. Sumarið eftir vorum svo á fullu að mála og ef við lentum saman og vorum að mála svipaðan hlut, til dæmis skansinn á bátunum, þá var keppt; byrjuðum frammí stafni, annar vinstra megin og hinn hægra megin, og svo var keppni í því hvor væri fyrstur að mál aftur eftir skansinum. Ef við máluðum skipin að utan kepptum við við klukkuna; hve marga tíma við værum með verkið! Það mætti líklega skrifa langt ævintýri um þetta allt saman.“

Þeir Pröstur og Hermann fóru snemma að reka „fyrirtæki“, líklega sjö eða átta ára gamlir. Þeir klipptu þá úr Hjemmet blöðum vinsælar myndasögur; myndunum röðuðu þeir á spjald og seldu inn á sýningar. „Við höfðum aðstöðu í herbergi í kjallaranum í Aðalstræti 17. Ljósín voru slökkt, lýst var með vasaljósi á myndirnar og Hermann las textann.“

Nokkur haust stálu þeir svo sviðalöppum niðri í sláturhúsi og höfðu aðra stráka í vinnu við að flá þær og salta. Greiddu strákunum tímakaup fyrir. Þeir höfðu gaman af þessu braski en höfðu varla neitt upp úr krafsinu, ekki man Pröstur a.m.k. til þess að þeir hafi selt umræddar sviðalappir!

Þessirungudrengir í Aðalstrætinu lentu í mörgum ævintýrum. Fóru t.d. oft í fjöruleiðangra til þess að kynna sér lífríkið og þegar ís var á pollinum var jakahlaup mjög vinsælt. „Oftar en einu sinni kom fyrir að menn lentu í sjónum, en það skipti ekki máli. Menn voru bara teknir upp í þvottahús og spúlaðir með heitu vatni.“

Hann nefnir að mörg götu-lið hafi verið á Ísafirði á þessum árum; Krókspúkarnir var ein klíkan, Brekkupúkarnir var önnur, Tangagötuklíkan, Fjarðarstrætisklíkan – „þetta voru svona gengi sem stríddu hvert öðru, þó aldrei væri það neitt hættulegt. Ég var ekki gamall þegar ég sá Tangagötutengið í fyrsta skipti, en ég man ekki betur en þar hafi verið fremstur í flokki maður sem kalladur var Bói; seinna ráðherra og forstjóri Norræna fjárfestingabankans – Jón Sigurðsson.“

Pröstur segir að aldrei hafi verið

ætlunin að flytja frá Ísafirði. „En við Hermann ákváðum að sækja um í Íþróttakennaraskóla Íslands. Við vorum komnir á samning hjá pabba hans í málningu en hann dreif sig í skólann og kom aftur 1968, ef ég man rétt, og fór þá beint austur á firði og gerðist íþróttakennari fyrir austan, á Eiðum. Eg komst inn í skólann haustið 1969, átti þá eftir eitt ár í málningarnám-inu en Níelsi fannst sjálf-sagt að gefa mér árs frí. Það er skemmtilegt frá því að segja að Sigríður, dóttir Níelsar og systir Hermanns, komst inn í skólann á sama tíma og ég. Við erum því þrjú úr þessum vinahópi sem fórum í gegnum Íþróttakennaraskólann.“

Þegar Þröstur lauk námi í Íþróttakennaraskólanum, vorið 1970, var hann á fullu í knattspyrnu með liði ÍBÍ. Hann ákvað þá að reyna fyrir sér í kennslu, vissi um lausa stöðu norður á Blönduósi og fór þangað til þess að kynna sér aðstæður. „Ég hætti hins vegar við vegna þess að þar var ekki hægt að fá inni nema hreppurinn var tilbúinn til þess að setja einhverja konu á götuna til þess að láta mig fá íbúð. Það vildi ég ekki.“

Hann kláraði því sveinsprófið í málun á Ísafirði, en fékk svo upphringingu frá Þorsteini vini sínum Einarssyni, íþróttafulltrúa ríkisins. Og það samtal byrjaði eins og öll önnur frá Þorsteini: „Vinur, þú verður að gera mér greiða!“

Sundkennaravantaði í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp og þangað fór Þröstur og kenndi í 20 daga í maí-mánuði, í gömlu en glæsilegu 50 m lauginni með heitu vatni. „Það er eftirminnilegur tími, kannski aðallega vegna þess að í þessa 20 daga var hrefnukjöt í matinn, bæði í hádeginu og kvöldin. Kokkurinn fékk slatta af góðu hrefnukjöti á góðu verði og það var algjört skil-

yrði af hans hálfu að kjötið yrði klárað áður en skólinn yrði búinn. Og ég get alveg sagt frá því að ég hef ekki borðað hrefnukjöt síðan!“ Þetta var vorið 1971.

Þröstur lék fyrsta leik sinn í meistaraflokki ÍBÍ í knattspyrnu



Æskuvínir á Ísafirði. Þessi mynd var tekin 1966 og strákarnir dressaðir upp samkvæmt nýjustu tísku, með lakkrísbindi og allt. Frá vinstri; Þröstur Guðjónsson, Hermann Níelsson og Svavar Cesar Kristmundsson.

strax 15 ára. Svo skemmtilega vill til að þessi fyrsti leikur var á Akureyri, gegn ÍBA. Leikurinn tapaðist stórt en er Þresti eftirminnilegur. „Ég var á fyrsta ári mínu í 2. flokki og það var algjör tilviljun að ég komst í leikmannahópinn. Vinur minn, Halldór Guðbjarnason, síðar bankastjóri og forstjóri VISA, forfallaðist, og ég var valinn í staðinn. Ég man að Diddi málari – Friðrik Bjarnason – var fararstjóri og veðrið var mjög gott, en við töpuðum 8:0 minnir mig! Ég var meira og minna í hópnum hjá liðinu eftir þetta og það var mjög góður félags-skapur.“

Oft er um það rætt í dag hve erfitt það sé fyrir íþróttalið utan af landi að ferðast í leiki, en Þröstur segir fólk í dag líklega ekki átta sig á því hve mikið mál þetta var á þeim árum sem hann var að byrja ferilinn í meistaraflokksliði ÍBÍ.

„Ef við áttum að keppa í Reykjavík var farið að heim-an í hádeginu á föstudegi, tveir leikir spilaðir í hverri ferð því ekki var um annað að ræða, og komið aftur heim í hádeginu á mánudegi.“ Í liðinu voru þá fimm leikmenn sem unnu við það um sumarið að mála hjá Guðmundi Sæm. „Við vorum ekki vinsælir þetta sumar, en það var aldrei sagt nei. Við fengum alltaf að fara í ferðir með liðinu,“ segir Þröstur.

Til Akureyrar

Þröstur fór að hugsa sér til hreyfings um þetta leyti og hann flutti til Akureyrar sumarið 1971. „Það gekk mikið á þetta sumar. Menn vildu útvega mér vinnu á Ísafirði, það var líka búíð að tala um það áður en ég útskrifaðist og ræða alls konar hugmyndir en ekkert varð úr. Ég kannaði því aðra hluti. Á þessum tíma var ég kominn í sambúð með fyrrverandi eiginkonu minni, Gunnhildi Baldvinsdóttir frá Akureyri og við vorum búin að eignast tvær dætur.“

Þegar þarna var komið sögu skipti máli að „maður þekkir mann“ eins og sagt er, eins og svo oft fyrr og síðar. „Það vildi þannig til að Haraldur M. Sigurðsson íþróttakennari í Gagnfræðaskólanum á Akureyri var að fara í ársleyfi og ágætur vinur okkar, Gísli Jónsson menntaskólakennari, sem var nátengdur móður Gunnhildar, gekk í málið og ég fékk stöðu Haraldar í eitt ár auk þess að kenna við Menntaskólann. Ég tók líka að mér að þjálfja hjá sunddeild KA, fékk það starf í gegnum vin minn Magnús Ólafsson, sjúkrþjálfara og kennara, sem líka er Ísfirðingur.“



*Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska
Ísafirðingum farsældar á nýja árinu*

Flutningaþjónusta

Flateyri • Símar: 456 7732 - 894 5732
Önni ehf. • Ólafstúni 6 • 425 Flateyri • Páll S. Öundurson

ELVAR INGASON ehf.

MÁLARAMEISTARI

Sími 561 6204 • GSM 898 2584 • Netfang: elvari@mmedia.is



Vélsmiðjan Þrymur
Ísafirði

Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • s. 456 3711

Sími
456 3321

straumur hf

Fax
456 4225



RÖRTÆKNI HF
PÍPULAGNAÐJÓNUSTA

☎ 456 3345, Fax 456 4099

Fiskverkun Jóhanns

Túngötu 6b • Suðureyri • Símar: 456 6159 - 854 5033



SVÆÐISÚTVARP VESTFJARÐA

Aðalstræti 22,
400 Ísafirði
Sími: 456 4177



Byggðastofnun

Ártorgi 1, 550 Sauðárkrúkur



Níels Ársælsson og fjölskylda

Skógum, Tálknafirði

Sími: 847 3850



Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.

Hafnarstræti 1 • Ísafirði
Sími 456 3708
www.vst.is • vstis@vst.is

Skipataekni ehf

Lágmúls 5 • 108 Reykjavík • Sími 540 0500



FLUGFÉLAG
ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli



Blómaturinn

Austurvegi 2, 400 Ísafirði • Sími 456 5297
Veffang: <http://www.blomaturninn.is>



Sláturfélag Suðurlands

Fosshálsi 1 • Reykjavík • Sími 575 6000



Hafnarstræti 2 • Ísafirði • Sími 456 3123



Fornubúðir 5 • 220 Hafnarfirði • Sími: 550 8090



Háaleitisbraut 58-60 • Reykjavík • Sími 440 4000

Þorbjörn Fiskanes hf.

Hafnargötu 12, 240 Grindavík, sími 420 4400

Eden

Hveragerði • Sími 483 4900



Meistaraflokkur ÍBÍ í knattspyrnu árið 1967. Fremri röð frá vinstri: Tryggvi Sigtryggsson, Pröstur Guðjónsson, Björn Helgason, Guðmundur Níelsson, Birgir Eyjólfsson og Sigurvein Sigurjónsson. Aftari röð frá vinstri: Helgi Már Artúrssen, Magnús Jóhannesson, Albert Guðmundsson, Einar Þorsteinsson (Bói), Guðmundur Jóhannsson, Þorvaldur Guðmundsson, Pétur Guðmundsson, Einar Valur Kristjánsson og Kristmann Kristmannsson.

Fljótlega eftir að Pröstur flutti til Akureyrar fór hann að stunda fótbolta með ÍBA og körfubolta með Þór og eignaðist þar fljótt mjög góða vini. „Þegar þessi fyrsti vetur var liðinn var komið til mín frá skólanefnd Akureyrar og mér boðin staða sem búin var til; að vera íþróttakennari við bæði Oddeyrarskóla og Glerárskóla.“

Pröstur hóf kennslu í gömlu Skemmunni, sem svo var kölluð og var lengi eina keppnishúsið á Akureyri. Þetta var haustið 1972 en um sumarið var hann þjálfari 4. flokks drengja í knattspyrnu hjá Þór. Það var nóg að gera hjá Presti þennan annan vetur sinn á Akureyri – „það trúir því kannski enginn í dag en þennan vetur kenndi ég 54 tíma á viku!“ segir Pröstur þegar hann rifjar þetta upp. Hann kenndi bæði nemendum úr Glerárskóla og

Oddeyrarskóla leikfimi og sund, auk þess sund við Menntaskólann og Vélaskólann.“ Á þessum tíma fór kennsla fram sex daga vikunnar því enn var skóli á laugardögum. Leikfimi var kennd á hefðbundn-

um skólatíma en sundkennsla fór fram eftir skóladaginn þannig að Pröstur var jafnan á sundlaugarbakkannum framundir sex eða sjö á kvöldin.

Haustið 1973 var bankað á



Knattspyrnufélagið Hörður Vestfjarðarmeistari í 4. flokki karla árið 1969. Fremri röð frá vinstri: Þórður Högnason, Stefán Jóhann Stefánsson, Valur Jónatansson og Þórður Ólafsson. Aftari röð: Pröstur Guðjónsson þjálfari, sem var kjörinn Íþróttamaður Harðar í kjöri, sem fram fór um jólin 1968 og fékk þá bikarinn sem er á gólfinu fyrir framan strákana. Síðan kemur Arnór Magnússon, Guðmundur Gunnlaugsson, Hafþór Júlíusson, Eiríkur Jóhannsson, Ásberg Pétursson og Eiríkur Böðvarsson.



Á skíðamóti fyrir fjölfatlaða í Aspen í Bandaríkjunum. Þröstur og Margrét Þ. eru hér með sjö ára svartan strák frá Los Angeles, hann hafði aldrei séð snjó. Þrösti var falið að taka hann að sér meðan á námskeiðinu stóð. Fósturmóðir hans sem kom með honum sagði að hann hefði aldrei brosað og aldrei hefði komið stuna upp úr honum. „Drengurinn var farinn að brosa á þriðja degi og gaf fljótlega frá sér hljóð. Ég hélt að stjúp móðirin myndi falla í yfirlið þegar hún heyrði í honum því hún trúði ekki sínum eigin eyrum. Dvölin þarna breytti öllum börnunum, þeim leið svo vel á staðnum.“

dyrnar hjá Þrösti. Fyrir utan stóð Ívar Sigmundsson, forstöðumaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli, og spyr hvort Ísfirðingurinn vilji taka að sér þrekþjálfun skíðafólks á Akureyri. „Þarna, eins og svo oft, fannst mér erfitt að segja nei og tók þetta verkefni að mér. Ári seinna var ég svo kominn á kaf í Skíðaráðið.“

Þröstur tjaldaði ekki til einnar nætur í Skíðaráðinu; hann sat í þeim félagsskap allt til ársins 1994, í tæp 20 ár, þar af sem formaður í 12 ár. „Ég ílengdist ekki í fótboltanum, spilaði örfáa leiki með ÍBA og síðan með Þór – eftir að ÍBA var skipt upp og Þór og KA fóru að leika sitt í hvoru lagi. En ég fór fljótlega að skipta mér meira af körfuboltanum hjá Þór.“ Þá voru að verða ákveðin kaflaskipti á þeim bæ; Einar Bollason var nýfarinn suður aftur eftir að hafa þjálfað og leikið með Þór og Guttormur Ólafsson tekinn við. „Ég spilaði með liðinu, við féllum niður um deild en fórum beint upp aftur og þá var ég orðinn þjálfari liðsins. Fljótlega var sett saman ný stjórn í körfuboltanum í Þór, ég var ritari og annar Ísfirðingur,

Guðmundur Hagalín, var formaður, og við ákváðum að fá bandarískan leikmann til liðsins – eitt fyrsta liðið á Íslandi sem fékk sér erlendan leikmann. Sá ágæti maður sem kom heitir Mark Christensen og þá vorum við mjög heppnir; Mark er mjög góður drengur og körfuboltinn á Akureyri lyftist á hærra plan þegar hann kom. Á þessum árum var körfubolti mun vinsælli en handbolti á Akureyri, alltaf góð mæting á leiki og mikil stemmning í Skemmunni.“

Óhætt er að segja að Þröstur hafi verið á ferð á flugi í gegnum árin, ekki síst vegna þátttöku í íþróttakeppni, hvort sem er sem leikmaður eða þjálfari. „Það er varla hægt að lýsa öllum þessum ferðum en mestu máli skiptir að öll voru þau óhappa- eða slysalaus. Það stóð reyndar oft tæpt þegar við flugum í Beechcraft vél Tryggva Helgasonar til og frá Akureyri, þar var oft kalt og menn þurftu að vefja sig inn í teppi, en alltaf var flogið. Það var aldrei snúið við. Að minnsta kosti ekki þegar eigandinn flaug sjálfur!“

Starf með fötluðum

Þröstur hefur mjög mikið unnið að íþróttum fatlaðra í gegnum árin. „Ég fór á fyrsta námskeiðið til þess að kynna mér íþróttir fatlaðra í desember 1974. Námskeiðið hélt Magnús Ólafsson, vinur minn, en Sigurður Magnússon þáverandi framkvæmdastjóri ÍSÍ hafði beðið Magnús að kynna sér þessi mál og Magnús var búinn að fara á námskeið til Noregs og Skotlands.“ Þarna var fjallað um allar íþróttir fyrir fatlaða, nema vetraríþróttir. Að þeim verður vikið síðar.

Rúmir þrír áratugir eru sem sagt síðan Þröstur hóf afskipti af íþróttum fatlaðra og hann er enn að.

Árið 1983 ákvað Þröstur að taka sér eins árs frí frá íþróttakennslu. Þá hafði hann þjálfað yngri flokka hjá Þór á hverju sumri í um það bil áratug, auk þess að vinna sem málari hjá Kristjáni H. Benediktssyni

málarameistara. „Það var sama hvað ég þurfti að skjótast mikið í burtu vegna íþróttanna, Kristján vildi alltaf hafa mig í vinnu á sumrin og það var gott að vinna fyrir hann.“

En hann vildi sem sagt breyta til um tíma og hélt utan 1984. „Það var pakkað ofan í töskur og sparibíllinn seldur – það má eiginlega segja að hann hafi verið borðaður, því þó að ég hafi verið í frí á launum dugðu launin engan veginn fyrir því sem ferðin kostaði. Þarna vorum við Gunnhildur búin að eignast þriðju dótturina og fimm manna fjölskyldan dreif sig vestur til Bandaríkjanna til eins árs dvalar. Ágætur vinur okkar sem var í Colorado, Reynir Eiríksson, útveggaði okkur húsnæði og kom mér inn sem gestastúdent í University of Colorado í Boulder.“

Þröstur var gestanemandi í íþróttatræðum þennan vetur. „Ég fékk að sækja alla tíma sem ég vildi; fékk leyfi hjá kennurunum til þess að taka glósur og fylgjast með öllu, en ég var ekki þarna til þess að taka próf. Það hefði orðið miklu

dýrara en ég þurfti bara að borga lágmarksgjald.“

Þrestur þykir Boulder geysilega fallegur staður og skemmtilegur en fjölskyldan var þar fram í ágúst 1985. Ása dóttir hans var mikið á skíðum árið í Boulder og stóð sig mjög vel. Bergljót var í high-school og stóð sig frábærlega á þeim vettvangi að sögn Þrastar. Yngsta dóttirin, Margrét Kristín, var aðeins eins árs.

Bergljót Þrastardóttir er í dag kennari við Lundarskóla á Akureyri, sambýlismaður hennar er Jón Ívar Rafnsson og þau eiga tvö börn. Ása Sigríður á einn son og er kennari við Árbæjarskóla í Reykjavík þar sem gamall vinur Þrastar frá Ísafirði, Ingvar Einarsson, er skólastjóri. Yngsta dóttirin, Margrét Kristín, nemur nú viðskiptalögfræði í háskólanum á Bifröst.

Fljótlega eftir að fjölskyldan fór utan komst Þrestur í samband við tvo landa sína sem búsettir voru í Colorado ríki. Annar var Ísafirðingurinn Steini Kobbba, Steinþór Jakobsson, sem nú er látinn, en hinn Úlfar Skæringsson býr enn í Aspen. Þeir unnu báðir hjá sama lyftufyrirtækinu að sögn Þrastar. „Í lok nóvember fór fram heimsbikarmót í stórsvigi í Aspen og ég hringdi þá í Úlfar, sem sá alltaf um öll öryggismál innan keppnissvæðisins á þessu móti í Aspen, og spurði hvort hann gæti útvegað mér húsnæði því mig langaði að koma og sjá mótið. Það varð úr að ég heimsótti Úlfar og hann útvegaði mér frítt inn á mótið og á skíði og ég kynntist fjölskyldu hans vel – sem var virkilega gaman. Ég talaði við Steina Kobbba í síma og heimsótti hann svo í júlí 1985 og gisti hjá honum í fjóra daga.“

Úlfar og Steini Kobbba voru báðir landsfrægir skíðamenn á sinni tíð. Á þessum tíma stundaði Úlfar garðyrkjuvinnu á sumrin en Steinþór vann við smíðar.

Á meðan Þrestur dvaldi ytra fór hann að kanna möguleika á því að kynna

sér vetraríþróttir fyrir fatlaða. „Í janúar 1985 var hringt í mig og mér boðið í viku til Winterpark til þess að skoða búnað og kennslu,“ segir hann. Þrestur segir mjög áhugavert kerfi fyrir hendi vegna vetraríþróttar fatlaðra í Denver og nágrenni. „Þarna var nokkurs konar banki með öllum græjum, mismunandi eftir því hvernig fólk er fatlað og hvort það vildi stunda svig, vera á gönguskíðum eða eitt-hvað annað.“

Körfuboltaáhugamaðurinn Þrestur naut sín líka í Colorado. „Ég fór oft á leiki hjá Denver Nuggets, og eftirminnilegasti leikurinn var þegar Larry Bird og félagar í Boston Celtics komu í heimsókn og voru bara með sex leikmenn; það var bara einn skiptimaður! En það skipti engu máli – það var ótrúlegt að sjá Bird spila körfubolta; þetta var áður en hann meiddist í baki og hann var á við þrjá menn. Hann virtist vera með augu allan hringinn því hann vissi alltaf nákvæmlega hvar allir hinir voru. Það var frábært að sjá svona leiki með eigin augum og allt annað en að horfa á í sjónvarpinu.“

Fjölskyldan fór svo heim síðsumars 1985 eins og til stóð. „Ég dreif mig aftur í kennslu. Mér bar skylda

til þess eftir að hafa fengið ársleyfi og gerði það auðvitað. Ég datt þá aftur inn í skíðaráðið en var búinn að minnka aðeins við mig; var hættur að þjálfar yngri flokkana hjá Þór, en það gerði ég í 12 ár, og í ein fimm ár var ég með alla yngri flokkana! Ég man eftir því að 1984 var ég með 2. flokk Þórs og þá voru 25 eða 26 strákar sem æfðu sem þótti mjög sérstakt. Ég efast um að nokkurs staðar hafi verið stærri leikmannahópur í þessum aldursflokki.“

ÍBA

Þrestur hefur lengi verið formaður Íþróttabandalags Akureyrar (ÍBA). Hann tengdist ÍBA fyrst 1974, fljótlega eftir að hann kom til Akureyrar, er hann varð fulltrúi Þórs í framkvæmdastjórn bandalagsins. Hann gegndi því hlutverki í 10 ár en 1989 var hann svo beðinn um að koma aftur til starfa hjá ÍBA. „Þá kom til mín maður og spurði hvort ég vildi gerast starfsmaður ÍBA í hlutastarfi. Ég tók boðinu og fyrsta verkefnið mitt var að undirbúa, ásamt góðvini mínum Hermanní Sigtryggssyni, Vetraríþróttahátíð ÍSL sem þá var haldin í þriðja skipti á Akureyri. Við ákváðum að hafa



Útskrifaður frá Challenge Aspen skólanum í Colorado í Bandaríkjunum í febrúar 1999. Aftari röð. Margrét, Þrestur og konan hans, Margrét Kristín Sölvadóttir, Sara og Mack. Fremri röð; Jim og Amenda, en Guðjón gaf þeim íslenska fánann og kortið að skilnaði.



Árið 2000 var fyrsta skíðanámskeið fyrir fatlaða á Íslandi haldið á Akureyri. Þangað komu þessir 6 kennarar frá Challenge Aspen skólanum í Bandaríkjunum. Á innfelledu myndinni má sjá Hörpu Björnsdóttur frá Ísafirði og dóttur.

hátíðina svolítið öðruvísi en fram að þessu – brutum dagskrána upp og hátíðin stóð í fleiri daga en áður. Ég held að það hafi verið gott að breyta til og hátíðin vakti mikla athygli.“

Þröstur fékkst við ýmis verkefni sem starfsmaður ÍBA, m.a. að sjá um borgakeppni sem var þannig hugsuð að fá sem flesta íbúa bæjarins til þess að hreyfa sig. „Ýmsir bær í Evrópu kepptu, tveir og tveir, og Akureyri keppt við borg í Israel. Á þeim stað sem tapaði átti bæjarfáni hins að vera uppi í heilt ár en Akureyringar stóðu sig svo vel að við þurftum ekki að hafa neinar áhyggjur...“

Árið 1994, þegar ÍBA varð 50 ára, var Þröstur beðinn um að verða formaður. Hann sagði enn einu sinni já, tók embættið að sér og gegnir því enn í dag. „Það hafa orðið miklar breytingar á starfsemi ÍBA síðan 1994, í dag fá íþróttafélög bæjarins t.d. frían aðgang að öllum íþróttaðöngum eftir að skóladegi lýkur og við erum með samstarfssamning við bæjarfélagið um ýmislegt sem snýr að mannvirkjagerð, afrekssjóði og fleiru. En á móti ber okkur skylda til þess að fylgjast með rekstri félaganna í

bænum, og við förum yfir stöðuna á þriggja mánaða fresti. Þetta er stærsti þátturinn í okkar vinnu.“

Aftur til Colorado

Það var 1997, eftir að Þröstur var kominn í stjórn Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands á Akureyri, að ákveðið var að halda námskeið hér á landi um vetraríþróttir fatlaðra og margskonar búnað þeim tengdum. „Ég lagði mikið upp úr því að hér yrði kynntur búnaður fyrir fatlaða; mundi eftir Winterpark, þar sem ég kom í Bandaríkjunum og Magnús Ólafsson var með mikið af upplýsingum frá Noregi.“

Hingað kom maður að nafni Paul Space, sem er fatlaður eftir bílslys, með ýmskonar búnað; t.d. tvenns konar skíði fyrir þá sem hafa lamast, búnað fyrir fjölfatlaða og fólk sem getur staðið en hefur ekki jafnvægi, og þá sem hafa misst útlím, og líka sleða fyrir þá sem eru lamaðir. „Vetraríþróttamiðstöðin ákvað svo að létta á Paul og kaupa af honum allan búnaðinn svo hann þyrfti ekki með hann til baka. Þetta var fyrsti búnaðurinn fyrir fatlaða sem var til í Hlíðarfjalli en nokkrum árum áður fékk Íþróttasamband fatlaðra gef-

inn búnað sem hafði verið prófaður í Reykjavík.“

Í framhaldi af heimsókn Space jókst áhugi hér á landi á því að læra meira um margumræddan skíðabúnað fyrir fatlaða. „Paul benti mér á fyrirtækið Challenge Aspen, sem er á staðnum þar sem Steini heitinn Kobbá átti heima í Colorado, en það hefur það að markmiði að bjóða upp á kennslu fyrir leiðbeinendur og námskeið fyrir fatlaða iðkendur. Hann bauðst til þess að hafa samband við þetta ágæta fyrirtæki og þegar hann sendi mér aftur línu var allt klárt – mér sagt að ég gæti komið út, ef ég vildi.“

Þröstur fór aftur til Colorado í nóvember 1998. „Við Gunnhildur skildum tveimur árum áður og þarna var ég kominn í sambúð með Margréti Kristínu

Sölvadóttur, sem á tvær uppkomnar dætur og eitt barnabarn. Við drifum okkur út; einhvern tíma hafði ég sparað einhverjar krónur í banka og ákvað að eyða þeim peningum í þetta. Við fengum húsnæði í Basalt, sem er 20 km keyrsla frá Aspen og það vildi svo skemmtilega til að það var Íslendingur sem átti húsnæðið, en ég vissi það reyndar ekki fyrr en ég kom á staðinn.“

Þau Þröstur komu út 14. nóvember og fyrsta námskeiðið hófst skömmu síðar. „Það má segja að ég hafi verið í skíðaklossum átta tíma á dag alveg stanslaust fram að jólum!“

Um jólin hafði Þröstur tekið að sér verkefni. „Þarna kom margt fólk um jólin með fötlud börn sín, víða að úr Bandaríkjunum; fólk sem vildi fara á skíði með barninu. Ég var þá orðinn starfsmaður – án launa, það tek ég skýrt fram! – og tók að mér að vera með bæði hópa og einstaklinga. Ég man að í janúar kom hópur frá Los Angeles á sérstakt námskeið fyrir fjölfatlaða og mér var falið að taka að mér einn nemanda meðan á námskeiðinu stóð. Þetta var sjö ára svartur strákur, hann hafði aldrei séð snjó og fósturmóðir hans sem kom með

honum sagði að hann hefði aldrei brosað og aldrei hefði komið stuna upp úr honum.“

Drengurinn var farinn að brosa á þriðja degi og gaf fljótlega frá sér hljóð, að sögn Þrastar. „Ég hélt að stjúp móðirin myndi falla í yfirlið þegar hún heyrði í honum því hún trúði ekki sínum eigin eyrum. Dvölin þarna breytti öllum börnunum, þeim leið svo vel á staðnum.“

Fljótlega eftir að Þröstur kom aftur heim til Íslands í janúar, fékk hann hringingu að utan og þær upplýsingar að haldið yrði námskeið í skíðapjálfun fyrir blinda og sjónskerta í febrúar. Það hafði ekki staðið til þegar hann sneri heim, skömmu áður, en það breyttist og Þröstur ákvað að slá til og dreif sig aftur út í febrúar. „Strax um vorið boðuðum við svo til námskeiðs hér á Akureyri til að kynna útbúnað sem ég sá þarna og þennan möguleika fyrir blinda og sjónskerta.“

Námskeiðið var mjög vel sótt, sérstaklega af fólki sem átti fötluað börn, segir Þröstur og í framhaldinu var ákveðið að Vetraríþróttahátíðin árið 2000 yrði fyrir fatlaða líka.

„Það heppnaðist mjög vel og ákveðið var að stofna vetraríþróttanefnd innan Íþróttasambands fatlaðra sem héldi námskeið á hverju ári, og við sáum fyrir okkur að til yrði kjarni sem myndi taka að sér að sjá um þessi mál á skíðasvæðum landsins.“

Ekki er hægt að segja að blásíð hafi byrlega næstu árin. Árið 2001 var nánast ekkert hægt að vera á skíðum vegna snjóleysis, 2002 var smá snjór og nemum í Íþróttakennaraskólanum voru kynntar vetraríþróttir fyrir fatlaða en 2004 og 2005 var nánast ekkert hægt að skíða. „Við djöfluðumst aðeins í sköflum sem þó var varla hægt að renna sér í. Við höldum að við værum að missa tókin á þessu og að fólk missti áhugann, en við vitum nú hvað hefur gerst í Hlíðarfjalli. Ég hef farið nokkrum sinnum til Challenge Aspen síðan 1999 – bæði með iðkendur og þjálfara – og síðastliðið vor kom aftur hópur þaðan til okkar. Við fengum liðlega 100 manns á bóklega kynningu í Reykjavík og hér fyrir norðan höldum við svo tvö



Dæturnar Margrét Kristín, Ása Sigríður og Bergljót (Begga).

verkleg námskeið og bókleg, annað fyrir Íþróttakennaraskólann og hitt fyrir iðkendur og aðstandendur. Þetta var virkilega gott og margir sem sýndu málinu áhuga, ekki síst sjúkrapjálfarar en við höfum einmitt viljað kynna þeim þetta og fá þá til þess að benda fólki á möguleikana.“


Þröstur situr í vetraríþróttanefnd Íþróttasambands fatlaðra ásamt Svan Ingvarssyni á Selfossi, Lilju Guðmundsdóttur frá Reykjavík, Herði Finnbogassyni á Akureyri, sem hefur starfað í Hlíðarfjalli og aðstoðað fatlaða þar, og Þröstur segir það von þeirra að áfram verði kynntir þeir möguleikar sem fötluaðum standa til boða og að þeir geti fengið nauðsynlega þjónustu á öllum skíðasvæðum landsins. „Ég veit að Guðmundur í Hlíðarfjalli ætlar sér að hafa aðstöðu fyrir hendi hjá sér og ég veit að menn í hans stöðu á öðrum skíðasvæðum myndu vilja gera slíkt hið sama ef fólk er tilbúið til þess að aðstoða við það.“

Þröstur og Akureyri

Svo skemmtilega vildi til á sínum tíma að fyrsti leikur Þrastar með meistara-flokki ÍBÍ í knattspyrnu var gegn ÍBA á Akureyri, eins og áður er getið. Fyrsti leikur körfuboltafélagsins á Ísafirði á sínum tíma fór að vísu fram í Hálogalandi í Reykjavík,

en var gegn liði Þórs frá Akureyri og Þröstur var vitaskuld í því liði. Tilviljun? Ég veit það ekki; Akureyri skiptir Þröst altjént miklu máli, þar hefur hann fest rætur og störf hans hafa ekki síður skipt bæinn og íbúa hans miklu máli. Það er ekki ofmælt og honum verða örugglega seint fullþökkuð öll þau fjölpættu og ótrúlega miklu störf sem hann hefur innt af hendi á þeim vettvangi.

Að endingu telur sá sem þetta skrifar við hæfi og fullkomlega eðlilegt – sem Akureyringur, gamall nemandi Þrastar, lærisveinn hans í íþróttum, samstarfsmaður og vinur – að þakka Ísfirðingum kærlega fyrir sendinguna...



Barnabörnin. Arnaldur Jónsson, sonur Beggu. Ymir Sigurðsson, sonur Ásu og Hildur Lilja Jónsdóttir, dóttir Beggu.

Skráningar á Leit.is og þinn vefur sést

Leit.is býður uppá
heildarlausa á vefskráningum
í LEITARGRUNNINN, ÞJÓNUSTUSÍÐU
og í FYRIRTÆKJASKRÁ.
Eitt samtöl og málið er leyst.



588 7252

leit.is

SKG
veitingar

Hótel Ísafirði
Silfurtorgi 2
Sími 456 3360
Fax 456 3370
skg@heimsnet.is

Brúðkaup
Afmæli
Fermingar
Smáréttir
Fundir
Ráðstefnur
Veisluþjónusta
Erfidrykkjur



Framleiðum sérsníðnaðar innihurðir, innréttingar, inniglugga, glerveggi, hljóðdeyfiplötur, skilti, húsamerkingar og fleira. Tökum einnig að okkur almenna smíðavinnu, uppsetningar innréttinga og innihurða og dúkalögn. Aðstoðum við hönnun og hugmyndavinnu. Gerum verðtilboð. Upplýsingar í síma 456-3622



**Eyjólfur
Björgmundsson**
löggtur rafverktaki

RAFRÓS ehf

Bakkabraut 12, Kópavogi, Sími: 544 4099
Bílasími: 893 5565

Almenn raflagnþjónusta
Nýlagnir – Teikningar
Endurnýjun á eldra húsnæði
Dyrasímar

MINNINGARKORT

Minningarsjóðs Fjórðungssjúkrahússins á
Ísafirði um Úlf Gunnarsson, yfirlækni

Kortin fást á eftirtöldum stöðum:

- FSI, afgreiðslu, sími 450 4500, alla virka daga kl. 8-16.
Hægt er að greiða símleiðis með giró eða greiðslukorti.
- Bókaverslun Jónasar Tómassonar, Ísafirði,
opíð á virkum dögum kl. 9-18 og laugardaga kl. 10-12.
- Blómaturinn, Ísafirði, opíð virka daga kl. 10-18,
laugardaga kl. 10-18 og á sunnudögum kl. 13-16.

Minningarsjóðurinn er notaður til tækjakaupa fyrir sjúkrahúsið



Lágmarksgjald w kostnaðar er 500 kr.

Ferjan Baldur

er vegurinn til
Vestfjarða.
Þú stýttir leiðina
og nýtur náttúrufegurðar
Breiðafjarða.
— Hægt er að stansa í
Flatey milli ferða.

Upplýsingar
S: 438 1450



Ísfirðingafyrirtækið Silfurtún ehf. í Garðabæ sérhæfir sig í smíði
endurvinnsluvéla fyrir pappírsúrgang:

Smáfyrirtækið sem varð á augabragði að stærsta fyrirtæki heims á sínu sviði

– eftir kaup á Emery International Developments Limited
í Kanada skömmu fyrir áramótin

Viðtal: Hörður Kristjánsson.

Silfurtún ehf. í Garðabæ er eitt fárra fyrirtækja á Íslandi sem byggja alfar-
ið á nýtingu á hráefni sem
til fellur sem úrgangur í
neyslusamfélaginu. Hefur
það gengið mjög vel á síð-
ustu árum og varð nú fyrir
áramótin skyndilega stærsta
fyrirtæki heims á sínu sviði.

Friðrik Ragnar Jónsson er
framkvæmdastjóri fyrirtæk-
isins, en hann er fæddur
1956 og sonur Jóns Örnólfs
Bárðarsonar kaupmanns
á Ísafirði (fæddur og upp-
alinn í Bolungarvík) sem
er látinn og Salóme M.
Guðmundsdóttur sem nú
býr í Garðabæ. Friðrik er
kvæntur Kesara Margréti
Anamthawat Jónsson próf-
essor við Háskóla Íslands
og eiga þau eina dóttur,
Salóme sem er á áttunda
ári.

Jón og Salóme eignuðust
soninn Bárð Guðmund
1948 en hann lést um
tveggja ára aldur. Næstur honum
kom séra Örn Bárður sóknarprest-
ur í Nesprestakalli fæddur 1949,
síðan Friðrik Ragnar fæddur
1956. Hálfbróðir þeirra er Grétar
Steinarsson sem býr í Svíþjóð.


„Ég ólst upp á Ísafirði til tíu ára
aldurs,” segir Friðrik. „Þá fluttum
við suður og upp frá því bjó ég í
Garðabæ þar til ég fór í verkfræði-
nám til Bandaríkjanna. Þar lærði
ég flugvélafræði sem snýst um
hönnun og smíði á flugvélum. Ég
kom aftur til landsins árið 1980
og hóf þá vinnu hjá Arnarflugi og
síðan hjá Flugleiðum, bæði sem
flugmaður og verkfræðingur. Var

m.a. lengi á Fokker og flaug á
Ísafjörð og það var það skemmti-
legasta sem ég gerði á mínum ferli
sem flugmaður.

Eftir þetta sneri ég mér alfarið
að fyrirtæki sem faðir minn og
bróðir hans höfðu stofnað, en það
var þakpappaverksmiðja. Þá var fyr-
irtækið byrjað á endurvinnslu á
pappír. Við þetta hef ég starfað
alfarið síðan 1995, en fyrirtækið
snýst nú eingöngu um smíði véla
til endurvinnslu á pappír og hefur
náð mjög góðum árangri á því
sviði. Í dag er þetta fyrirtæki orðið
leiðandi í heiminum á sínu sviði.”

Breyttar umhverfiskröfur um

allan heim hafa ýtt undir end-
urvinnslu á ýmsum efnum til að
minnka umfang sorps og til að
vernda náttúruna fyrir stöðugt
auknum úrgangi, sem kemur frá
athafnasemi mannsins. Þetta hefur
orðið vatn á myllu fyrirtækja eins
og Silfurtúns. Árið 1989 samþykkti
Alþingi lög um umhverfismeng-
un af völdum einnota umbúða.
Í þeim var fjallað um söfnun og
endurvinnslu á innfluttum ein-
nota umbúðum og þeirri starfsemi
tryggðar tekjur með lögskipuðu
gjaldi. Áður höfðu einstaklingar
og fyrirtæki farið af stað á eigin
spýtur að byggja upp slíka þjóð-



Friðrik Ragnar Jónsson
Mynd: HKr.

þrífastarfsemi með ærnum kostnaði. Eitt þeirra fyrirtækja var Silfurtún ehf. í Garðabæ.

Upphafið var þakpappaverksmiðja

„Fyrirtækið var stofnað, eins og fyrr segir, af föður mínum og bróður hans sem þakpappaverksmiðja árið 1954. Eftir að ég kom úr verkfræðinámi vildi ég stækka fyrirtækið og bætti við það pappírshandrunni. Það var grunnurinn að fyrirtækinu eins og það er í dag. Þegar við byrjuðum á þessu féll talsvert til af pappír úr þakpappaverksmiðjunni. Við fórum því að hugsa af hverju ekki að reyna að endurvinnna þennan pappír. Við höfum síðan unnið að þróun á þessari vörutegund.“

Friðrik segir að þróunin hafi orðið sú, að fyrirtækið hafi sérhæft sig í framleiðslu véla til að endurvinnna pappír í margvíslegar mótadur umbúðir. Starfsmenn fyrirtækisins við hönnun og þróun eru 7 talsins í dag, en vélarnar sjálfar eru framleiddar hjá samstarfsaðilunum Samey og Héðni í Garðabæ.

Í eggjabakkaframleiðslu

Í byrjun voru hönnuð tæki og búnaður til að framleiða eggjabakka úr endurunnum pappír. Þróunarstarf fyrirtækisins kostaði mikla þrautseigju og útgjöld vegna þróunarkostnaðar. Fyrirtækið hefur náð góðum tókum á framleiðslunni, en þrátt fyrir það hefur það þurft að heyja harða baráttu við fordóma, og ofurtrú Íslendinga á allt sem innflutt er. Þannig héldu stærstu eggjabúin áfram að flytja inn sínar umbúðir fyrir tugi milljóna króna ár hvert í stað þess að styðja við bakið á þessari nýsköpun sem hefði getað annað allri innanlandspörfinni.

Stórir í Frakklandi

Lítill áhugi Íslendinga leiddi til þess að eggjabakkaframleiðslunni var hætt hér innanlands fyrir tíu árum, en slík framleiðsla aftur á

móti sett á fót erlendis. Á síðasta ári var t.d. um einn þriðji af allri eggjabakkaframleiðslu Frakka frá Silfurtúni og er svo búið að vera síðastliðin sex ár. Þannig var 1,5 milljarðar eggja í Frakklandi seldur í Silfurtúnsumbúðum á síðasta ári.

Þótt eggjabakkaframleiðslunni væri hætt hér innanlands, var ekki látið þar við sitja, heldur haldið áfram að þróa vélar til að móta pappírsmassa af mikilli nákvæmni. Þannig var ætlunin að framleiða úr endurunnum pappír hágæða innri umbúðir sem stæðust sam-anburð við gerviefnaframleiðslu, m.a. frauðplastumbúðir.

Iðnaðarumbúðir

Áherslur í vistvænu umhverfi kölluðu á aukna notkun vistvænni umbúða. Innri umbúðir, sem notaðar eru til að hlífa viðkvæmum hlutum s.s. sjónvörpum, útvörpum, tölvum o.fl. er ein tegund þeirra umbúða. Forsvarsmenn Silfurtúns sáu möguleika í þessu og hófu fljótlega að framleiða vélar fyrir iðnaðarpakkningar til útflutnings, m.a. til Kóreu.

Varðandi iðnaðarpakkningarnar voru gerðar meiri kröfur um nákvæmni en í eggjabakkaframleiðslunni. Varð því að hanna vélar, þar sem þurrkunin á mótuðum pappírsmassanum fór fram í mótunum sjálfum, í stað þess að þurrka umbúðirnar eftir að þær voru teknar úr mótunum. Þetta tókst í lok tíunda áratugarins og í dag er fátt annað en ímyndunaraflíð sem hamlar því, sem hægt er að gera úr endurunnum pappír.

Fremstir á sínu sviði

„Við höfum síðan unnið að þróun á þessari vörutegund og erum búnir að selja vélar til 35 landa og stöðugt fleiri að bætast við. Í dag erum við eingöngu í því að hanna og framleiða vélar til endurvinnslu á pappír. Núna eru í sjálfu sér engin takmörk fyrir því, hvað við getum gert úr endurunnum pappír. Við teljum að við séum fremstir í heiminum í þessari tækni

í dag, en gríðarlega mikill vöxtur er í allri notkun á vistvænum umbúðum.“

Friðrik segir, að fram til þessa hafi fyrirtækið ekki sótt um einkaleyfi á sinni hönnun. Ástæðan er kostnaður, og sú staðreynd, að einkaleyfi getur verið tvíeggja sverð. Til þess að fá einkaleyfi þarf að leggja öll spilin á borðið, bæði teikningar og annað varðandi hönnun vélanna. Það getur síðan auðveldað keppinautum að fara svipaðar leiðir. Þá getur líka reynst erfitt að fá einkaleyfi á vöru sem byggir á mjög fjölpætri þekkingu á mörgum sviðum. Þrátt fyrir þetta eru ákveðnir þættir sem Silfurtún telur nauðsynlegt að verja með einkaleyfi og er nú verið að sækja um einkaleyfi á ákveðnum hlutum.

Einn mjög athyglisverður hlutur, sem Silfurtún hefur hannað vélar til að framleiða, er þvagflaska fyrir sjúkrahús. Hún er búin til eins og annað sem fyrirtækið framleiðir úr endurunnum pappír, en er samt vökvaheld. Er nú verið að setja upp vélar til slíkrar framleiðslu fyrir sjúkrastofnanir í Bretlandi. Þá er í athugun að setja upp vélasamstaðu hérlandis til framleiðslu á margvíslegum umbúðum fyrir innanlandsmarkað.

Nú fyrir áramótin urðu hins vegar algjör þáttaskil í þróun fyrirtækisins er það keypti eitt af þrem stærstu fyrirtækjum í þessari grein í heiminum, en það er Emery International Developments Limited í Toronto í Kanada. Þá var Silfurtún á síðustu dögum ársins 2006 einnig að ganga frá stórum samningi við fyrirtæki í Rússlandi um sölu á vélbúnaði frá Silfurtúni til eggjabakkaframleiðslu.

Friðrik segist oft sakna verunnar á Ísafirði. Hann segist ekki fara nógu oft vestur, en er búinn að lofa sjálfum sér því að fara og heim-sækja bróður sinn, sr. Örn Bárð Jónsson, með vorinu, en hann mun þá hugsanlega leysa séra Magnús Erlingsson af um tíma, eins og hann gerði reyndar líka síðastliðið haust. – „Þarna eru ræturnar sem aldrei slitna.“

Ljóð

Haukur Sigtryggsson

Á leið

Pokan, sem læðist og líður frá sjónum inn dalinn,
lætur mig týna því marki er að skyldi keppa,
setið og farið, sama hvor leiðin er valin,
sýnist nú mörgum, og flest vilja að okkur kreppa.

Mörgum er hætt, svo auðgert að villast á vegi,
vafra í þoku hringslóða lítilla gerða,
jafnvel að þekkja þann mun á nóttu og degi
er þrenging í huga og letur til áhættuferða.

Verk mitt og skyldu þó við hef ég löngum dvalið,
vandnum bægt og snúið jafnan frá miska,
leitt þar minn huga er lífssporið fengi ég valið,
lagt á þann veg er fjarlægðist móðu og giska.

Hvort sem ég rata nú raungóða vegi og slóða
skal rakin til fulls sú hnoða er mér vísar,
ég bið ekki um gull, en væri gagn í því góða
sem grær helst á vegum goða og dísar.

Meinabót

Sat ég einn og sá í heimi
sólu gengna,
eynd og basl hjá öllum lýði,
áttavilla, mein og kvíði.

Mátti ég til að miðla lífi,
mein að bæta,
völdu lúta viljans taki,
veita hjálp að tjaldabaki.

Afl þó hefði ekki mikið,
óð né stemmu,
skyldi þó í hljóði hlýða,
hlynna að þeim sem lengstum bíða.

Sveif minn andi út um lönd
og ótal geima
í leit að því sem lífgað gæti
ljóð og vakið mína kæti.

Semja vildi ég sálu minni
sögu nýja,
stuðla fella ljúft að ljóði,
láta stemmu valda hljóði.

Kveða svo að hulduheimum
héðan gæfi
yl og ljós á lífsins vegi,
ljóma guðs á nýjum degi.

Einn í lífsins leik

Dreyminn lítill drengur
dundar einn við hlein,
skel í fjöru finnur,
í flæðarmáli stein,
ígulker og aða
ævintýrið laða
fram í huga hans.

Sendlingur á sandi
sínnum hagi býr.
Á öðru andartaki
opnast heimur nýr,
hrúðurkarl á kletti
og kórallinn óslétti
lokka dreyminn dreng.

Krossfiskur og krabbi
í kynjaverur breytast,
marflær margar saman
milli steina þeytast,
þarabólur brúnar
og bláskeljarnar snúnar
leika létt við hann.

Fremst á fjörutanga
föngulegur sveinn
smíðar bát úr brekum,
býr hann seglum einn.
Siglir djarft frá sandi
í sínu draumalandi,
einn í lífsins leik.

Draumþegi minn

Í fjarlægum draumi þú finnur til mín,
þó festir það varla í sinni,
en reynir að muna og raða í sýn
reynslu af nóttinni þinni,
er dagsönnin hefur dregið til sín
draumanna stopula minni.

Þú leitar um hugann til lausnar á því
sem léti þig skynja og vita
úr drauminum tíðindin dagleg og ný
er dragi upp mynd sinna lita
og sýni þér jörðina sem ég á bý
í sólkerfi fjarlæggra hnita,

En þó að í alheimsins áttleysu sé
erfitt að sýna þér leiðir,
má finna þann straum er stælir öll vé
svo standi þér vegirnir greiðir
og láti þér magnan margfalda í té
sem mæli þér lífgeislar breiðir.

En mundu þá hitt, að hamingjan er
haldreipi sem má ei gleyma,
og hver sem að ólmur um úthnetti fer
óttist ei svipmikla heima,
því lífgeisli bjartur um lífheima fer
og lætur þig til okkar dreyma.

Þú ert að vestan....

Þú ert að vestan,
sagði gamli maðurinn,
o, já, o, já, svona rétt eins og ég,
svona rétt eins og ég.
Þekkirðu þá ekki ilm skuggans
sem læðist niður lynghlíðina
og gerir þér
undarlegar tilfinningar?
Þekkirðu þá ekki kitlandi sprikl
lækjarskvettunnar
á berum fótum kennda þinna?
Þekkirðu þá ekki sjólæðuna
sem smýgur inn
með ströndinni
og felur þig fyrir sjálfum .þér
þegar þú ekki vilt?
O, já, kannske manstu þetta ekki,
kanské varstu of ungur
þegar þú féllst úr hreiðrinu.

ófleygir ungar fljúga ekki til baka.

Líttu í auga afa

Líttu í auga afa,
afa sem er genginn
langt á lífsins vegi,
langt á brautu sinni.
Sjáðu sólargeisla,
sindur augnasteina,
lýsa ljósum degi
löngu týndra minna.

Veistu að auga afa
áttu kannske í þínu,
öll hans unaðsminni,
allt hans fjör og kæti,
líka hitt sem hefti
hefur þú í blóði,
tár og tregasinni,
trú og eftirlæti.

Láttu auga afa
eldi lýsa veginn
fram á við sem fetar
fósturjarðarbrána.
Það er hann sem þraukar
þorrann fram á góu
hvort sem himinn hretar
eða hellirignir blána.

Finndu auga afa
á þér hvíla löngum,
bæta ráð og bægja
böli af þeim slóða
þar sem hrekkur hrokans
hræðir góðan vilja,
láttu öldur lægja,
líttu augað góða.

Mundu auga afa
eftir að hann er genginn
burt af bræðra moldu,
burt úr þínum degi.
Eigðu þá í auga
andartökin smáu,
finndu yl úr foldu,
finndu nýja vegi.

Kynntu þér tilboðin á bonus.is


Allt að 40% læggra vöruverð

EKKERT
BRUDL

*Sama verð
um allt land!*

Bónus býður betur!

www.bonus.is



ERIKALINDBER



Hvað ef útiljósinn hefðu verið kveikt?

Við sumum spurningum fást bara engin svör.

Óhöpp henda okkur og við því er ekkert að gera.

En þú getur brugðist við strax með því að tryggja hjá tryggingarfélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Það er vonlaust að ætla sér að skilja hugsunarháttinn hjá innbrotspjófum að störfum. Það eina sem þú getur reitt þig á, ef þú verður fyrir barðinu á þeim, er að rétt trygging bætir fjárhagsskaðann.

Heimatrygging TM veitir fjölbreyttar tryggingalausnir fyrir fjölskyldur og einstaklinga, þar sem lögð er áhersla á gegnsæi trygginganna. Hún býðst í fjórum flokkum, **TM1**, **TM2**, **TM3** og **TM4** sem hver um sig inniheldur ólíka tryggingavernd. Innbútrygging er hluti af þeim öllum og bætir m.a. tjón af völdum bruna, vatns og innbrots.

Dæmi um hvað Innbútrygging í Heimatryggingu TM bætir:

- // Ef brotist er inn í læsta íbúð þína og hlutum stolið, færðu tjónið bætt, svo framarlega sem ummerki um innbrot séu greinileg.
- // Tjón vegna bruna, eldsvoða, eldingar, sprengingar, skyndilegs sótfalls og skyndilegs sótfalls frá kynditækjum færðu bætt.
- // Tjón vegna skemmda sem verða af völdum vatns eða annars vökva sem skyndilega streymir úr leiðslum hússins og tækjum tengdum þeim svo og vatnsrúnum og fiskabúrum færðu bætt.

Dæmi um hvað Innbútrygging í Heimatryggingu TM bætir ekki:

- // Innbútryggingin bætir ekki tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða eða snjóbráðar eða vatns sem þrýstist upp úr skolpleiðslum.
- // Bætir ekki skaða sem verður af völdum glóðar vegna tóbaksreykinga eða frá eldstæði.
- // Bætir ekki tjón sem verður vegna þjófnaðar á eða úr tjöldum eða tjaldvögnum.

Heimatrygging TM

TRYGGINGAMIDSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is

BLANKA HALLDÓTTIR

Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á. Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á www.tryggingamidstodin.is og fáðu skýr svör.

Ísfirðingamessa í Grafarvogskirkju 3. sunnudagur eftir páska 7. maí 2006:

Bærinn þá var í raun ein stór fjölskylda

– sagði sr. Sveinbjörn Bjarnason þegar hann rifjaði upp gamla tíma á Ísafirði

Séra Sveinbjörn Bjarnason var fenginn til að halda messu Ísfirðingafélagsins síðastliðið vor og var hún að þessu sinni haldin í Grafarvogskirkju. Fjölmenni var við athöfnina, m.a. fjöldi fermingarsystkina sem fædd voru árið 1932, en gefum prestinum orðið:

3. sunnudagur eftir páska 7. maí 2006

Jóh. 16:16-23

Biðjum:

Vertu, Guð faðir, faðir minn,
í frelsarans Jesú nafni.
Hönd þín leiði mig út og inn,
svo allri synd ég hafni.
(H.P.)
Amen.

Náð sé með yður og friður frá Guði föður og Drottni vorum Jesú Kristi. Amen.

Kirkjuhátíð Ísfirðingafélagsins er yfirskrift þessarar samveru okkar hér í Grafarvogskirkju í dag. Kirkjuhátíð. Það felst mikið í því orði. Félagið kys að halda eina slíka hátíð á ári þar sem guðsþjónustan er meginþátturinn. Um leið og við komum saman til að vera þátttakendur í helgihaldinu – eiga þar samfélag við Guð – þá komum við einnig saman til að eiga samfélag við hvert annað, setjumst yfir kaffibolla og njótum veitinga á meðan við endurnýjum og ræktum gömul kynni, stofnum til nýrra, hittum frændfólk sem við höfum ef til vill ekki séð um lengri eða skemmri tíma. Stjórn Ísfirðingafélagsins kys að nota um þessa samveru okkar orðið Kirkjuhátíð. Því fagnar kirkjan og um nokkurra ára skeið hefur þessi hátíð verið haldin og í nokkrum kirkjum hér í Reykjavík. Vonandi



Séra Sveinbjörn Bjarnason. Myndir HKr.

er að þessi hátíð – kirkjuhátíð – sé sá þáttur í starfi Ísfirðingafélagsins sem er kominn til að vera. Kirkjan vill svo sannarlega vera þátttakandi í slíkum hátíðahöldum og vonar, að fræðslan sem ungt fólk fékk og fær enn þann dag í dag á Ísafirði og víðar, megi verða hluti af þeim grunni sem einstaklingarnir byggja á.

En hvað veldur því að Ísfirðingar halda svo mjög saman sem raun ber vitni? Er eitthvað sérstakt við það að vera Ísfirðingur? Við vitum það eitt að það er gott að vera Ísfirðingur. Við eigum vonandi öll góðar minningar frá bernsku okkar, æsku- og unglingsárum á Ísafirði. Dagar okkar liðu við leiki og störf tengd fiskvinnslu, verzlun eða sveitastörfum. Veturnir liðu við störf okkar í skóla og vetrarleiki eins og skíða- og skautuferðir. Heimili okkar og félaga okkar stóðu yfirleitt opin leikfélagahópn-

um – bærinn þá var í raun ein stór fjölskylda þar sem alla varðaði hvernig náunganum leið. Eflaust eiga þó einhverjir minningar um annað – minningar um að hafa ekki átt þetta samfélag með leik- og skólafélögum. Hafa ekki fundið fyrir utanumhaldi frá samfélaginu. Það er miður þegar svo þarf að vera. Ástæður fyrir slíku geta einnig verið fjölmargar. En munum – það er aldrei of seint að stíga fram og ræða slíkar tilfinningar og leita leiða til úrlausna. Fortíðinni verður ekki breytt – en deginum í dag og framtíðinni getum við gefið nýja von – nýtt yfirbragð. Slík samtöl geta einnig fært okkur nýja og trausta vini.

Ísafjörður fyrri tíma bauð ekki upp á þá möguleika til menntunar sem finnst þar núna. Sumar menntastofnanir hafa lagzt af, aðrar komið í staðinn. Við stöðvum þá þróun ekki nú frekar en



Jón A. Bjarnason ljósmyndari rifjar upp gamla tíma við Steinunni (Diddu) Jóns Grímssonar.

fyrrí daginn. Ungt fólk frá Ísafirði fór að loknum Gagnfræðaskóla til frekara náms í öðrum landshlutum og síðar ef til vill í öðrum löndum. Útrás Ísfirðinga hófst því mjög snemma. Ísfirðingar, bæði karlar og konur, hafa látið að sér kveða víða í íslenzku samfélagi og einnig í öðrum löndum. Margur nemandinn á Ísafirði og víðar um land lýkur nú prófum frá skólum víða um heim, jafnvel án þess að hafa nokkurn tíma komið í þá skólabyggingu. Slík er tæknin.

Minningar leita á hugann. Það eru margir sem leita til baka til æskustöðva sinna og festa þær hugsanir á blað. Einn þeirra er Númi Þorbergsson – þekktur textahöfundur. Ekki veit ég hvar hugur hans var þegar hann orti þennan texta:

Þegar lít ég í fjarska fjöllin þar sem forðum svo ungur ég var þá er hjart yfir minningunum um svo margt, sem gerðist þar. Er ég klifraði háa hjalla upp í hæstu brúnir fór og ég trúði því varla að verið gæti veröldin svona stór.

Þá kom yfir mig þessi útþrá svo að engan ég festi blund. Og úr áthögum mínum ég ætlaði bara aðeins um litla stund. Og nú lít ég í fjarska fjöllin þar sem fyrr ég ungur var. Og ef aftur ég kem þangað einhvern tíma er ég sem gestur þar.

Getum við ekki séð æskustöðvar okkar í þessum texta. Fjöllin, sem

umlykja fjörðinn og eru senn ógnandi og verndandi. Fjöllin, sem í fegurð sinni og tign, speglast í spegilsléttum Pollinum á góðviðrisdögum. Mörg okkar hafa efalaust klifrað upp í Gleiðarhjalla og horft þaðan yfir „veröldina“ og undrast hve stór hún var og jafnvel fyllt þar löngun til að skoða hana betur og síðar lagt af stað í þá skoðunarferð sem átti að vera „aðeins um litla stund.“ Kannske varir sú skoðunarferð hjá mörgu okkar enn og við finnum okkur sem gesti þegar við komum til Ísafjarðar – komum heim.

Meðal okkar hér í dag er hópur fermingarbarna – já við notum það orð sama hve gömul að árum fermingarbörnin eru. Þessi börn fermdust í Ísafjarðarkirkju árið 1946 og eru því að minnast þess að 60 ár eru liðin síðan þau hétu því frammi fyrir altari Drottins að þau vildu hafa Jesú Krist að leiðtoga í lífi sínu. Það er yndislegt til þess að vita að þau skuli kjósa að fagna þessum tímamótum hér á Kirkjuhátið Ísfirðingafélagsins. Það sýnir okkur að sáningarstarfið sem fram fór veturinn 1945 til 1946 var ekki til einskis og víst er að allt starf með fermingarbörnum ber ávöxt. Ég leyfi mér að líta á þetta framtak þessa ágæta fermingarbarnahóps sem hvatningu til þeirra sem á næstu árum vilja minnast fermingarafmæla sinna að huga að því hvort þetta er ekki rétti vettvangurinn. Mörg ykkar fóruð frá Ísafirði til náms og um leið að skoða heiminn. Hjá sumum stendur náms- eða skoðunarferðin enn. Önnur búa enn á Ísafirði. Öll eigið þið sameiginlegt að hugur ykkar er bundinn Ísafirði. Hafið heila þökk



Konný og Gróa Ara voru að sjálfsögðu mættar.



Höskuldur gullsmiður, Rannveig og Dúddi (Bragi) Einars höfðu greinilega margt skemmtilegt að spjalla um.



Við flytjum allt og ekkert er of stórt fyrir okkur

Eimskip Flytjandi býður örugga og hagkvæma flutningaþjónustu til um 80 áfangastaða um land allt. Fullkomið upplýsinga- og farmskrárkerfi tryggir örugga flutningastýringu og gott upplýsingastreymi til viðskiptavina.

Hvað getum við flutt fyrir þig? Hafðu samband og fáðu tilboð.

fyrir að vera hér með okkur í dag og til hamingju með tímamótin.

Guðspjall dagsins í dag er tekið úr síðari hluta kveðjuræðu Jesú. Hann er búinn að verja nokkrum tíma í að kveðja lærisveina sína. Kveðjustund er alltaf erfið bæði fyrir þann sem fer og eins þann sem eftir verður. Það var svo margt í orðum Jesú sem var erfitt að skilja. Það var svo margt í fari hans sem var ekki alltaf í samræmi við þær venjur sem ríktu í samfélaginu. En þrátt fyrir það var eitthvað sem dró þá að Jesú og hvatti þá til að fylgja honum – þó þeir skildu hann ekki alltaf. Þeir fundu þó að þeir voru að fá skilning á orðum sem hann hafði sagt við þá í upphafi samfylgdarinnar en þeir skildu ekki þá. Þannig er það með orð Jesú – við skiljum þau ekki alltaf í fyrstu.

A þann veg var lærisveinunum farið þegar Jesús sagði við þá: „Innan skamms sjáið þér mig ekki lengur, og aftur innan skamms munuð þér sjá mig.” Og hann bætti svo við: „Ég fer til föðurins.” Þessi orð voru ekkert auðveld skilnings. Jesús virtist tala í gátum. En hann vissi hvað hann var að segja. Hann var að útskýra fyrir lærisveinunum að hann væri á förum af jarðlífi og myndi fara til föðurins. Þetta var hann í raun búinn að segja þeim nokkrum sinnum en annaðhvort skildu þeir ekki til hlítar það sem hann sagði eða þá að þeir neituðu að trúa því. Þeir höfðu sett allt sitt traust á Jesú – þeir höfðu fórnað miklu, sumir störfum aðrir störfum og eignum. Þeir vissu að boðskapur Jesú var ekki alltaf í samræmi við skoðanir stjórnvalda. Það var samt eitthvað við hann sem fékk þá til að fylgja honum. Þeir höfðu séð hann lækna sjúka. Þeir höfðu séð hann færa von þar sem vonleysi var að ná yfirhöndinni. Þeir höfðu séð hann vekja upp frá dauðum. Þetta var allt svo ótrúlegt en um leið svo stórkostlegt og svo talaði hann svo fallega um kærleika og vináttu og hvað það skipti máli í samskiptum fólks og þeir fundu virkilega að það var rétt. Þeim leið miklu betur eftir að þeir fóru að umgangast Jesú.

Nú var hann að segja þeim að hann væri að fara. Þeir áttuðu sig samt ekki á því hvert hann var að



Aggi Jóns Grímssonar lét sig ekki vanta á Kirkjukaffið.

Það er greinilegt að Didda hans Þórðar úrsmíðs þurfti að spyrja Edda (Ingvar Ernir) Kjartans læknis merkilegar spurningar.



Svenni Elíasar var í essinu sínu með gömlum vinum og kunningjum.



Marías Þ. Guðmundsson, Málfríður Finnsdóttir og Gunnlaugur Guðmundsson



Ísfirsku vinkonurnar í Breiðholtinu; Magnús Grímsdóttir, Ásgerður Kristín (Dedda) Eggertsdóttir og Steinunn Grímsdóttir.

fara. Í upphafi kveðjuræðunnar hafði hann byrjað á að hvetja þá til að vera óttalausir og halda áfram að trúa á Guð. Hann hafði sagt þeim að í húsi föður hans væru margar vistarverur og að hann væri að fara burt til að búa þeim stað. Hann kæmi síðan aftur og tæki þá til sín. Það var svo erfitt að skilja þetta. Það togaðist á í þeim vitneskjan um að dauðinn væri alger, endanlegur, eftir dauðann væri allt búið, og svo það sem þeir höfðu séð: að Jesús hafði kallað dáinn mann aftur til lífs.

Þrátt fyrir allt þá kusu þeir að fylgja honum og þráðu ekkert heitara en svo mætti verða. Hann hafði eitthvað í fari sínu sem dró þá að

og í málflutningi hans og boðskap var eitthvað sem heillaði og gaf góð fyrirheit.

Enn fáum við að heyra þessi góðu fyrirheit. Við höfum aðgang að heilagri ritningu og þar getum við lesið orð Guðs og fyrirheit. Það hafa margir sagt að það sé svo margt í Biblíunni sem sé svo erfitt að skilja. Það er alveg rétt. Það á í raun við um margan texta sem við lesum, við skiljum ekki allt í fyrstu yfirferð. Eitt sinn svaraði þekktur kennimaður manni nokkrum, sem hafði á orði að hann skildi ekki allt sem hann læsi í Biblíunni, að það væri eins með sig; hann skildi ekki allt sem þar stæði. Kennimaðurinn kvaðst hins vegar hafa nóg með að vinna með það sem hann skildi. Gerum þessa skoðun að okkar. Höfum ekki áhyggjur af því sem við skiljum ekki – leggjum okkur miklu fremur fram við að vinna með það sem við skiljum.

Jesús sagði lærisveinum sínum, að innan skamms myndu þeir ekki sjá sig, og að innan skamms myndu þeir sjá sig aftur. Þetta kom allt fram nokkrum dögum síðar þegar Jesús dó á krossinum, var lagður í

gróf og reis þaðan upp frá dauðum og birtist lærisveinum sínum. Án upprisu Jesú frá dauðum væri engin kristni í dag. Hreyfingin, sem myndast hafði í kring um Jesú og var að byrja að ná fótfestu, hefði efalítið lognast út af eftir dauða hans á krossinum. Upprisan breytti öllu. Jesús birtist lærisveinum og gaf þeim kraft sem þeir þörfuðust til að fara út meðal fólksins og færa því fagnaðarerindið sem Jesús hafði boðað.

Jesús talar til okkar í dag. Hann birtist okkur í dag. Hann er í litla barninu sem þarfnast hjálpar. Unglingnum sem þarf liðveizlu okkar til að fóta sig í áreiti dagsins í dag. Hann er í hverjum einstaklingi sem þarfnast hjálpar hvort sem hann er ungur eða gamall. Munum orð Jesú þegar hann sagði: „... það allt, sem þér gjörðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gjört mér.” (Mt. 25:40)

Þannig talar Jesús til okkar í dag. Orð hans eru hvatning til okkar nú eins og þau voru hvatning til lærisveinanna fyrir 2000 árum síðan. Þau eru einnig fyrirheit til okkar nú eins og þau hafa verið síðan þau

voru sögð. Hann sagðist mundu vera meðal okkar, hvar sem tvö eða þrjú eru samankomin í hans nafni, og samkvæmt því fyrirheiti þá er hann meðal okkar hér í helgidómnum í dag. Hann stendur með útrétta hönd og vill fá að vera leiðtogi okkar í dag og áframhaldandi líkt og hann var með í för á fermingardeggi okkar, hvar og hvenær sem sá dagur var haldinn hátíðlegur. Hann bíður þess eins að við tökum í útrétta höndina og segjum: Já, Jesús, ég vil að þú gangir með mér gönguna í dag og áframhaldandi. Ég viðurkenni að ég hef í erli daganna oft gleymt þér og þrátt fyrir þá sekt mína þá veit ég að þú gleymdir mér aldrei og fyrir það er ég þakklátur.

Guð gefi að við göngum öll héðan út með þá játningu í hjarta.

Guð blessi Ísafjörð um alla framtíð.

Dýrð sé Guði, föður syni og heilögum anda. Svo sem var í upphafi, er og verður um aldir alda. Amen.

Meðtakið postullega blessun: Náð Drottins vors Jesú Krists, kærleiki Guðs og samfélag heilags anda sé og veri með yður öllum. Amen.



VESTFIRSKUR FRÓÐLEIKUR
VANDAÐAR BÆKUR


Sögufélag Ísfirðinga var stofnað 18. janúar 1953 og hefur tilgangur þess alla tíð verið að safna, varðveita og kynna hvers konar fróðleik um Vestfirði að fornu og nýju. Ársrit félagsins hefur komið út frá árinu 1956 og er heildarfjöldi lesmálssíðna nú orðinn um 8000 síður. Sögufélag Ísfirðinga hefur auk þess gefið út *Sögu Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna I–IV* eftir Jón Þ. Þór, *Vestfirzka shysadaga* eftir Eyjólf Jónsson, *Frá línuveidum til togveida* og *Fiskvinnsla í sextíu ár* eftir Jón Pál Halldórsson og *Vestanglæður*, afmælisrit tileinkaði Jóni Páli Halldórssyni á 75 ára afmæli hans.

Allar útgefnar bækur Sögufélags Ísfirðinga er hægt að nálgast hjá afgreiðslumanni félagsins: Geir Guðmundsson • Vitastíg 16, 415 Bolungarvík Dreifing í Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag • Skeifunni 3b, 108 Reykjavík

SÖGUFÉLAG ÍSFIRÐINGA

	<i>Ferskur</i>
<i>með</i>	
	<i>flugi</i>
Toppfiskur Fiskislóð 65 121 Reykjavík 562 1344 	

ALVÖRU VESTFIRSKUR
HÁKARL OG HARÐFISKUR



GULLFISKUR

Hollusta í hverjum bita

Fæst í Bónus



SJÓVÁTT ALMENNAR
Silfurtorgi, 400 Ísafirði, sími: 440 2430



Maður verður að vera sæmilega jarðtengdur

– aldrei má gleyma að mannlíf geta verið í húfi segir Helgi Mar Friðriksson, sprengisérfræðingur hjá Jarðvélum

Viðtal: Hörður Kristjánsson.

Helgi Mar Friðriksson, sprengisérfræðingur hjá Jarðvélum ehf., er einn af þessum Ísfirðingum sem gott þykir að leita til þegar mikið er í húfi. Hann hefur víðtæka þekkingu og reynslu af sprengivinnu fyrir verktaka hér á landi og hefur verið eftirsóttur vegna sinnar þekkingar. Hann hóf sinn feril hjá Ístaki við sprengingu Vestfjarðaganga 1992, en lokið var við göngin 1996.

Helgi Mar Friðriksson, sprengisérfræðingur hjá Jarðvélum. Þessi mynd var tekin sl. haust þegar framkvæmdir voru á fullu við gerð mislægra gatnamóta á mótum Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur. Mynd HKr.



Helgi Mar búinn að merkja stein til borunar og sprengingar í gili undir brún Gleiðarhjallans 1995. Mynd Rúnar Óli Karlsson.

Helgi Mar fæddist 3. 11. 1966 og er sonur Friðriks heitins Bjarnasonar málarameistara (Didda á horninu) og Finnborgar Salóme Jónsdóttur. Hann er því bróðir Steinþórs (Dúa) sem fæddur er 1961 og hefur lengst af verið kenndur við veitingastaðinn Krúsina og hefur verið með rekstur Ísafjarðarbíós til fjölda ára. Systir þeirra er málningardrottningin Bjarndís fædd 1954 og Jón Björn fæddur 1948 sem líka er málari.

Helgi Mar heitir í höfuðið á systur sinni sem lést ung að árum en hún hét Helga María og var fædd 1951. Annað systkinanna lést líka ungt að árum, en það var Guðmundur Atli sem fæddur var 1956.

Eftirlifandi systkini eru mjög samrýmd og þrátt fyrir áföll fjölskyldunnar þá geisla systkinin öll af einstaklega ljúfri og smitandi lífsgleði. Þar eru engin vandamál og allir eru vinir, sama við hvern þau tala. Systirin Bjarndís hefur þannig oft og iðulega verið í fararbroddi þegar þurft hefur að taka til hendi í einhverjum málum sem skipta samfélagið fyrir vestan máli. Hátíð



Systkinin Bjarndís, Steinþór (Dúi), Jón Björn og Helgi Mar samankomin á Ísafirði á nýliðnum jólum.



Fjölskyldan á Hlíðarveginum fyrir hart nær fjórum áratugum. Talið frá vinstri: Helgi Mar, móðirin Finnborg Salóme Jónsdóttir (látin), Guðmundur Atli (látinn), Steinþór, faðirinn Friðrik Bjarnason (látinn) og Bjarndís. Trúlega hefur Jón Björn staðið á bak við myndavélina.

Hlíðavegspúkanna er gott dæmi um það, en slíkri hátíð hefur verið haldið gangandi við vaxandi vinsældir í heilan áratug. Helgi segir reyndar að hann líti á Bjarndísi sem einkonar samnefnara eða sendiherra þeirra systkina.

Elsku vinur, ekkert mál

Ritstjóri Vestanpóstsins hefur í gegnum tíðina átt þess kost að hafa samskipti við þau systkinin Jón Björn, Bjarndísi, Dúa og Helga Mar, en í mismiklum mæli þó. Aldrei hefur hann rekið sig á að nokkuð einasta mál yrði að vanda máli í þeim samskiptum, þvert á móti. „Elsku vinur þetta er ekkert mál,” er þá algengt orðatiltæki úr þeirra munni. Sennilega væri heimurinn talsvert

betri ef allir hefðu slíkt að eftirbreytni.

Virtur sprengisérfræðingur

Helgi hóf sem fyrr segir sprengiferil sinn í Vestfjarðagöngum, en hefur bætt jafnt og þétt við þá þekkingu sína. Nú er óhætt að segja að hann sé mjög virtur meðal íslenskra sprengimeistara og eftirsóttur af verkötum sem hafa borun og sprengingar á sinni könnu. Hann segir hóp sprengingamanna vissulega ekki stóran hér á landi, en kjarninn sé þéttur. Sá hópur hafi líka mikil samskipti sín á milli og miðli hver öðrum af reynslu sinni.

„Ég er komin með þessi íslensku réttindi og hef farið á sprenginámskeið í Noregi, þar sem fjallað var um varhuga-verðar sprengingar. Svo er ég búinn að fara á danskt sprenginámskeið í steypusprengingum sem líta má á sem framhaldsmenntun.”

Þeir kunna það Danirnir

Tók hann próf í sprengingum í Danmörku í nóvember 1995 og fór það fram í grjótnámu undir stjórn kennara. Helgi segist hafa verið pínulítið kvíðinn fyrir námskeiðinu, enda kalt í veðri og talsvert frost þennan dag. Vegna kuldans var kennarinn með Gammel dansk í skottinu til að taka úr sér mesta hrollinn og bauð nemendunum örlítinn sopa með sér til að slá á kuldatilfinninguna. Þetta hafði þau áhrif að hnúturinn í maga Helga hvarf með öllu og hann sprengdi grjótið eins og engill.

„Þeir kunna þetta Danirnir, taka þessu létt og eru „ligeglad,” eins og sagt er.” Helgi tekur þó fram að slíkt sé aldrei leyft þegar á hólminn er komið á vinnustað.

„Ég er búinn að vera mjög víða við að sprengja, í öllum landsfjórðungum. Verkefnið hafa verið af öllu mögulegu tagi, jarðgangasprengingar, námusprengingar og allt sem til fellur. Ég var m.a. við að sprengja grjót á Gleiðarhjallanum ofan við Ísafjörð í september 2005.“



Dúi, Jón Björn og Helgi Mar með pabba sínum við að standsetja veitingastaðinn Krúsina í kjallara Alþýðuhússins á tíunda áratugnum.

Góðir ávextir!



Heimabanki

Íbúðalán

Lífeyrissparnaður

Greiðslupjónusta

Innheimtupjónusta

SPVF
SPARISJÓÐUR
VESTFIRÐINGA



Helgi Mar borar fyrir sprengiefni í stóran stein á brún Gleðarhjalla. Mynd Rúnar Óli Karlsson.



Það er sannarlega tignarlegt útsýnið af Gleðarhjallanum. Hér er Helgi Mar greinilega að kanna aðstæður. Mynd Rúnar Óli Karlsson.

Fyrirbyggjandi sprengingar

Sprengingarnar á Gleðahjalla voru fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir hugsanlegt tjón og slys vegna grjóthruns. Helgi hefur einnig gengið með ýmsar fleiri hugmyndir í maganum í þá veru sem miða að öryggi vegfarenda um brattar fjallshlíðar. Þannig sýndi hann blaðamanni Vestanpóstsins í haust hugmyndir að því hvernig hægt væri að sprengja niður bjargið sem allir óttast nú að hrynji niður á Óshlíðarveginn. „Ég held það hljóti að vera betra að sprengja þetta þegar allir vita af því, heldur en að það hrynji yfir fólk öllum að óvörum,” segir Helgi.

Snjóhengjusprengringar

Nýjasta verkefnið hjá Helga er svo langtíma samvinnuverkefni í

fyrirbyggjandi aðgerðum sem er að fara í gang á næstunni með Hörpu Grímsdóttur snjóflóðasérfræðingi á Ísafirði. Meiningin er að gera athuganir og búa til gagnagrunn um fyrirbyggjandi aðgerðir í sprengingum á snjóhengjum í bröttum fjallshlíðum. Slíkt hefur verið stundað um langt árabil í Ölpunum, Noregi, Bandaríkjunum og víðar með góðum árangri. Helgi segist mjög spenntur fyrir þessu verkefni því þar muni leiða saman hesta sína fólk með ólíka reynslu og bakgrunn og miðla hvert öðru af þekkingu sinni á þessu sviði.

Helgi hefur líka unnið utan landsteinanna og var meðal annars á Azoreyjum þegar Jarðboranir ríkisins, eins og fyrirtækið hét þá, vann þar að borunum og leit eftir heitu vatni. Það var reyndar í gegnum breska fyrirtækið UK

Drilling. Helgi segir að ákveðið hafi verið að reyna borun þar í ljósi góðrar reynslu Íslendinga, en Azoreyjar liggja líka á jarðhitasvæði Atlantshafshryggjarins.

Jarðboranir, eins og fyrirtækið heitir í dag sem hluti af Atorka Group, undirrituðu samning vorið 2006 ásamt dótturfélaginu Iceland Drilling (UK) Ltd. við orkufyrirtækið GeoTerceira um borun á rannsóknar- og vinnsluholum. Er það til undirbúnings háhitavirkjun á eyjunni Terceira á Azoreyjum. Samningurinn er hinn stærsti sem Jarðboranir hafa gert vegna verkefna á erlendri grund en upphæð samningsins nemur um 500-700 milljónum króna. Þær rannsóknir sem farið hafa fram á eyjunni hingað til eru afar jákvæðar og gefa vísbendingu um að þarna sé um gjöfult háhitasvæði að ræða. Gangi þær væntingar eftir, liggur fyrir að framkvæmdum verður fram haldið með hléum fram á árið 2008, en Jarðboranir hugðust hefja boranir samkvæmt samningnum sl. haust.

Ekki bara að ýta á takka

Sprengisérfræðingar eins og Helgi hafa umsjón með öllu ferlinu allt frá því skipulegt er hvernig bora skal á sprengistað, haga hleðslu og síðan sprengingum. Þeir þurfa að



Það voru sannarlega glæfralegar aðstæðurnar við sprengivinnu á Gleðarhjalla 2005 og svimandi hátt niður á Hjallaveg og Hlíðarveg fyrir neðan. Mynd Rúnar Óli Karlsson.



MEÐ HÆKKANDI SÓL FJÖLGAR MILLJÓNAMÆRINGUNUM

Yfir 200 milljónamæringar

Á þessu ári drögum við út yfir 200 milljónamæringa.
Tryggðu þér miða í síma 800 6611 eða á hhi.is.
Við látum þig vita þegar þú vinnur.



**HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings



Helgi Mar, Bjarndís og Jón Björn í málningarvinnu í Mjólkárverkjun 1997.



Helgi Mar við vinnu sína. Hér er hann að tengja saman sprengihleðslur í klöpp sem á að sprengja.

vera mjög vel meðvitaðir um magn sprengiefnis sem nota á í hvert skipti og er þá miðað við útreiknuð gildi á sprengikrafti og því efni sem

lagðar sprengingar geti gert það stuttum tíma sem vinna með fleygun taki marga mánuði. Vissulega þurfi menn þá að kunna til verka.

Gamla gistihúsið




Mánagötu 5 • 400 Ísafirði
Sími: 456 4146 • Fax: 456 5146 • www.gistihus.is • fm@snorpa.is





HÖPFERDABÍLAR Í ÝMSUM STÆRDUM

SÍMI 456 4314 OG 893 5314



Tálknafjörður

Sundlaug-tjaldsvæði • Sími/Tel.: 456-2629
Sundlaugin er 25 m. löng með heitum pottum, barna-
laug og vatnsrennilbraut. Á tjaldsvæðinu er heitt og kalt
vatn, þvottaaðstaða, snyrting og aðstaða fyrir hósibla.
Verið velkominn



sprengja skal. Inn í þetta er m.a. metinn titringur sem verður við sprenginguna og þau áhrif sem hann hefur á umhverfið.

Helgi Mar segir að um þessar mundir sé yfirdrif-
ið nóg að gera í þessu fagi. Helst þurfi menn að vera að 24 tíma á sólarhring alla sjö daga vikunnar til að anna eftirspurninni. Síðan eru alltaf að koma ný verkefni inn. Hann segir að þessi vinna gangi annars mjög mikið í sveiflum, það sé annaðhvort í ökkla eða eyra. Framundan séu m.a. fjölmörg verkefni á höfuðborgarsvæðinu sem krefjast sprenginga eða fleygunar á bergi. Segir Helgi að þó fleygun bergs þyki kannski áhættuminni, þá sé hún afar seingleg og þreytandi vegna langvarandi hávaða. Vel skipu-

Hjá Jarðvélum hefur hann m.a. verið að sprengja í Mosfellssveit, við Höfðatorg í Borgartúni, í Hafnarfirði, Reykjanesbraut og nú síðast við Vesturlandsveginn þar sem Jarðvélur og Eykt unnu við gerð mislægra gatnamóta sem lokið var við að mestu í nóvember. Þar var sprengivinnan enginn hæðarleikur þar sem sprengja þurfti við hliðina á umferðaræð sem flytur yfir 20 þúsund bíla á dag. Við svo varasamar aðstaður má ekkert út af bregða svo ekki geti illa farið. „Þetta gekk samt allt mjög vel,” segir Helgi.

Mannslífin skipta mestu máli

„Maður verður að vera sæmilega jarðtengdur og rétt „fasaður“ í þessu fagi ef ég má orða það þannig. Hér er maður að sprengja innan um umferð og mannvirki, og síðast en ekki síst má aldrei má gleyma því, að mannslíf geta verið í húfi. Það verður sprengimaðurinn alltaf að hafa í huga. Ef grjót og steinhnullungar fara á flug, verður maður alltaf að gera ráða fyrir því að það versta geti gerst. Það er svo sem áhætta í öllu, bæði í þessu eins og bara í umferðinni.”

– Er alltaf hægt að verja bergið á sprengistað þannig að ekki fari allt í loft upp?

„Já, við eigum að gera þetta þannig og ganga svoleiðis frá hlutunum. Það hefur yfirleitt gengið ágætlega upp. Þegar við erum nálægt mannvirkjum og öðru notum við sérstaka mæla þar sem við fáum uppgefið frá verksala hver gildin eru sem við eigum að fara eftir. Þar er leiðbeinandi tæki fyrir okkur um hvernig við eigum að haga okkar sprengivinnu. Þetta er vinna sem aldrei er tekin léttvæg né höfð í flimt-ingum.”

– En hafa menn aldrei lent í óhöppum?

„Jú, en eins og fræg tilvitnun segir; bílar eru dásamleg uppfinning, en það sá enginn fyrir drukna öikumenn,” segir Helgi Mar Friðriksson sprengisérfræðingur.

Taktu stefnuna með OLÍS



Við höldum með þér!



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

Hafnarstræti 7 • 400 Ísafirði
Sími: 450 5200 • Fax: 456 5392



Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- miðstöð símenntunar og háskólanáms

Miðstöð símenntunar
og háskólakennslu á Vestfjörðum



Vífilfell hf.
Suðurgötu – Ísafirði



ÍSAFJARÐARBÆR

Bæjarstjórn Ísafjardarbæjar
sendir Ísfirðingum nær og fjær
bestu nýárskveðjur
með þökk fyrir liðin ár

f.h. bæjarstjórnar Ísafjardarbæjar
Halldór Halldórsson
bæjarstjóri



Meiri opnun – minna viðnám

*Lykill að
hagkvæmari
veiðum*



HAMPIÐJAN
– fyrir öll heimsins höf

www.hampidjan.is

OTTO AUGLÝSINGAR



Gámapjónusta Vestfjarða

*Umhverfið er framtíðin,
gættu þess vel*

Leigjum út sorpgáma & salerni!

Gámapjónusta Vestfjarða • Góuholti 14 • 400 Ísafirði
S: 456 4760 & 456 4340 • www.snerpa.is/gamar

Árni Sigurðsson söngvari, skíðakappi og prentari og
Guðrún Halldórsdóttir, leirlistarkona

„Enginn veit sína ævina fyrir en öll er“

Hugðust aldrei yfirgefa Ísafjörð – eru nýsnúin heim eftir 15 ára dvöl í Ameríku

Viðtal: Ólafur Hannibalsson

Hann er ísfirskari en allt sem ísfirskt er. Borinn og barnfæddur á Ísafirði, foreldrar hans einnig og afar hans og ömmur lifðu líka öll sín manndómsár á Ísafirði. Þannig að segja má að ísfirskar rætur hans teygji sig allt aftur í árdaga Ísafjarðarkaupstaðar. Maðurinn sem við er átt er Árni Sigurðsson - eða, á ísfirska vísu, Árni Búbba – prentari, skíðakappi, dægurlaga-söngvari, blaðaútgefandi, bæjarfulltrúi og sölu- og athafnamaður á ýmsum sviðum. Vestanpósturinn heimsótti Árna og konu hans Guðrúnu Halldórsdóttur, leirlistarkonu, á heimili þeirra hjóna í höfuðstaðnum fyrir skemmstu og bað þau að deila með lesendum sínum frásögn af lífshlaupi sínu frá rásmarkinu á Ísafirði, yfir Atlantsála til Ameríku - þar sem þau bjuggu um 15 ára skeið – og til baka. Frásögn þeirra fer hér á eftir.

Jú. Ég er vissulega Ísfirðingur í húð og hár. Foreldrar mínir voru Sigurður Jónsson – Búbbi prentari, sem reyndar fæddist í Hafnarfirði, en flutti til Ísafjarðar tveggja ára gamall - og Martha Árnadóttir og ég var frumburður þeirra hjóna, en við erum fjögur systkinin. Föðurafi minn var Jón Ólafur Jónsson, málari hér á Ísafirði, sem lengi var með verkstæði í litlu timburhúsi við Hafnarstræti 16, þar sem fjölskyldan bjó líka. Hann var ættaður úr Breiðafirði og Húnavatnssýslu. Móðir hans var Herdís Andrésdóttir skáldkona og sjálfur þótti hann liðtækur hagyrðingur. Föðuramma mín hét Arnfríður Ingvarsdóttir og var Reyknesingur, faðir hennar Ingvar Vigfússon var úr Krýsuvík og Sigríður móðir hennar frá Þórkötlustöðum í Grindavík. Bernskuslóðir foreldra minna lágu



Guðrún og Árni í sýningarsal Guðrúnar að Ármúla 1. Verkin sem sjást eru „Brosað gegn um tárin“ og „Quilt II“, en veggmyndir á borð við „Quilt II“ eru meðal þess sem Guðrún leggur áherslu á um þessar mundir.

saman í hjarta bæjarins því að Árni B. Ólafsson, móðurafi minn, trésmiður að iðn, eða snikkari eins og það var þá kallað, bjó í Mjögötu 5 ásamt konu sinni Málfríði Jónsdóttur. Árni var með verkstæði á lóðinni aftan við Uppsali. Það hús mun síðan hafa verið flutt til Bolungarvíkur og verið dubbað upp í að vera félagsheimili hestamanna þar. Málfríður var fæddur Ísfirðingur, dóttir hjónanna Jóns Brynjólfssonar skipstjóra og Guðrúnar Pétursdóttur.

Margt af þessu fólki átti drjúgan

hlut að fjölbreyttu menningarlífi Ísfirðinga, lék í sjónleikjum leikfélagsins, söng í kórum og var áberandi í félagslífi og íþróttum. Ég tel mig muna eftir Arna, afa mínum og nafna í Ævintýri á gönguför, en bæði pabbi og mamma fóru með veigamikil hlutverk í söngleikjum og leikritum, sem voru næstum árvissir viðburðir á Ísafirði í den. Bæði voru þau líka í þeim hópi barna og unglinga, sem fyrstir tóku að stunda skíði með markvissum hætti, kepptu fyrir Ísfirðinga og mamma vann m.a.s. íslandsmeist-



Gudrún í sýningarsalnum. Verkið neðst á myndinni hlaut nafnið Endurfæðing.

aratitil á fyrsta Íslandsmótinu, sem haldið var á Ísafirði, 1939.

Hafnarstræti 2

Þegar ég man fyrst eftir mér áttum við heima í íbúð undir súð á efstu hæð ofan við Bókhöðuna í Hafnarstræti 2, húsi Jónasar Tómassonar. Það sem mér er ljósast í minni frá þessum bernsku-árum er að vakna um miðja nótt við eldtungur handan götunnar, þegar Fell brann nóttina eftir sjómannadaginn 1946 og ég sá málninguna innan á glugganum bókstaflega bólgnu upp af hitanum, svo litlu munaði að eldurinn teygði sig einnig yfir í þetta hús eins og hús nágrannanna, Þórðar úra, og klæðskeranna, Einars og Kristjáns. Bryggjurnar og fjaran voru náttúrlega aðalaðdráttaraflið fyrir miðbæjarpúkana. Frændur mínir í móðurætt, Brynjólfur og Albert voru með heilmikla útgerð, gerðu út á síldveiðar í Djúpinu. Þeir áttu bátana Kvikk og Skúla fógeta, man ég eftir. Og Binni frændi, sem var nú einfættur eins og eldri Ísfirðingar muna, hann átti skektu, sem maður horfði löngunaraugum til, og fékk einstaka sinnum lánaða. Óli Gauja lóss var líka með svipaða útgerð. Hann var giftur Camillu ömmusystur minni.

Á Engjavegin

Svo er ég orðinn sjö ára gamall, þegar við flytjum á Engjavegin. Þar var allt annar lífsstíll. Það snerist allt um skíðin, a.m.k. á vetur, og maður fór ekkert niður



Árni á árunum í Jónasarhúsi. Ljósmyndin er tekin af Öddu Aspelund á ljósmyndastofu hennar við Aðalstræti.

í bæ, nema náttúrlega í skólann. Þetta var eiginlega úti í sveit, tún allt í kring og víða búskapur í smáum stíl. Það var stundum talað um Vegapúka, en mér er nær að halda að við Engjavegspúkarnir höfum verið sérdeild samt í púkasamfélaginu. Þarna voru Þorvaldur Guðmundsson, sonur Guðmundar Þorvaldssonar í Þór, Sverrir Jónsson, Jóns H., Guðbjörn og Gísli Jósefssynir, Jósefs Hálfðánarsonar smiðs, Gísli og Hermann á Strýtu, og Elías Sveinsson og Halli Hamar. Ég man líka aðeins eftir þeim sonum Gunnars rukkara, Gunnari Erni og Brynjari. Þeir voru með púkafélag þarna og m.a. á stefnuskránni að æfa box. Svo voru held ég ekki til nema einir boxhanskar og þetta gat verið ójafn leikur. Sá sem fékk hægri hanskan stóð óneitanlega betur að vígi! En allt jafnaði þetta sig að lokum. Við vorum ungir þegar við byrjuðum að koma á skíðakeppnum milli strákahópa á túnunum þarna fyrir ofan og innan Hraunprýði, þar sem Kobbí Gísla bjó, pabbi Steina og Jakobínu. Við fengum lista niður í slipp og stungum niður í snjóinn og lögðum brautir. Ég man eftir keppni við stráka utan af Hlíðarvegi, Sigga Steinu, Dóra á Grund, Búbba Inga og fleiri. Hvort liðið vann man ég nú ekki.

Gengið í Ármann

Pabbi var í stjórn Skíðafélagsins, gott ef ekki meðal stofnfélaga þess. Þar var ófrávikjanleg regla að menn þurftu að vera 12 ára til að fá innngöngu. En ég gat náttúrlega ekki beðið eftir því og föður mínum til sárar vonbrigða gekk ég í Ármann í Skutulsfirði. Það kom m.a. til af því að ég hafði kynnst þeim Gunnari Péturssyni og Oddi á Grænagarði, og Bjarna í Tungu og Sigurjóni, sem ég reyndar var í sveit hjá, bæði sem barn og seinna sem unglingur. Það, sem vó þó kannski þyngst á metunum, var að eitt sinn – ég hef sennilega verið 8 eða 9 ára gamall – er ég upp í Grænagarðsgili með þeim Gunnari og Oddi, Jóni Karli og Hauk; Jakobína og Steinþór held ég að hafi verið þarna líka, Einar Valur og Björn Helga – þetta lið allt, og það er gleraskari og

skíðin mín bitu ekkert í skarann og ég skransaði niður fjallið og gekk ekkert vel. Gunnar Pétursson sér að það er eitthvað athugavert við þetta og biður mig að lofa sér að sjá skíðin mín. Hann sér að það eru ekki stálkantar á skíðunum og segir: „Þetta getur ekki gengið. Láttu mig hafa skíðin“. Hann tekur skíðin heim með sér og daginn eftir mætir Gunnar með skíðin og er þá búinn að fræsa rásir í kantana og skrúfa á þau stálkanta. Þá sá ég það að þetta voru mínir menn, Ármenningar.

Samkeppni og ríður

Annars var mikill ríður milli félaga og hörð samkeppni, enda ekki færri en 5 félög, sem öll höfðu skíðamenn innan sinna vébanda. Það voru Skíðafélagið og Ármann, Hörður, sem var með sérstaka skíðadeild og byggði sérstakan skíðaskála frammi á Dal, Vestri, og svo Þróttur úti í Hnífsdal. Það voru innanfélagsmót í öllum þessum félögum. Ég man eftir í Ármanni að það var keppt í göngu og stökki og bruni og svigi í öllum flokkum, frá 8 ára og upp úr. Ármann átti sér alvörustökkipall, sem komið var upp í Hafrafellshálsinum, þar var stokkið. Í Hnífunum man ég eftir að keppt var í svigi og bruni og það var verið uppi á Dal. Þetta var úti um allt eftir snjólagi og veðri, enda engin mannvirki sem afmörkuðu keppnis- eða æfingarsvæði. Menn gengu bara upp brekkurnar á skíðunum og tróðu brautina og svo var eins gott að halda sig í brautinni á leiðinni niður. Svona var þetta alveg þangað til skíðalyftan kemur, 1967.

Það kom náttúrliga eins og af sjálfu sér að maður fór að taka þátt í landsmótum strax og aldurinn leyfði og þá auðvitað undir merkjum Ísfirðinga. Ég keppti á mínu fyrsta móti á Akureyri 1957 – þá 16 ára – og síðast á Siglufirði 1970. Mér gekk alveg sæmilega þarna á Akureyri – ekkert rosalega vel, en eftir það var ég oftast svona í fremstu röð. Og öll þessi ár var ég í þessari ágætu svigsveit Ísfirðinga, sem var ótrúlega sigursæl. Þarna komu margir við sögu, m.a. Kristinn Ben., Samúel



Arnar, Guðrún og Jón Ólafur. Myndin er tekin upp í „Skál“ við endastöð efri lyftunnar líklega veturinn 1976.

Gústafsson, Einar Valur og Björn Helgason, Hafsteinn Sigurðsson og Guðmundur Jóhannesson o.fl..

Utanlandsferðir

Fyrsta utanlandsferðin var með þeim Jóni Karli og Hauki á Holmenkollenmót, sem þeir áttu að keppa á, 1957. Ég var of ungur þá til að taka þátt í keppninni en fór til að fylgjast með og læra. Þar sá ég þá fyrst þá garpa Eystein Þórðarson og Jón Karl og Hauk keppa í bruni í Norefjell og það er mér ennþá gríðarlega minnisstætt. Eysteinn og Hjálmar Stefánsson voru þá að koma neðan úr Evrópu, þar sem þeir höfðu verið að keppa á Ítalíu og víðar og komu með járnbrautarlest frá Ítalíu til Osló til að keppa þarna á Holmenkollen. Ég

man eftir hvað Eysteinn var í fínu formi þarna – og Haukur, þeir voru sennilega okkar fremstu menn á þessum tíma. Tveimur árum seinna fórum við Kristinn Ben. í langa ferð niður til Evrópu og kepptum þar á fjölda móta, sem þá voru FIS-I mót, ígildi heimsbikarsins, sem nú er. Og við kepptum í þessari mótaröð frá því í byrjun janúar og fram í miðjan mars. Þetta var auðvitað mikið ævintýri og mótaði mann sjálfsagt heilmikið sem skíðamann og opnaði upp á gátt fyrir mann glugga út í veröldina. Það er náttúrliga ekkert vítt til veggja á Ísafirði og á þessum tíma var ekki algengt að menn færu út fyrir landsteinana. Þarna fékk maður ýmsar eftirminnilegar byltur. Hahnenkamm-brunbrautin í Kitzbühl er kannski einhver sú erfiðasta í þessum geira í veröld-



Jón Ólafur, Guðrún og Arnar sennilega sumarið 1978 í sumarfríi í Borgarfirðinum.

inni. Kristinn slasaðist þar strax á æfingum, ég hélt út æfingarnar, en keyrði svo út í skóg í keppniinni sjálfri; hlaut þar tvö myndarleg glóðaraugu og nefbrot. En þarna kynntist maður því óneitanlega, að það er enginn dans á rósum að taka þátt í þessum alþjóðlegu mótaroðum. Þetta var ákveðin rútína, keppt á laugardögum og sunnudögum, ferðast á mánudögum, og æft hina dagana. Hins vegar vantaði ekkert upp á glæsilegan aðbúnað. Við dvöldumst yfirleitt á glæsilegustu hótélum, sem sótt voru af þotuliði þessa tíma. Sums staðar bjuggum við frítt og annars staðar borg-

uðum við eitthvert smáræði fyrir gistinguna. Mótin drógu auðvitað að sér túrista, svo að gistihúsin sáu sér hag í því að gera sem best við keppendurnar. Nú, eftir þetta sótti ég ekki mörg mót erlendis þangað til ég fór á Ólympíuleikana í Innsbruck 1964, við fórum jú einu sinni eða tvisvar á Holmenkollenmót. Íslandsmótin voru nánast einu mótin þar sem fremstu skíðamenn landsins hittust yfir veturinn. Það gat, eins og allir vita, verið tilviljunarkennt, oft brjálað veður og snjórinn með ýmsu móti. Ég man eftir einni ferð á Siglufjörð. Það var 1963. Við fórum með varðskipi

til Siglufjarðar í glampandi sólskinu á pálmisunnudag og daginn eftir var komin stórhrið og henni slotaði ekki fyrir en eftir páska. Við svona aðstæður er náttúrulega undir hælinn lagt hvaða árangri menn ná hverju sinni, það er ekkert sambærilegt frá einum stað til annars og einum tíma til annars og enn frekar út í hött að bera árangur íslenskra skíðamanna saman við árangur þrautþjálfðra keppenda erlendra.

Fæddur inn í prentverkið

Þegar ég kom fyrst í prentsmiðjuna, þá eiginlega byrjaði ég sem kaffisendill og hjólaði með kaffibrúsann í vinnuna til pabba og oftast en einu sinni þá braut ég náttúrulega brúsann. Þá var prentstofan Ísrún enn í Sólgtunni. Svo þegar ég hafði lokið landsprófi, þurfti ég að ákveða hvort ég slægist í för með bekkjarfélögunum í Menntaskólann á Akureyri. Ég hafði ekki áhuga svo ég var bara heima og það kom eins og af sjálfu sér að fara í prentverkið.

Ég man eftir Óskari Jensen vélsetjara þarna, Jóni Hirti Finnbjörnssyni, Guðmundi Benediktssyni, sem síðar átti eftir að verða mjög umsvifamikill prentsmiðjurekandi hér í Reykjavík og Kópavogi, og Ingvari Jónassyni. Svo var þarna sérstök bókbandsdeild, sem Bárður Guðmundsson sá um, hafði meira að segja lærisvein um tíma, Engilbert Ingvarsson. Þegar ég byrjaði að vinna þarna, 1956 um haustið, þá vorum við fjórir: Haukur Sigurðsson, Rúnar Steindórsson, pabbi, og ég. Þá var enn allt sett í blý, en á setjaravél, allt nema fyrirsagnirnar, þær voru handsettar upp úr kassa eins og hafði verið gert síðan á tímum gamla Gutenbergs. Það er dálítið skondið að segja frá því að ég fór upp í Árbæjarsafn fyrir fáeinum árum, með viðskiptamann frá Bandaríkjunum og þar kom ég inn í prentsmiðju, sem var sosomekkert verulega frábrugðin því sem var þegar ég byrjaði fyrst að læra í Ísrún í gamla daga. Það voru þessir gömlu, góðu leturkassar og svo var prófarkapressa, og allt þetta. Þetta hafði verið meira og minna eins



Árni snemma á þrítugsaldri við Heidelberginn í Prentstofunni Ísrúnu.

síðan á 16. öld, þ.e.a.s. lausaletur týnt upp úr kössum, allt fram á tíma setjaravélanna, og fyrsta setjaravélin kom til Ísafjarðar, líklega 1942. Þarna vorum við í nokkur ár í Sólgtunni og svolítið þröngt um okkur en svo byggði pabbi yfir prentsmiðjuna í Aðalstræti 35 beint á móti barnaskólanum og þar vorum við enn, þegar ég hætti, 1986. Það hafði verið líflæg blaða-útgáfa á Ísafirði um langan aldur og sú saga verður náttúrlega langt frá því að vera sögð hér. Eins og mörgum er kunnugt stendur blaða-útgáfa þar á gömlum merg og nær lengra aftur en víðast annars staðar og ýmis merkisrit verið gefin þar út. Þegar ég kem þarna í prentsmiðjuna er verið að gefa út Baldur, sem seinna varð Vestfirðingur, Ísfirðingur, Vesturland og Skutul. Þetta voru aðalblöðin. Svo var náttúrlega Jólabláðið, sem Arngrímur Fr. Bjarnason gaf út. Allt í föstum skorðum en fjörið þó mest í kringum kosningar, þegar þurfti að koma boðskapnum á framfæri, og svo fyrir jól þegar helsta vonin var í auglýsingum, sem voru aðaltekjulind fyrir útgáfu blaðanna í gegnum árið.

Á skíðum skemmti ég mér tra-la-la-la

Hvað mig varðar, þá er ég þarna og hugsa kannski meira um skíðin og skemmtanalífið en prentverkið, svona fyrstu árin. Svo er það held ég haustið 1963, sem þeir koma að máli við mig í BG og vilja fá mig með sér sem söngvara hjá hljómsveitinni, og þá tekur við þetta skeið sem ég var í þessum tónlistarbransa. Í byrjun var nú náðugt að vera söngvari með hljómsveit. Maður byrjaði með því að syngja eitt lag, og svo voru spiluð tvö, þrjú á hljóðfærin, og maður sat á einhverjum kollstól þarna á bakvið og slappaði af. Þetta var samt voða gaman, nema að það var ekki um auðugan garð að gresja hvað músíkina snerti og við vorum að reyna að taka upp lög úr Radio Luxembourg, sem náðist svona með harmkvælum þarna í faðmi fjalla blárra og kannski ekkert of skírt og greinilegt, þegar maður var að reyna að greina orðaskil í textunum, með gagnfræðaskólaensk-



Jón Ólafur í Steamboat Springs, Colorado veturinn 1988. Hann var í keppnisliði Boulder og Árni var munstraður sem aðstoðarþjálfari liðsins. Það var ferðast og keppt á flestum bestu skíðastöðum Colorado ríkis.

una eina að bakhjarli. Svo að ég ábyrgist ekki að textarnir hafi alltaf skilað sér 100%. Á þessum tíma er ég líka að undirbúa mig fyrir Ólympíuleikana í Innsbrück veturinn 1964. Þetta var því kannski ekkert alltof heppileg blanda og maður var ekkert alltof iðinn við íþróttina, en einhvern veginn gekk þetta nú saman og svo um vorið tókum við upp þráðinn aftur við músíkina.

Uppgötvaði Bítlana

Eftir Ólympíuleikana hafði ég verið í viku í Heidelberg í Þýskalandi hjá prentvélaferksmiðjunum þar, og þar komst ég í kynni við tónlist, sem var ólík því sem ég hafði heyrt áður. Þetta var um það leyti sem hinir margfrægu Bítlar brutust í gegn og urðu heimsfrægir og ég keypti nokkrar plötur með þeirra músík. Við vissum í sjálfu sér ekki mikið þarna inn á milli fjallanna hvað var að gerast í veröldinni á þessum tíma. Alla vega vissum við þá ekki það, sem við vitum núna, að tónlistin var bara einn angi af þeirri menningarbyltingu, sem ungt fólk var að hrinda af stað á þessum tíma með kröfu um stóraukna hlutdeild í mótun samfélagsins, afneitun margs konar ósóma, sem viðgengist hafði árum og öldum saman af gömlum vana, og innleiðingu nýrra gilda jafnréttis og mannúðar. En

þetta varð maður ekki svo mikið var við. Maður hreifst af tónlistinni og við tókum hana upp og fluttum hana með okkar hætti.

Sumarreisur með BG

Snemmsumars 1964 fórum við, BG og Árni, í mikla reisu um Norður- og Austurland, spiluðum á hverju krummaskuði. BG voru þeir bræður Baldur Geirmundsson og Kalli, Karl Einarsson (Thomsen), Magnús Þórðar og Kristinn Friðbjörnsson (Ninni). Gunnar Hólm var þarna líka. Árið áður 1963, höfðu þeir farið svona túr, og þá fór Jón Bjarnason, Nonni á Horninu, ljósmyndari, með þeim sem töframaður. Jón var merkilega slyngur í töfrabrögðum og hafði lært hvort tveggja, ljósmyndunina og töfrabrögðin, hjá meistara sínum, Martinus Simson. Nonni lék það meðal annars að draga bíl með tönnum. Þessi ferð stóð einar 3-4 vikur og þetta var í restina á síldarárunum, mikið fjör og ævintýri og við vorum áreiðanlega tiltölulega framarlega í skemmtibransanum á landsvísi á þessum tíma.

Ætli ég hafi ekki verið í þessu ein þrjú ár, ég hætti 1966. Við æfðum fyrst í Alþýðuhússkjallaranum og svo í Gúttó og svo í Sjálfstæðishúsinu. Það hús tókum við reyndar á leigu og gerðum það upp, mjög flott og fínt. Fram að því hafði það



Bræðurnir Arnar og Jón Ólafur stunduðu báðir sjóinn frá Ísafirði á tímabili. Togarinn Skutull í baksýn, en Arnar var að leggja upp í sinn fyrsta túr.



Martha Sif í fangi pabba síns í einni Ameríkuheimsókninni.



Tryggvi Guðmundsson hdl.
Guðmundur Óli Tryggvason lögg. fasteignasali
Hafnarstræti 1, Ísafirði
S: 456-3244, eignir@fsv.is

borið nafnið Uppsalar. Okkur þótti eitthvað flottara að kalla það Sjálfstæðishúsið, og gerðum það. Þá var Guðmundur Marínósson með okkur og framkvæmdastjóri fyrir bandið og dreif í þessu. Þetta var mjög flott. Parket á gólfu, og gott ef ekki nýtt í loftið. Þarna höfðum við bækistöð í tvö-þrjú ár. Þessi þrjú ár tók músíkin og skemmtana-lífið hug manns allan og maður tók þátt í því af miklum krafti. Var á mikilli siglingu.

Kjölfesta í lífið

En svo kom kom til kjölfestan í líf mitt með kynnum við Guðrúnu Halldórsdóttur. Við giftum okkur í júlí 1966. Þá tók við alvara lífsins með því viðfangsefni að stofna til fjölskyldu og hefjast handa við að koma sér upp þaki yfir höfuðið, og allt það. Samt tók ég þarna mikla skorpu í skíðin og kannski aldrei snarpar en í kringum 1970, en þá varð ég fyrir því óláni að ég fótbrotnaði í stórsvigskeppni Íslandsmótsins á Siglufirði. Það var nú eiginlega endirinn á svona alvöru skíðamennsku. Lítið keppt eftir það. En ég var að þjálfa ungl-inga heima, og einn veturinn tók ég að mér að reka skíðasvæðið.

Skíðalyftan

Saga skíðalyftunnar er kafla út af fyrir sig. Þar komu helst við sögu: Guðmundur Sveinsson, Gunnlaugur Jónasson, pabbi, Oddur Pétursson og Gunnar Pétursson. Þeir beittu sér af alefli fyrir því að það væri reist fyrsta skíðalyfta á Ísafirði. Það fór að koma hreyfing á málið í byrjun sjöunda áratugarins og lyftan tók til starfa snemma vetrar 1967. Þetta var náttúrliga gríðarleg lyftistöng og það var ekkert auðvelt að safna peningum í svona hluti. Þessum frumkvöðlum tókst að virkja Íþróttasjóð um fjárframlög, og með gríðarlegri sjálfböðavinnu og viðbótarfjárframlögum heima fyrir tókst að lyfta þessu Grettistaki.

Lyftan sjálf var keypt frá Frakklandi fyrir milligöngu Kristins Ben., sem hafði þar sambönd og sá um innflutning á þessu. Hún var upp undir Gullhól. Gott svæði en

meira fyrir hinn almenna skíðaiðkanda heldur en keppismennina. Við vorum náttúrliga hundóánægðir með það, fannst þetta vera flatar brekkur, sem varð til þess að þessi ágæta skíðalyftunefnd, dugnaðar- og framkvæmdamenn, fór í það að reisa aðra lyftu. Sú lyfta lá upp í Skál. Þar er kannski besta skíðaland sem við Ísfirðingar höfum nokkurn tímann haft: Í fjallinu þarna fyrir ofan Seljalandsmúlann. Þar ólst upp, meðal annarra, Sigurður Jónsson, Siggi Bóa; sem er sennilega, að öllum öðrum ólöstuðum, besta skíðamannsefni og mesti skíðamaður sem við höfum átt í alpagreinunum, alla vega fram til þess tíma. Ég var svo lánsamur að fá að þjálfra Sigga og Gunnar Bóa, Gunnar Bjarna, Valla Jónatans, Addó, Haffa og alla þessa fíra. Þetta voru virkilega hressir og duglegir strákar og það var hreinlega unun að sjá þá leika sér þarna í fjallinu. Þetta er því miður liðinn tími, því að þetta fjall er ekki lengur notað til skíðaiðkana eins og við vitum. Þarna kom snjóflóð og lyfturnar gereyðilögðust í tvígang og síðan var byggt upp á öðrum stað, sem hefur náttúrliga ýmsa kosti, en líka þá galla, að þar snjóar ekki eins vel og er ekki jafnöruggur snjór og þarna í fjallinu fyrir ofan Múlann. Og brekkurnar heldur ekkert nálægt því eins skemmtilegar, þó að það sé kannski allt í lagi með þær að sínu leyti.

Við Guðrún eignuðumst íbúð í Miðtúni 27. Það var öðlingurinn Gunnar Örn Gunnarsson og Ásta Guðbrands, sem áttu það hús og við keyptum íbúðina á neðri hæðinni hjá þeim.

Þar var mjög gott að búa. Þarna bjuggu í nágrenninu Óli Þórðar, bakari, Kalli Aspelund og Jóhann kaupfélagsstjóri, Gunnar Jónsson, Bragi Þorsteinsson og Jón Karl með sínum fjölskyldum. Þar bjuggum við þangað til við síðan byggðum okkur hús inni í Holtahverfi, Fagraholti.

Blaðaútgáfa

Ætli það hafi ekki verið svo 1975, sem ýmsum okkar, sem fylgdumst með hræringum í fjórðungnum og byggðarlaginu, þótti blaðaútgáfan



Stúlknafansinn hennar Guðbjargar og hans Halldórs Gunnarssonar. Bári bróðir, eini strákurinn. Frá vinstri: Sigrún, Guðfinna, Ragna Salóme, Bárður, Guðrún, Ásgerður og Kolbrún.



Jól í Fagraholti 12. Siggi, Óli og Addi. Sennilega 1989.



Í svigkeppni á Íslandsmóti á Akureyri 1962.

vera svolítið einhliða, stopul og áróðurskennd. Um svipað leyti var heilmikil gerjun í fjölmiðlum í höfuðstaðnum. Ósætti á Vísi leiddi til stofnunar Dagblaðsins, sem átti að vera frjálst og óháð, sem aftur þýddi að rífa sig úr faðmi hinna pólitísku flokka, sem hver fyrir sig gaf út dagblað á eigin vegum. En Jónas Kristján hóf upp merki frjálsrar blaðamennsku og rannsóknarblaðamennsku, allt átti að vera frjálst og óháð. Þetta, og svo þær tækninýngar sem komu inn í prentiðnina með offset-prentun í stað blýsins, gerði það að verkum að ný tækifæri opnuðust. Við vildum auðvitað taka þátt í því og keyptum okkur offset-prentvél og græjur til að búa til plötur osfrv. Svo að við fórum að gefa út Vestfirski Fréttablaðið sem tilraunaverkefni. Þá gengu til liðs við okkur nokkur efni-
leg ungmenni sem blaðamenn. Það voru Halldór Þorgeirsson, Jónas Guðmundsson, seinna skólastjóri Samvinnuskólans, Elísabet Þorgeirsdóttir, sem kannski kom aðeins seinna, og Ernir Ingason og okkur tókst að koma þessu blaði af stað

og gera þetta að einhverju, sem fólki fannst gott og nauðsynlegt fyrir byggðarlagið. Var mikið keypt og fékk mikið af auglýsingum og gekk vel. Ég held að ég hafi verið titlaður fyrsti ritstjórinn. Ég var að myndast við að skrifa – hafði aldrei skrifað áður – skrifa leiðara. Þeir sem gáfu út pólitísku blöðin voru náttúrlega ekki hrifnir af þessu framtaki. En allt gekk þetta þó í þokkalegu samlyndi og útgáfa stjórnmalaflokkanna hvorki batnaði né versnaði við þetta. Það var



Ítalía 2006. Þrír saman að safna kjarki fyrir brunnið. Árni, Sverrir Jóhannesson og Samúel Gústafsson (Silli).

helst Jón Á Jóhannsson, sem hélt sínu striki með Ísfirðing, sem hann gaf út reglulega. á tveggja vikna fresti.

Í bæjarstjórn

Þetta gekk í nokkur ár fram undir 1982, en þá fannst mér endilega tími til kominn að ég léti til mín taka í bæjarmálapólitíkinni. og gaf kost á mér í prófkjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn og það gekk nú bara skínandi vel, og ég fór þar á framboðslista og inn í bæjarstjórn með Guðmundi Ingólfssyni og Geirprúði Charlesdóttur og Ingimar Halldórssyni, þar sem við vorum í minnihluta. Haraldur L. Haraldsson var bæjarstjóri og Kristján Jónasson forseti bæjarstjórnar. Þetta var nú svo sem ekki viðburðaríkur kaflí í lífi mínu en reyndar miklir uppgangstímar á Ísafirði: Skuttogarátíminn eftir útfærslu landhelginnar, Ísafjarðartogararnir mikil aflaskip og engar takmarkanir á aflaheimildum. Þessi gósentíð náði framundir 1990. Fyrir kosningarnar 1986 hætti Guðmundur Ingólfsson í bæjarstjórninni og Ingimar hætti líka. Það var mikill ófriður innan Sjálfstæðisflokksins og ég náði þá ekki þeim árangri í prófkjöri, sem ég vildi ná og hafði gert mér vonir um, og lenti þar í öðru sæti og var nú að hugsa um að koma ekki nálægt þessu meir. Ég lét þó tilleiðast að gefa kost á mér að sitja næsta kjörtímabil, sem var nú ósköp leiðinlegt. Við vorum þá aftur í minnihluta. Þannig að 1987 þá tókum við þá ákvörðun hjónin að taka okkur frí frá pólitík og blaðaútgáfu, og já, Ísafirði, um tíma og kanna ókunna stigu.

Ársleyfi og atvinnurekstrarbas

Við ákváðum semsé að taka okkur ársleyfi. Það var komið fríblað á Ísafirði og samkeppni um útgáfuna. Það var orðið lítið gaman að þessu. Svo að það var ákveðið að fara í ársleyfi til Colorado. Þar fékk ég inngöngu í háskólann í Boulder á haustönn og vorönn, en notaði tímann auðvitað líka til að fara á skíði í Klettafjöllum. Þetta var njög ánægjulegur tími og opnaði okkur sýn inn í nýja heima og þá komst Guðrún í kynni við leirlistina en ég endurnýjaði kynnin við skíðin við bestu aðstæður.

Við heimkomuna snerum við aftur til Ísafjarðar. Þá var strax ákveðið að koma ekkert að blaðaútgáf

unni meir, eða prentsmiðjunni. Ég fór þá einhverntíma heim til míns gamla vinar, Kristjáns Jónassonar og Hansínu, og við vorum að ræða lífið og tilveruna og hvort einhver tækifæri væru fyrir mig að koma að atvinnulífinu á Ísafirði, því að aldrei hafði nú hvarflað að manni að setjast að til langframa annarsstaðar en þar. Kristján bendir mér þá á, að það sé rækjuverksmiðja til sölu. Og án þess að orðlengja það frekar þá ákváðum við, ég og Asgeir Erling Gunnarsson, Jón Guðlaugur Magnússon, Björn Hermannsson og bræðurnir Sveinn og Finnbogi Bernódussynir að reyna að festa kaup á þessari rækjuverksmiðju, sem var semsagt fyrrverandi O. N. Olsen hf. Félagið hafði orðið gjaldþrota og verksmiðjan á höndum Landsbankans, og hafði verið auglýst til sölu. Til að gera langa sögu stutta: Við gerðum tilboð í verksmiðjuna og keyptum hana. En það var nú darraðardans í kringum það, því að Landsbankinn vildi ekki una okkur sem kaupendum þrátt fyrir hæsta tilboð; hafði ætlað hana öðrum. Það æxlaðist þó þannig, að við höfðum okkar fram og keyptum verksmiðjuna, en þjóðbankastjórinn, sem svo kallaði sig, Sverrir Hermannsson, setti á okkur krók á móti bragði og neitaði að taka okkar nýja félag í bankaviðskipti, sem var náttúrlega dauðadómur yfir starfseminni, þótt maður vissi það ekki þá. Vegna þess að afurðalánin eru náttúrlega blóðrás þessara fyrirtækja. Við höldum að við mundum bjarga okkur með viðskiptum annars staðar, en reynslan varð sú, að við náðum okkur aldrei almennilega á strik með þennan rekstur og þegar við komumst í viðskipti annars staðar var það orðið of seint, og við vorum aldrei með þetta á okkar höndum nema í rúmt ár. Í desember 1989 þurftum að fara þaðan og þá var ekki í mörg hús að venda. Sá vetur er sá erfiðasti, sem ég hef upplifað á Íslandi, því að þá var maður sem sagt atvinnulaus og sá fram á að verða eignalaus, því að við höfðum vitanlega lagt allt okkar í sölurnar til að kaupa þetta fyrirtæki, sem við trúðum að gæti orðið bæði okkur lyftistöng, sem og staðnum, eins og verið hafði. Sá vetur er því



Árni og Guðrún í Kitzbühel 1980. Hann mátti til með að skoða Hahnenkamm brunbrautina aftur.

einhver sá dapurlegasti í minninu, sem ég hef lifað. Ofan á allt annað var þessi vetur óvenjusnjópungur og vikum saman sem ekkert var mokað inn í Holtahverfi. Menn urðu að skilja bílana sína eftir á Skutulsfjarðarbraut og paufast þetta á milli í klofsnjó í skammdegismyrkrinu. Guðrún var að vinna í Apótekinu. Mínir dagar liðu margir þannig, að ég fór í morgunkaffið til Gestar Halldórssonar, og þeirra félaga Péturs Jónassonar, niðri í Vélsmiðjunni Þór, fór síðan út í Bolungarvík og hitti þá Finnboga og Svein í Mjölmi og var að paufast

þar eitthvað. Við vorum að velta fyrir okkur áformum um kúffiskvinnslu.

Himnasending

En einmitt þá hafði samband við mig Þorgeir Baldursson í Odda og spurði, hvort ég hefði áhuga á að veita forstöðu markaðsstarfi Prentsmiðjunnar Odda í Bandaríkjunum. Þetta kom eins og himnasending inn í þessa erfiðu stöðu og úr því varð, að við fórum þarna sumarið 1990 með allt okkar hafurtask í 20 feta gámi



Bræðurnir, Arnar Þór og Sigurður Halldór. Jólin 2006.



Martha Árnadóttir (í miðid) með dætrunum Jónínu Lilju (til vinstri) og Örnú.

Fjölskylduhagir

Við höfum talað um uppruna Guðrúnar og Árna, en börn, barnabörn og barnabarnabörn koma líka við sögu.

Synir þeirra urðu þrír. Arnar er fæddur 1967, Jón Ólafur 1971 og Sigurður Halldór 1980.

Arnar býr í Reykjavík og er kvæntur Kolbrúnu Björnsdóttur, graslækni og þau eiga soninn Andrés Nóa og dótturina Guðbjörgu Kristínu. Þau reka saman hið rómaða Jurtaapótek á horni Laugavegar og Skólavörðustígs.

Jón Ólafur, sem foreldrum, fjölskyldu og vinum til mikillar sorgar lést í New Jersey 1997, þar sem hann var við háskólanám og starfaði jafnframt sem forritari, lætur eftir sig dótturina Mörthu Sif, sem er mikið eftirlæti ömmu sinnar og afa. Móðir Mörthu Sifjar er Margrét Ósk Arnarsdóttir frá Ísafirði, dóttir Arnars Kristinssonar og Ingibjargar Jónasdóttur. Þau Jón Ólafur og Margrét slitu samvistum.

Sigurður Hallór, yngsti sonurinn, stundar líffræðinám við University of Hawai í Honolulu. Hann er áhugamaður um náttúruvernd og tekur einarða afstöðu með landinu og náttúrunni, en gefur minna fyrir málstað þeirra, sem telja verjandi að fórna umhverfisperlum fyrir tiltölulega vafasaman ávinning stóriðjuframkvæmda.

Martha Árnadóttir, fædd 1960 er framkvæmdastjóri Stjórnvís. Móðir Mörthu er Sonja Huld Ólafsdóttir frá Ísafirði, dóttir Ólafs Guðjónssonar og Svövu Guðmundsdóttur. Eiginmaður Mörthu er Hartmann Guðmundsson, rafeindavirkjameistari. Martha á tvær dætur, Jónínu Lilju og Örnú, en Arna er einmitt fædd á afmælisdegi afa síns. Jónína Lilja og eiginmaður hennar, Ragnar Oddur Rafnsson eiga Rafn Ágúst, 3ja ára svein og Arna og sambýlismaður hennar, Jóhann Kristján Eyfells eiga von á stúlkubarni undir mánaðamótin. Þannig að eitt barnabarnabarn hefur séð dagsins ljós og annað boðar komu sína á næstu dögum.

og settumst að í New Jersey og ég fór að markaðssetja starfsemi prentsmiðjunnar Odda á þessum stóra markaði í Bandaríkjunum. Maður vissi svo sem ekki mikið að hverju maður var að ganga, en maður hafði þó verið þessu eina ári í Colorado, og var svona þokkalega sjóaður í ensku í viðbót við tveggja ára gagnfræðaskólanám, og á sjálfu prentverkinu hafði maður svo sem næga þekkingu. Þeir, sem helst komu til greina sem vænlegir viðskiptavinir, voru tímaritaútgáfa, listasöfn og gallerí hvers konar og útgefendur að svona betri og vandaðri myndskreyttum bókum. Fyrsta árið vorum við með skrifstofu inn á Manhattan, svo að ég fór að lifa þessu dæmigerða úthverfalífi Bandaríkjamannsins: Steig upp í lestina klukkan 6-7 til að vera kominn á skrifstofuna um 9-leytið, og gekk svo á milli viðskiptavina og væntanlegra viðskiptamanna. Það var svolítið erfitt til að byrja með að selja mönnum þá hugmynd, að það væri eitthvert vit í því fyrir bandarísk fyrirtæki að láta prenta bækur á Íslandi, en eins og ég hef stundum sagt, að með réttari samsetningu af góðu verði, vönduðum vinnubrögðum og góðri þjónustu, þá tókst að skapa þarna verulegan markað fyrir íslenskt prentverk og í þessu vorum við í 15 ár. Allan þennan tíma bjuggum við í New Jersey og mestan tímann í tveimur bæjum, Middletown og Tinton Falls, sem eru þarna á Jersey Shore, svo að þarna var maður alltaf í tengslum við heimahagana um Atlantshafið! Það er svolítið einkennileg tilfinning að lifa langt inni í landi, þar sem hvergi sést til sjávar eins og í Colorado, en þarna fannst mér Atlantshafið tengja okkur við Íslandsstrendur, og leið varla sá dagur að við færum ekki í gönguferð á ströndinni og önduðum að okkar fersku sjávarloftinu.

Eftir að ég var búinn að vera eitt ár starfsmaður Odda, þá æxlaðist það svo, að sá sem hafði verið í þessu starfi árið áður en ég kom, og flutt heim til Íslands í millitíðinni, sótti fast að komast aftur í sitt gamla starf, og þar sem ég hafði bara verið ráðinn til eins árs þá samdist svo um, að hann færi aftur gamla starfið, en ég fór í að

selja prentverkið sjálfstætt, á eigin vegum. Ég taldi mig þá vera búinn að skapa grundvöll fyrir þessari listaverkaprentasölu, undirbúa jarðveginn þar, og fá nokkuð góðar undirtektir, og rak mína starfsemi sjálfstætt um nokkurra ára skeið.

Farið í fiskinnflutning

Til viðbótar því fór ég að flytja inn fisk, bæði unninn reyktan lax, sem ég keypti af Íslenskum matvælum og síðar reyktan lax, sem ég m.a. keypti af Magnúsi í Tungu, í Tálknafirði, einstökum höfðingja. Síðan vorum við í ferskum flökum, þar sem við áttum skipti við annan vestfirskan höfðingja, Ólaf B. Halldórsson, og svo Sölumiðstöðina og nokkra fleiri aðila. Þetta gekk vel á köflum, en svona upp og niður eins og gengur. Mest seldum við til dreifingarfyrirtækja í Boston. Á milli gaf þetta ágætis afkomu. en oft var það erfitt. Það er nú einu sinni þannig á þessum markaði, að ef ekki er allt pottþétt og öruggt þá getur orðið erfitt að fá greiðslu, og svo ef t.d. framboð eykst af fiski þá fer verðið strax lækkandi og þá reyna menn að smokra sér undan skuldbindingum, þegar fiskurinn kemur yfir hafið. Allt var þetta flugfiskur og margur hefur farið flatt á þessu. Á þessu stóð, þar til aftur síðustu árin, þá breyttum við systeminu og ég fór aftur að vinna fyrir Odda eingöngu. En svo fór heimþráin að grafa um sig og mann fór að langa heim, svo að við ákváðum að drífa okkur hingað aftur, og komum hingað á miðju ári 2005 og höfum verið hér síðan. Að þessu sinni var þó staðnæmst hér í Reykjavík, en ekki haldið til Ísafjarðar.

Í Colorado voru tveir yngri synir okkar með okkur og voru þar báðir í skóla. Í New Jersey voru þeir allir þrír með okkur meira og minna. Yngsti sonur okkar, Sigurður hefur verið allan sinn skólatíma í Bandaríkjunum, nema þessi tvö ár sem við vorum á Ísafirði í millitíðinni, og er núna í háskólanámi á Hawaii í líffræði með verndunarsjónarmið fyrir augum. Svo þegar við komum hingað heim í fyrra þá fór ég að vinna með vini mínum, Sverri Jóhannessyni,



Arnar og Kolbrún með Andrés Nóa og Guðbjörgu. Með á myndinni er hundurinn Sóla.

Ísfirðingi og skíðamanni og góðum vini frá fornu fari. Sverrir var þá byrjaður að byggja íbúðablokkir á Austfjörðum. Síðan keyptum við Ármúla 1 og eru stórar hugmyndir um að reisa þar nýja byggingu, en svo gæti farið að við seldum það. Ég tók að mér bókhaldið fyrir þessi fyrirtæki okkar Sverris og settist á skólabeck í haust til að hressa aðeins upp á kunnáttuna í þeim efnum. Stundum heimta ný viðfangsefni að maður endurnýi þekkingu sína eða bæti við hana og þá er bara að taka því og ráðast í það.

Guðrún Halldórsdóttir

Þegar hér er komið sögu stíg-

ur kjölfestan í lífi Árna inn úr dyrunum á Hofsvallagötunni og Vestanpósturinn hefur engar vöflur á, heldur fer umsvifalaust að rekja úr henni garnirnar:

Eg kem úr stórum systkinahópi. Foreldrar mínir voru Guðbjörg Bárðardóttir, kennari og Halldór Gunnarsson, hafnsögumaður, og áður skipstjóri meðal annars á Djúpbátnum Fagranesinu, um árabil. Við erum 7 systkinin og mjög samhent og ég átti mjög góða bernsku og æsku á Ísafirði. A ekkert nema góðar minningar þaðan. Við bjuggum að Austurvegi 13, í næsta húsi við Húsmæðraskólann og þarna var oft glatt á hjalla í hópi systkina og vina. Fyrir kom



Í nestispásu á Seljalandsdal. Siggi, Gunna, Jóhann Gunnar, Geia, Kolla og Högni Gunnar.



Guðrún í vinnustofu sinni.

að pabbi tók heim með sér fólk úr sínum Djúpferðum sem jafnvel fléntist um lengri eða skemmri tíma á okkar heimili. Oftast voru þetta einstæðingar sem ekki áttu í önnur hús að venda í kaupstaðnum. Það var mjög gestkvæmt hjá okkur. Pabbi rak þarna líka fatahreinsun, en mamma stundaði verslunarrekstur á tímabili, áður en hún gerðist barnakennari. Hún verslaði einkum með grammófónplötur, hljóðfæri og reyndar allt milli himins og jarðar. Húsið fannst okkur gríðarstórt, og nóg pláss fyrir ærslafullan hópinn. Alltaf var mikið um að vera og venjulega fullt hús af börnum þarna.

Á þessum tíma var blómaskeið Tónlistarskóla Ísafjarðar og flest, ef ekki öll systkinin fengu að njóta þess. Sjálf var ég í píánónámi í fimm ár, þótt ekki hafi mér auðnast að bera hróður skólans um tónleikasali veraldarinnar, eins og Ragnar H. Ragnar tók stundum til orða, þegar hann brýndi nemendur til dáða. Það hafa þó ýmis skóla-systkini frá Tónlistarskóla Ísafjarðar gert, eins og kunnugt er.

Að loknu gagnfræðaskólanámi van ég um hríð á Skattstofunni hjá Jóni Á. Jóhannssyni, þeim

heiðursmanni, sem við Árni eigum bæði hlýjar minningar um, hann úr Prentsmiðjunni en ég af Skattstofunni. Mér er til efs að nokkur forstöðumaður stofnunar, eða atvinnurekandi hafi borið aðra eins umhyggju fyrir sínu starfsfólki og til marks um það er, að gjarnan hringdi Jón í mig á morgnana og benti mér á hvaða leið best væri að ganga í vinnuna, ef illfært var vegna snjóa.

Sautján ára gömul var ég þegar við Árni kynntumst. Ofarlega er í huga minningin um það þegar við Bergljót vinkona Böðvardsdóttir sóttum námskeið á Skíðaskólanum hjá Gunnari Péturssyni, en þá held ég að við höfum fyrst tekið eftir hvort öðru. Ég var 18 ára gömul þegar við giftum okkur í Ísafjarðarkirkju og mönnum er í minni þrumuræðan sem séra Þorbergur flutti við það tækifæri. Þá byrjuðum við Árni að búa í húsi foreldra minna við Austurvegin, þar sem verslunin Rún hafði verið til húsa.

Þetta voru góð ár á Ísafirði. Þá tíðkaðist að ungar húsmæður ynnu í fiski. Tekjurnar voru góðar, þar eð bónusinn drýgði tímakaupið vel og einnig var það kostur að hægt var að fá frí eftir þörfum,

sem náttúrulega kom sér vel með barnaupeldi og heimilisstörfum. Þá vann ég í Ísafjarðarpóteki í mörg ár hjá Hrafnkeli heitnum Stefánssyni. Hrafnkell var heiðursmaður og sérstakt ljúfmenni. Eftir að við fórum að reka Vestfirsku Fréttablaðið sá ég um bókhald og rekstur skrifstofu og afgreiðslu til sölubarnanna. Vestfirsku fréttablaðið rákum við í 12 ár. Á þessum árum tók ég 2 ár í rekstrarfræði við Menntaskólann. Aldrei var það ætlunin að að flytja frá Ísafirði. Þetta var okkar líf. Gott mannlíf í barnvænu samfélagi í samvistum við stórfjölskyldu og góða vini. Þrátt fyrir það óx mér ekki í augum að fara til ársdvalar í Colorado, 1987 – 1988. Hugsunin var alltaf sú að snúa aftur heim til þessa samfélags. Aðstæðurnar voru allt aðrar þegar við fluttum út í seinna skiptið. Þá var Árni að vinna inni á Manhattan og Sigurður sonur okkar í skóla allan daginn og það var öllu erfiðara til að byrja með en dvölin í Boulder, Colorado.

Inn á braut listarinnar

Í Boulder byrjaði ég nám í leirlist og var í því þann vetur. Á tímabili fék ég þó slæman astma og gat ekki unnið við þetta eins og ég vildi. Nú, svo komum við aftur heim og vorum á Ísafirði í 2 ár áður en við fórum svo út aftur til austurstrandar Bandaríkjanna. Þá var ég við nám í College, á listabraut og útskrifaðist 1997. Skólinn var raunar eins og mitt annað heimili í mörg ár. Ég gat notað stúdíóið eins og ég vildi og má segja að ég haf verið þar meira og minna alla daga. Frá 1990 hef ég verið að vinna við leirlist, aðallega skúlptúra, sem seljast vel í galleríi Hrefnu Jónsdóttur í Lambertville, New Jersey. Hrefna hefur hjálpað mér mikið við að koma list minni á framfæri. Í Lambertville er fjöldi gallería og antík-búða. Hrefna rekur eitt besta innrömmunarverkstaðið í New Jersey og er þekkt þar vestra fyrir fagleg vinnubrögð og góðan smekk. Verkin mín hafa verið sýnd víða um Bandaríkin, á samsýningum, á söfnum og annars staðar. Oftast sendi ég inn myndir af verkunum í samkeppni við aðra listamenn og sýnendur velja úr til sýningar.

Ég hef sýnt allvíða og fengið margar viðurkennningar. Verkin mín hafa fengið góða umfjöllun og ratað inn í bækur, svo sem „encyclopedíur“ fyrir listaverk, og skúlptúrabækur. Það hefur líka verið mjög þroskandi fyrir mig sem listamann að hafa haft tækifæri til að stunda fjölda námskeiða hjá nokkrum þekktustu leirlistamönnum í Bandaríkjunna. Það hefur haft mikla þýðingu fyrir þróun minnar listar, tæknilega og hugmyndalega. Eftir heimkomuna til Íslands setti ég upp vinnustofu og sýningarsal í Ármúla 1. Hélt þar veglega sýningu s.l. sumar og þar komu að sjálfsögðu margir mætir Ísfirðingar.

Verkin mín eru langflest handbyggð, en sum þó rennd. Ég brenni verkin einu sinni í brennsluofni á vinnustofunni. Þekktust er ég kannske fyrir „konurnar mínar“, sem ég fer með út í sveit eftir fyrri brennslu og kem þeim fyrir í sérstökum ofni, sem ég er búin



Þessi litli káti náungi er Rafn Ágúst, sonur Lilju (Mörthudóttur) og Ragga.

að koma mér upp. Hann fylli ég af sagi og alls konar dóti, kveiki í og það brennur niður á einum til tveimur sólarhringum. Þannig fá verkin á sig grá/svartan blæ, sem mér finnst vera eins rammíslenskur og grjótið og sandarnir eða annar berangur í íslenskrí náttúru.

Ég get ekki sagt að ég geri mikið af eiginlegum nytjalistmunum. Þetta er mest skúlptúrar, og ein-

hvern veginn endar það oftast þannig, að gripirnir mínir verða frekar stórir. Oftast fólk eða aðrar figúratívar myndir. Ég hef gert talsvert af víkingaskipum í ýmsum útfærslum og hugsa mér að halda því áfram. Þetta tengdi fólk ytra við uppruna minn og þótti við hæfi að eignast víkingaskip eftir íslenskan listamann.

Árni hefur verið ötull við að hjálpa mér bæði við að koma listinni á framfæri og skapa mér aðstöðu til að vinna við þetta. En ég er til þess að gera nýkomin heim og gripirnir mínir eru til sölu í Nordica Hotel og Hótel Loftleiðum. Studio Stafn við Ingólfsstræti

mun hafa verkin mín á næstunni og náttúrulega tek ég á móti áhugasömum á vinnustofunni. Á vefsíðunni, www.gudrunart.com má sjá sýnishorn af verkum mínum

Að svo mæltu kveður Vestanpósturinn þessi geðþekku hjón og grónu en víðreistu Ísfirðinga og óskar þeim velgengni í störfum sínum á gamla Fróni á komandi árum.

Gutenberg er þjónustufyrirtæki í prentiðnaði. Við byggjum á traustum grunni sem hefur þróast á undanförunum 100 árum. Við erum sérfræðingar í stórum og smáum prentlausnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.



Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins

á **Broadway** föstudaginn 26. janúar 2007.
Forsala aðgöngumiða 20. janúar kl. 14.00-16.00.

Ræðumaður kvöldsins: Guðmundur Halldórsson sjómaður, Bolungarvík.

Veislustjóri: Jakob Falur Garðarsson

Skemmtikraftar: Bardukha og Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona.



Bardukha

Bardukha er skipuð þeim Ástvaldi Traustasyni sem leikur á harmonikku, Steingrími Guðmundssyni darboukhuleikara, Hjörleifi Valssyni (Ísfirðingi) fiðluleikara og Birgi Bragasyni sem leikur á kontrabassa.

Bardukha leikur balzamertónlist sem einkennist af sterkum þjóðlegum áhrifum, auk spuna í ríkulegum mæli. Ekki er óalgengt að þeim hlaupi kapp í kinn sem getur leitt tónlistina á óvæntar brautir og á stundum eiga þeir til að bresta í söng á erlendum þjóðtongum af slíku listfengi að eftir er tekið.



Brynhildur Guðjónsdóttir (Edith Piaf) leikkona



Milljónamæringarnir

Milljónamæringarnir leika fyrir dansi til kl. 3 eftir miðnætti.



Umræður um sprunguna í Óshyrnu fyrir ofan Óshlíðarveg fyrir 10 árum:

Búið að ræða hugmyndir um jarðgöng til Bolungarvíkur í meira en hálfa öld

Fyrir 10 árum var því slegið upp í héraðsfréttablaðinu Vestra á Ísafirði að Veðurstofumenn skoðuðu stóra sprungu í Óshyrnu. Ekki væri hægt að segja til um hvort eða hvenær þúsundir tonna af grjóti hryndu niður á veg. Athyglisvert er að á þessu ári tíu árum síðar eru menn enn að skoða málið, en þó virðist vera komin sátt um að Óshlíðarvandinn verði leystur með gerð jarðganga frá Bolungarvík yfir í Hnífsdal eða Skutulsfjörð.

Sprungan í Óshyrnu varðar ekki síður Ísfirðinga en aðra vegfarendur sem leið eiga um Óshlíðarveg. Mál þetta á sér langan aðdrag-

anda, en það var árið 1977 sem athafnamaðurinn Jón Fannberg vakti athygli Vegagerðarinnar á því að árið 1972 hafi hann farið upp á fjallið Óshyrnu, þar sem ysti hluti Óshlíðarvegar liggur nú nokkru fyrir ofan fjöruborðið. Varð hann þá var við mikla sprungu í fjallinu eins og segir í umfjöllun Vestra. "Sprunga þessi sker góða sneið frá fjallinu og sjálfsagt eiga þar eftir að hrynja niður þúsundir tonna af grjóti einhvern tíma í framtíðinni."

Magnús Már Magnússon hjá Veðurstofu Íslands sagði í október 1997 að sprungan væri stór og að menn frá

Veðurstofu hafi farið upp á fjallið að kanna málið tveimur árum fyrr, eða 1995. Væri meiningin að aftur yrði farið að kanna svæðið um mánadámótin október/nóvember 1997 þar sem settir yrðu niður mælipunktar til að fylgjast með

hreyfingu á sprungunni. Staðfest hefur verið með mælingum síðan að sprungan hefur haldið áfram að gliðna.

Jóhann Hannibalsson bóndi á Hanhóli í Bolungarvík hafði margsinnis skoðað sprunguna. Taldi hann sprunguna mjög djúpa þó erfitt væri að segja nákvæmlega til um það þar sem jarðvegur hyldi hana að töluverðu leytir.

Vestri vitnaði í umfjöllun sinni 30. október 1997 í ónefndan jarðfræðing sem teldi víst að ef þetta stykki hryndi í heilu lagi í sjó fram gæti það valdið flóðbylgju í Djúpinu. Hún gæti orðið það stór að hún endurkastaðist að hluta til baka frá ströndinni handan Djúpsins.

Á síðasta ári fóru umræður um þessa sprungu loks að skila árangri í kjölfar mikils grjóthruns á veginn fyrir neðan sprungusvæðið. Var þá fljótlega lofað að með flýtiaðgerð yrði ráðist í gerð tvennra stuttra jarðganga á Óshlíð sem áttu að sneiða hjá alverstu köflunum. Þetta voru heimamenn ósáttir við



Umræður um sprunguna í Óshyrnu í Vestra fyrir 10 árum. Myndin af sprunginni var tekin af Braga Hannibalssyni í leiðangri hans með Jóhanni Hannibalssyni bónda á Hanhóli upp á Óshyrnu árið 1996.



Þessi mynd sýnir mikið bjarg sem féll á Óshlíðarveg 12. nóvember 1998. Þáverandi "fjallajeppe" núverandi ritstjóra Vestanpóstsins mátti sín lítils í samanburði við þetta ferlíki. Myndir HKr.



Þessi steinn féll úr Óshlíðinni í september 1996 beint undir umræddum stað þar sem sprungan er í fjallinu. Þessi steinn gæti verið um 20 tonn eða meira.

og vildu leysa málið almennilega í eitt skipti fyrir öll. Því er nú uppi sú staða að verið er að meta þrjá megin kosti varðandi jarðgangagerð, en Bolvíkingar hafa lýst áhuga á að farin verði svokölluð Skarfaskersleið.

Hálfrar aldar umræða

Gerð jarðganga til að koma Bolungarvík í öruggt vegasamband er þó alls ekki ný af nálinni. Þegar byrjað var á Óshlíðarvegi um 1946 var jarðgangahugmyndin þegar uppi á borðinu sökum þess augljósa torleiðis sem Óshlíðin var. Skömmu síðar var ráðist í gerð fyrstu vegganga á Íslandi í gegnum Arnarneshamarinn. Hugmyndinni um göng til Bolungarvíkur var þó ýtt út af borðinu, enda margfalt erfiðara verk að bora jarðgöng með tækni þess tíma en nú er.



Starfsmenn Vegagerðarinnar kanna skemmdir á sundurtættu öryggisneti eftir grjóthrun á Óshlíð í júní 1992. Annar frá vinstri er Ólafur Vilhjálmsson veghef-ilstjóri Vegagerðarinnar á Ísafirði til fjölda ára.



Þrennar vegsvalir undir hættulegum giljum á Óshlíð. Vegsvalirnar hafa margoft sannað gildi sitt en duga þó ekki til að tryggja öryggi vegfarenda um veginn vegna grjóthruns á óvörðum svæðum.



Framkvæmdir við gerð svokallaðra “snjóflóðaskápa” á Óshlíð í október 1998.

Upp úr 1970 kom enn fram hugmynd um jarðgöng, en þá töldu áhrifamenn í Bolungarvík að slík framkvæmd tæki of langan tíma. Engan tíma mætti missa við að gera endurbætur á þáverandi Óshlíðarvegi. Voru jarðgöng því enn slegin út af borðinu og þess í stað ráðist í gerð nokkurra vegskála við verstu snjóflóða- og grjóthrunsgilin á hliðinni. Þegar byrjað var á Vestjarðagöngum sem tengdu Skutulsfjörð, Súgandafjörð og Önundarfjörð var rykið enn eina ferðina dustað af hugmyndum um jarðgöng til Bolungarvíkur með tengingu inni í Vestfjarðagöngum. Sú umræða komst aldrei alvarlega á skrið, enda hefur mönnum eflaust þótt nógu erfitt á þeim tíma að tryggja fé til gerðar Vestfjarðaganga þó ekki væri verið að rugga bátum um of með kröfu um enn dýrari jarðgöng. Hugmyndum um Bolungarvíkurgöng var því enn eina ferðina sópað út af borðinu. Nú eftir meira en hálfrar aldar vangaveltur um örugga vegtengingu til Bolungarvíkur virðist loks hylla undir varanlega lausn með gerð jarðganga. Í millitíðinni er búið að eyða milljörðum á milljarða ofan í lausnir sem ekki hafa dugað til að tryggja öryggi vegfarenda.

ÞÚ GETUR FARIÐ
HVERT SEM ER ...



MEÐ FERÐAÁVÍSUN MASTERCARD



Sæktu um MasterCard kort með ferðaávísun hjá þínum banka eða sparisjóði og þú færð 5.000 kr. stofnávísun.

Lækkaðu ferðakostnaðinn með ferðaávísun MasterCard. Hún gildir sem greiðsla upp í allar ferðir til útlanda og innanlands líka.

Netflug, viðskiptaferðir, borgarferð eða sumarfrí á sólarströnd með fjölskyldunni. Þitt er valið. Nýttu þér ferðafrelsið sem ferðaávísun MasterCard veitir þér og sæktu um kort strax í dag.

Nánari upplýsingar á kreditkort.is

Já, – við verðum alltaf Ísfirðingar

Hátíðarræða Elínar Ölmur Arthúrsdóttur á Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins 2006

Hve undur hægt vaggast bátur þinn
Við landsteina eigin bernsku.
Í mjúkum silkispegli,
bak við langa ævi,
horfist þú í augu við litla telpu,
slegið hár hverfist í leik smárra fiska,
í sólskinu fljúga þeir á gullnum vængjum
inn í laufgrænan skóg.

(Jón úr Vör)

Ágætu Ísfirðingar - og aðrir gest-
ir. Eða hvað? Er ekki langstærsti
hluti þessarar samkundu búinn að
ala stærri part af ævi sinni annars
staðar en á Ísafirði? Hvers vegna
höldum við því þó alltaf á lofti
að við séum Ísfirðingar? Fylgjumst
betur með fréttum þaðan en ann-
ars staðar. - Fylgjumst jafnvel með
veðrinu - Og alla vega skíðafærinu.
- Og hvers vegna tókum við alltaf
upp hanskan fyrir Ísafjörð ef svo
ber undir. - Alla vega ef einhver
utanaðkomandi hallar máli. – Já,
hvers vegna að halda í uppruna
sinn?



Steinunn Kjartansdóttir, Ólafur Vignir Sigurðsson (barn-
börn Önnu Bjarnadóttur og Ólafs Jakobssonar skósmíðs) og
Rannveig Höskuldsdóttir (dóttir Höskuldar Ingvarssonar
og Guðlaugar Þorsteinsdóttur).

Ég ætla mér
ekki þá ofrausn að
geta svarað þessum
spurningum. - Mig
langar hins vegar
til að hverfa aftur
í tímann og rifja
upp Ísafjörð eins
og hann er í mínu
minni. - Ég veit að
hann er ekki eins í
hugum okkar allra
og sínum augum
lítur hver á silfrið,
- en vona að mín
kynslóð kannist við
eitthvað af því sem
kom í huga minn
síðustu daga.

Minn árgangur
er fæddur árið 1956
- og við verðum því
hálftrar aldar gömul á nýbyrjuðu
ári. Þetta var árið sem héraðslækn-
irinn á Hólmavík sagði í skýrslum
Landlæknisembættisins að barna-

uppeldi væri
sæmilegt í sveit-
unum en miður
svo í þorpunum.
Þar léku börn-
in lausum hala
og eftirlitslaus
mest allan dag-
inn og gerðu allt
sem þeim dytti í
hug. Að vísu væri
þetta ögn skárra



Elín Alma Arthúrsdóttir í ræðustól.

á veturna þegar skóli væri starfandi
en þó ekki nógu gott. Annars væru
flest börn vel klædd og virtist ekki
skorta neitt nema hugsandi mæður.
Svo mörg voru þau orð.

Sjálf fæddist ég í Hafnarstræti
1, á milli matar- og kaffitíma þann
dag sem hleypt var af stokkunum
fyrsta bát nýstofnaðs fyrirtækis sem
hlaut nafnið Gunnvör hf., og átti
eftir að dafna og stækka. Pabbi var
þá þegar farinn að starfa hjá því
fyrirtæki og gerði það í 35 ár með
tveimur vetrarhléum. Báturinn
hlaut nafnið Gunnvör og var smíð-
aður á Ísafirði. Þessi bátur fór fyrst
á sjó 2. mars 1956 þegar stelpu-



Dýrfinna Torfadóttir (Torfa Björns) og Sólveig Bára
Guðnadóttir (Guðna Ingibjartar) ræða saman.

skottið var 10 daga gamalt. Tímarnir breytast. Nú eru feðurnir heima, jafnvel svo mánuðum skiptir og það á fullu kaupi.

Bernskuslóðir mínar eru þó fyrst og fremst á Hlíðarveginum og þar í kring því þangað fluttum við þegar ég var 2ja ára. Það hefur vafalaust þótt svolítið langt að flytja alla leið þangað upp eftir, en þarna var paradís fyrir börn og fullt af þeim.

Við fluttum á neðri hæð í tvíbýlishúsi á Hlíðarvegi 29. Á efri hæðinni bjó Gurra, Tóti í kaupfélaginu og Svana dóttir þeirra ásamt Magnúsi föður Gurru. Þær muna það vafalaust margar konurnar hérna inni að Gurra var dugleg saumakona. Hún hafði mest yndi af kjólasniðum sem nú eru kennd við sixties, en í mínum huga eru aldrei annað en Gurrukjólur. Og svo vildi hún gjarnan búa til svona rós, - eða dúllu úr efninu og festa í barm frúnna sem voru að láta sauma á sig. Þetta minnir óneitanlega á tískuna í dag, - allt fer í hringi.

Á þessum árum má segja að Hlíðarvegurinn hafi skipst í tvennt varðandi samskipti krakka. Það voru krakkarnir útfrá og innfrá og skiptist svona nánast við brekkuna við Hlíðarveg 26, þar sem Jón Kr. og hans fjölskylda bjuggu. Rétt aðeins að krakkarnir á Hlíðarvegi 24 væru með, en þar bjó m.a. Maja Gunnars og Erla dóttir hennar ásamt fleirum úr þeirri fjölskyldu. Eftir á að hyggja voru lang-, lang flestir krakkarnir á utanverðum Hlíðarveginum sjómansbörn.

Ég er helst á því að áður en Hlíðarvegspúkarnir byrjuðu í skóla hafi þeir stundum ekki farið niður í bæ svo vikum skipti - og það sama á við þegar ekki var skóli. Það var alveg nóg við að vera. Við lékum okkur á götunni, niðri í fjöru eða upp í hlíð og á veturna var verið á sleðum eða skíðum og stundum jafnvel á skautum á götunni þegar aðstæður leyfðu. Þarna voru kraftmiklir krakkar. Nægir að nefna krakkana þeirra Óla Hall og Sellu, Dúlla og Bekku, Arnórs Stígs og



Guðjón Arnar Kristjánsson og Svanur Kristjánsson í alvarlegum viðræðum.



Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, stjórði veislunni af miklum myndarskap.

Möllu, Jóa Sím og Helgu, Harðar og Fjölu, Torfa Björns og Siggú Króksnes, Jóns Kr. og Siggú, ásamt fleirum. Seinna flutti í rauða húsið hennar Lóu Konn, fjölskylda Einars skipstjóra og þá bættust í hópinn bæði Kiddi og Konni Einars.

Fyrir utan barnafólkið var fullt af öðru góðu fólki á Hlíðarveginum. Hrefna og Gummi Ben voru í litla timburbúðunni sem þau höfðu flutt með sér frá Hesteyri, Helga og Helgi múrari, fólkið frá Horni, Jón Valdimars og Sigríður, o.fl. o.fl. Í þessum enda Hlíðarvegarins var samsagt búsett sómafolk sem ég man ekki annað en að hafi verið vinveitt okkur krökkunum - og allir þekktust. Auðvitað var stundum eitthvað verið að argast í okkur en það er nú bara svona eins og við er að búast. Hún var t.d. ekki alltaf sátt við okkur hún Palla sem bjó í Króknum, fyrir neðan húsið hans Óla Hall, og ræktaði þessar líka fínu næpur. Eitthvað var uppskeran stundum minni en efni stóðu til..... og lífrænt ræktað eins og nú væri sagt - fór óspart í magann á Hlíðarvegspúkunum.

Ég veit ekki hvort það var eins gott fólk á hinum enda Hlíðarvegarins, en alla vega var margoft í gangi mikið stríð á milli þessara götuenda og var ekkert gefið eftir í þeim efnum. Ég get viðurkennt það núna að ég sagði ósatt um það

hver braut rúðuna í kjallaranum á raðhúsi við Hlíðarveg, sennilega nr. 38 í einu slíku stríði. Í hita leiksins var ekki annað hægt en að standa með sínum enda og samþykka að sá sem var borinn þessum sökum hefði framið verkið. Sá var reyndar



Inga Ósk Jónsdóttir og Hálf dán Ingólfsson flugmaður eru búsett á Akranesi og voru hin hressustu.



Linda



Ekki bara gott...



...heldur



Góu gott

skólabróðir minn alveg frá 7 ára og til tvítugs og man sjálfsagt ekkert eftir þessu.

Svona liðu æskuárin. Við lékum okkur í ýmsum leikjum, - við vorum maskar á bolludaginn, - við vorum niðri í fjöru og við fórum með nesti upp í Súpu. Sumir fóru jafnvel alla leið upp á Gleðarhjalla. Og við fórum á skíði og renndum okkur síðan alveg heim á tröppur - þangað til kröfurnar urðu meiri og haldið var upp á Dal. Á veturna var líka stundum farið á samkomu á Hjalpræðishernum - og það var eiginlega alltaf kalt. Krakkahópurinn stóð fyrir utan hriðskjálfaði og hrópaði: Opniði Púdduna, við erum að frjósa. Ég hef oft hugsað hvers vegna við kölluðum þetta Púdduna? Veit það einhver, var það kannski hatturinn á „herkonunum“?

Ég nefndi það áðan að langflestir Hlíðarvegspúkarnir hefðu verið sjómannsbörn, það setti sinn lit á lífið. Ætli við höfum ekki af þessum sökum búið við mæðraveldi í orðsins fyllstu merkingu? Ég hugsa samt að við sjómannsdæturnar höfum orðið frekar öflugar stelpur. Vanar því að mæðurnar þyrftu að sinna hinum ýmsu verkefnum og þess vegna ekki látið okkur allt fyrir brjósti brenna. Það var líka ekki alslæmt að eiga pabba sem fór í burtu á síld svo vikum og mánuðum skipti. Það var t.d. ekki amalegt þegar pabbi kom heim með hjól eftir vertíðina síðasta sumarið sem farið var á síld á Gunnvörunni. Þetta var skínandi grænt stelpuhjól, með breiðum grænum dekkjum. Aldrei, hvorki fyrr eða síðar, hef



Stefán Þ. Tómasson, Guðmundur Jóhannsson (Jóa Sími), Sigríður Erla Jóhannsdóttir og Dagný Rósa Pétursdóttir.



Valgerður Jakobsdóttir og Gunnar Pétursson.

ég séð eins fallett hjól. Strax um kvöldið byrjuðu eldri stelpurnar í götunni að kenna mér, sem þá var 5 ára, að hjóla.

Árið 1963 byrjaði minn árgangur í barnaskólanum í græna, reisulega timburhúsinu sem byggt var 1901. Á sama tíma og við byrjuðum að ganga menntaveginnum voru fluttar ræður á Alþingi um að eiturlyf væru vaxandi ógn á Íslandi. Og ríkisstjórnin spurð hvernig hún ætlaði að bregðast við. Þingmenn voru fullir af eldmóði og einn þeirra fór mikinn þegar hann spurði þingheim hvort menn gerðu sér grein fyrir því hversu illa væri farið með æsku þessa lands. Bæði vegna vinnustrits og lexíustagls sem væri fjarri öllum skynsamlegum tilgangi.

Ekki veit ég hvað þessi ágæti þingmaður hefði sagt við því að bróðir minn heldur því stöð og



Sveinn Guðjónsson (sonur Guðjóns Loftssonar verkstjóra) og Pétur Sigurðsson (sonur Hidda heitins málara).



Guðmundur Sigurðsson (Muggur), Einar S. Einarsson og Kristján Reimarsson.

stöðugt fram að hann hafi orðið fyrir vinnuslysi við útskipun þegar hann var 7 ára. Sjálf var ég komin í fulla sumarvinnu hjá Bæsa bakara í Túngötunni þegar ég var 12 ára og hafði sumarið áður fengið vinnu í skógræktinni hjá Ágústi Leós. Að vísu með því að segjast vera einu ári eldri en ég var. Engum þótti held ég neitt athugavert við það að börn væru komin í vinnu. Einhvern veginn sé ég ekki 12 ára bróðurson minn fara að vinna í bakaríi allan daginn, kannski var þetta líka alltof snemmt. Verst var hins vegar þegar ég vissi ekki hvað var verið að spyrja um, en Bæsi seldi ýmsar aðrar vörur en bara brauð og kökur. Gleymi því ekki þegar Svavar pabbi Kollu og Sigu Svavars kom í hádeginu og keypti franskbrauð og bað svo um skúripúlver....! Nú voru góð ráð dýr ég vissi ekkert hvað hann var að biðja um og tók áhættuna og sagði að það væri ekki til. Hann benti mér hins vegar góðlátlega á að það væri í hillunni fyrir aftan mig. Ég skammaðist mín niður í tær og man þetta af þeim sökum eins og gerst hefði í gær.

Hins vegar hefðu örugglega margar ungmeyjarnar viljað vera í mínum sporum í bakaríinu einn morguninn eftir frídag þegar nokkrir ungir síðhærðir menn læddust inn úr dyrunum fylltu eiginlega litlu búðina - og báðu um litla Coke. Voru þá ekki þarna



Saga Class í miklu stuði.

komnir meðlimir hinna einu sönnu Hljóma frá Keflavík, sjálfir íslensku bítlarnir! Þeir höfðu verið að spila á balli í Hnífsdal kvöldið áður og voru nú satt að segja frekar framlágir. Það hefur sennilega bjargað mér frá því að hverfa ofan í gólfið að vera ekki eldri. Ég minnst þess að Hildi bakaradótturinni þótti mikið til koma þegar hún frétti af þessu og varð svolítið súr að hafa ekki staðið við afgreiðsluborðið þennan morguninn.

Í barnaskólanum voru margir eftirminnilegir kennarar. Að öðrum ólöstuðum þykir mér rétt að nefna Sigríði J. Ragnars, hún var góður


kennari og áhugasöm. Eitt sinn stóð hún sem oftast uppi við töflu og var í miðjum klíðum að útskýra eitthvað og allt í einu seig undirpilsnið niður undir gólf. Hún var mjög gjarnan í svona jerseykjólum með bandi um mittið, mig minnst að þessi hafi verið flöskugrænn. Hún hélt áfram eins og ekkert hefði í skorist en við krakkarnir pískruðum og flissuðum. Svo tók hún eftir hvað gerst hafði og vippaði undirpilsinu upp aftur, hló góðlátlega og hélt svo áfram að útskýra af sama eldmóðinum. Telja mætti upp marga aðra eftirminnilega kennara en það bíður betri tíma.



Það var engin viðvaningsbragur á söngnum hjá Reyni.



Hljómsveit Reynis Guðmundssonar, Saga Class, hélt uppi látlausu stuði á dansleiknum.



gyllum, silfrum og
gerum við skartgrip.

Fljót og persónuleg þjónusta



Arni Höskuldsson
gullsmiður

Bergstaðastræti 4 - 101 Reykjavík - Sími 562 0335 - www.gullsmidur.is



Á Ljósmyndastofu M. Simson 1950

Kæru Ísfirðingar.

Það er með virðingu og miklu þakklæti fyrir þá miklu viðskiptatrygð, sem þið hafið sýnt mér á síðastliðnum fimmtíu og fimm árum, að ég tilkynni ykkur að ég hef nú selt Ljósmyndastofu Kópavogs. Hinir nýju eigendur eru ísfirðingar, þau Jón Sigurdur Theódórsson Nordkvist og kona hans Harpa Þórisdóttir ljósmyndari, Þóris Óskarssonar ljósmyndara af Hærri Bæjar fólkinu á Snæfjallaströnd.

Ég er sátt og gladdur að svo skyldu takast til, ég held að Harpa, sem lærði ljósmyndun hjá föður sínum á Ljósmyndastofu Þóris í Reykjavík, og stundaði síðan framhaldsnám við Media skolen í Viborg í Danmörku, sé sá aðili, sem vel geti skilað þeim árangri í starfi sínu, sem viðskiptavinirnir þurfa á að halda. Min ósk henni til handa er að þið sýnið henni sömu viðskiptatrygð og þið hafið sýnt mér í gegnum árin, ég tel að þið muníð ekki verða svikin af því. Þannig tel ég að rekstur Ljósmyndastofu Kópavogs sé í góðum höndum í framtíðinni.

Með einlæggu þakklæti til ykkar.

Jón Adalbjörn Bjarnason.

**Pantið feringar og stúdentamynda-
tökurnar tímanlega !**



Ljósmyndastofa Kópavogs sími: 554 3020



Formaður Ísfirðingafélagsins, Ólafur Hannibalsson.



Bjarni Ara söngvari tók lagið með tilþrifum.

Ég verð þó að nefna Marinó sem m.a. kenndi okkur skrift, og marg-sagði að þegar við skrifuðum L, ættum við að fara, bogið upp, beint niður. Sumt situr fastar í manni en annað. Og svo var alltaf hlaupið

í kaffinu til ömmu í Norðurtanga og síðar í Smiðjugötuna til Odds rafvirkja og Heiðu.

Skrýtið hvað manni finnst alltaf að veðrið hafi verið bæði mikið betra á þessum árum og svo líka miklu verr. Alla vega man maður snjóinnn alveg fyrir útidyrnunum og götuna alveg ófæra. Ekki að það skipti máli hvort það var bílfært, maður fór jú allra sinna ferða fótgangandi - og missti aldrei úr skóla vegna veðurs. Nema þessa örfáu þegar skólahald féll alveg niður. Við bara fórum fyrr af stað í skólann en ella og klofuðum snjóinnn upp í mitti, ekki síst í Bæsabrekkunni. Í þessum vondu veðrum var líka oft legið með eyrað við útvarpið. Hvernig skyldi nú bátunum reiða af? Hvenær skyldu þeir koma inn? Ótal spurningar og fátt um svör. Það urgæði og söng í útvarpinu en stundum var hægt að heyra að allt var í lagi og stundum var bara beðið.

Eins og svo margir krakkar á þessum árum tók ég þátt í skátastarfi. Byrjaði sem ljósálfur hjá öðlingnum henni Maju Gunnars og hélt áfram í þessu starfi langleiðina til tvítugs. Það er engin goðgá að minnst þess hversu mikil perla hún Auður Hagalín var í kvenskátastarfinu. Mér er til efs að margar aðrar útvinnandi húsmæður með nokkur börn hefðu gefið sér jafn mikinn tíma til að hlusta á allar þær hugmyndir og vesen sem oft var í kringum starf okkar og hún Auður. Það var ótrúlega margt sem maður upplifði og lærði í kringum þetta starf - og mörg okkar fóru ábyggilega í sína fyrstu utanlandsferð þegar stór hópur Ísafjarðarskáta fór til Noregs á skátamót sumarið 1972.

KLÍNÍSK TANNSMÍÐI

**Gervitannasmíði
viðgerðir og
önnur tannsmíðapjónusta**

Samningur við TR

**Halldóra og Heiða
klínískir tannsmíðameistarar**

**Hlíðasmára 9
201 Kópavogi
Tímapantanir
565 5650**


Græðir sf. – Flateyri

Vinnuvélar • Verktakastarfsemi

Valdemar Jónsson • Varmadal Flateyri

Sími 456-7652 / 893-3067 / 456-7650 • Fax: 456-7651

Vestfirðingar, gleðilegt nýtt ár





Helgi Björnsson leikari og söngvari lét ekki sitt eftir liggja.

Árið 1969 fór minn árgangur í Gagnfræðaskólann. Það er minnisstætt þegar Gústaf skólastjóri gekk í alla bekkir og talaði fyrir þeirri ákvörðun að láta svokallaðar dansæfingar byrja kl. 17. Eitthvað fór þetta nú fyrir brjóstið á unglingunum, það væri ekki einu sinni orðið dimmt, hvernig væri hægt að hafa ball við slíkar aðstæður. Þá stakk Gústaf upp á því á sinn hægláta yfirvegaða hátt hvort ekki væri bara hægt að draga fyrir gluggana...

Ekki veit ég hvort séra Sigurður, sem fermdi okkur krakkana vorið 1970, lenti nokkurn tímann í því sama og presturinn í ónefndri



Helgi Björnsson.

nágrannabyggð lenti í. Það var þannig að fólk var að koma til hans og játa á sig framhjáhald og kvað nokkuð rammt að þessu. Prestinum þótti

nóg um og af því að söfnuðinum líkaði vel við prest sinn komu menn sér saman um að tala um þessa hluti undir rós og sögðust því hafa dottið ef þeim varð hált á svellinu í þessum efnum.

Svo kom að því að nýr prestur kom í plássið. Eftir stuttan tíma í starfi



Bjarni Ara.

gerði hann sér ferð til bæjarstjórans og fór fram á að gert yrði átak varðandi gangstéttir í bænum. Hann var varla búinn að ljúka erindinu þegar bæjarstjórinn skellti sér á lær og fór að hlæja. Prestur brást fremur illa við og taldi ekki efni til þess fyrir bæjarstjórnann að hlæja að þessu, „enda er konan þín búin að detta þrisvar í þessari viku „.....

Við fórum sennilega flest í fermingarmyndatöku hjá Jóni Aðalbirni. Þegar ég fór og ætlaði að sækja myndirnar var miði

á hurðinni þar sem sagði að Jón yrði í burtu í 10 mínútur. Ég átti smáaur og fór til Jonna Magg og keypti mér Lindubuff og kom svo til baka. Mínúturnar hans Nonna á Horninu reyndust lengri en þessar venjulegar 10 mínútur því hann var kominn yfir á Flateyri að taka þar fermingarmyndir.

Eftir fermingu fóru flestir að vinna í fiski. Þá var enn 44 stunda vinnuvika. Ég fór í efra húsið þar sem Jonni Kristmanns réði ríkjum - og ekki dugði að slugska. Jonni bara setti í brýrnar og byrsti sig, - og maður skalf á beinunum svona fyrst í stað. Sá svo seinna hvaða aðferð





Íbúð til leigu á góðum stað á Torrevieja Alicante á Spáni



3 herbergja íbúð með fjórum rúmstæðum plús svefnsófa í stofu.
Vikuleiga kr. 25.000.- 10% afsláttur af lengri leigu.
Beint flug með Iceland Express.



Íslensk þjónusta á staðnum (keyrsla,
verslunarferðir, stutt í golfvelli ofl.)

Nánari upplýsingar í síma:
5572618, 8671395 og 8930010
<http://isfirdingafelagid.net/>.



Eimskip er ...

leiðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framúrskarandi tengslaneti. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörudreyfingu og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta ólíkum kröfum þeirra. Það er sameiginlegur metnaður bæði starfsmanna og félagsins að gegna forystuhlutverki til framtíðar.



Korngarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími 525 7000 • Fax 525 7009 • www.eimskip.is



Lakkrísgerðin

Kólus ehf.

Tunguháls 5 • 110 Reykjavík
Símar 587 6188 og 587 1855



Hefurðu áhuga á lægra eldsneytisverði?



Bensínfrelsi Orkunnar er fyrirframgreitt eldsneytiskort. Þegar greitt er með kortinu lækkar eldsneytisverðið um **3 krónur** í hveli. Upplýsingar um kortið er að finna á heimasíðu Orkunnar **www.orkan.is**.

Lárus & Lárus



ÞAÐ MUNAR UM MINNA

hann beitti við „kellingarnar sínar“. Tók utanum þær og brosti - og gat þannig fengið hinar mestu bönusdrottningar til að anda rólegar. Oft vorum við unglingarnir látnir fara á borð hjá eldri konum, ein þeirra var hún Þórunn. Þegar hún spurði mig hverra manna ég væri, kom í ljós að hún hafði verið samtíða langömmu minni í Aðalvík sem þá var látin fyrir tugum ára - og taldi hana reyndar þarna ljóslifandi komna. Svona gat þetta skarast þegar fólk var lengi að störfum - og unglingarnir tóku fljótt þátt í atvinnulífinu.

Þótt fiskvinnan hafi kannski ekki verið orðin eins erfið þegar þarna var komið sögu og hafði verið á fyrri part aldarinnar þá var þetta nú oft bölvæð púl. Mikill burður, blautt og kalt. Það var þó ekki eins kalt og hjá konunni sem fraus til bana og var að ræða það við konu sem hún hitti við Gullna hliðið, þar sem þær stóðu báðar og biðu inn-göngu. Sú fyrrnefnda sagði að það hefðu svo sem ekki verið svo slæmur dauðdagi. Þegar hún hefði hætt

að skjálfa hefði hún orðið syfjað og verið hlýtt. - „En hvað kom til hjá þér,“ spurði hún hina. „Ég skal segja þér, mig var lengi búið að gruna að maðurinn minn héldi framhjá mér og tók til þess ráðs að koma snemma heim einn daginn til að koma upp um´ann. Sat hann þá ekki bara og horfði á sjónvarpið. Ég var samt alveg viss og byrjaði að leita að annarri konu í húsinu - en gekk fram af mér og fékk hjartaáfall og dó“ - Það hummaði í þeirri fyrri þegar hún sagði ...“verst að þú skyldir ekki kíkja í frystikistuna. Þá værum við báðar á lífi“...



Reynir Guðmunds þurfti að heilsa mörgum gömlum kunningjum á dansgólfinu.

Að afloknu landsprófi vorið 1972 lá leið flestra úr mínum bekk í hana Emmí Jóns - eins og við í fyrstu árgöngunum kölluðum Menntaskólann á Ísafirði. Skólinn hóf starfsemi tveimur árum fyrir

Dyrfinna Torfa

gullsmiður og skartgripahönnuður
jewellery designer

Safnasvæðinu Görðum, 300 Akranes,
símar: 464-3460 / 862-6060.

Sölustaðir:
Ófeigur gullsmiður, Skólavörðustíg, Reykjavík,
Gullauga Ísafirði,
Model Akranesi.

Tilvalið að skreppa upp á Skaga, skoða verkstæðið og fá sér kaffi og meðlæti í Garðakaffi að Görðum, Akranesi.



Mjólkursamlag Ísfirðinga

Sindragata 2, 400 Ísafjörður, ☎ 456 3251, 📠 456 3933

Óskar Vestfirðingum og öðrum landsmönnum
farsæls nýárs, þökkum fyrir það liðna.
Þökkum gott samstarf og viðskipti á árinu.



Frændsystkinin, Baddi (Benedikt Bjarni Albertsson) sem býr nú í Sandgerði og Solla Bára (Sólveig Bára Guðnadóttir) sem býr í Vestmannaeyjum.

Þannig að við vorum í þriðja árganginum. Eftir á að hyggja finnst mér með ólíkindum hvað skólinn fór vel af stað - og hvað hann hafði á þessum fyrstu árum marga ágæta kennara innanborðs. Skólameistarin rétt skriðinn yfir þrítugt og fékk til sín kennara úr ýmsum áttum. Þýskukennarinn okkar, Helgi Haraldsson, var t.d. doktor í beygingum slavneskra sagna á 13. öld, rússnesk kona hans kenndi ensku, Guðjón Friðriksson, sem seinna hefur orðið virtur á ritvellingum, kenndi íslensku, Magnús Pétursson forstjóri Landspítalans leiddi okkur í allan sannleika um þá félagana debet og kredit, og svona mætti lengur telja. Verst þykir mér að hafa ekki verið orðin eldri í samtímasögunni hjá Jóni Baldvin, vildi taka þá kúrsa aftur núna ríflega 30



Júlíus Arnórsson, Guðmundur Stefán Mariásson og NN.



Það var kátt á hjalla á öllum borðum á Sólarkaffinu.

árum síðar. Eftir menntaskóla lá leiðin suður og nýr kafli hófst.

Síðustu daga hef ég verið að rifja upp atvik úr uppvextinum á Ísafirði og hef m.a. velt því fyrir mér hvort ekki hefði nú verið betra að fara hvergi? Eða alla vega koma aftur til baka. Við því fást engin svör, - hitt

veit ég að það var gott að eiga heima á Ísafirði. Það var gott að þekkja nánast alla með nafni. Í bænum bjó fjöldinn allur af eftirminnilegu fólki sem er manni hugleiknara en fólkið „úr fréttunum“. Auðvitað mátti ýmislegt betur fara eins og gengur, en langflest okkar sem



Brynjólfur Samúelsson og Ásmundur múrari.



Ómar Torfason og Gunnar Halldórsson alveg að leysa heims-málin.



Jóna Jónsdóttir og Lára Helgadóttir.

vorum að alast upp á Ísafirði eftir miðja síðustu öld áttum góða æsku sem gott er að minnast.

Ég loka augunum og fyrir hugskotssjónum sé ég fjörðinn minn spegilsléttan að morgunlagi og fjöllin gnæfa yfir dulúðug á litinn, það er vor - og það verður sól í dag. Lognið er algert og það bær-ist ekki hár á hundsrófu. Ég heyrir náttúruna vera að vakna af nætursvefninum, einstaka bliku í fjöruborðinu farinn að gera sér dælt við sína „kellu“. Út fjörðinn fer lítið trilluhorn. Það heyrast skellir í gamalli vélinni og það myndast silfurþræðir í kjölfarinu. Þar fer Una og við stýrið er Bæsi hennar



Sigurður Ólafsson, fyrrum formaður Sjómannafélags Ísfirðinga, Þórdís Jónsdóttir, eiginkona Ólafs Helga Kjartanssonar sýslumanns á Selfossi og Benedikt Bjarni Albertsson, sonur Alla heitins Ingibjartar.



Karólína Guðmundsdóttir, heiðursgestur á Sólar-kaffi Ísfirðinga 2006.

Lóu, árrisull eins og allt-af. Yfir er þessi stófska ró sem ekkert fær haggð um sinn og þú finnur að þú ert hluti af merkilegu sköpunarverki.

Það er einmitt vegna minninga af þessu tagi sem svarið við þeirri spurningu sem ég hóf mál mitt á er: Já, - við verðum alltaf Ísfirðingar, - sama hvar við búum þá byggjum við á þeim grunni sem þar var lagður. Og því fær ekkert breytt,- þess vegna verður alltaf sagt: Heim á Ísafjörð....

Eflum kjálkann kaupum vestfirskt

- Gerum tilboð í allar forsteyptar einingar
- Bjóðum uppá vestfirskar gæðahellur
- Steypa. Flotsteypa. Ílagnargólf
- Veitum alhliða lóðapjónustu

Áscl ehf s:456-4200 www.ascl.is Sindragötu 27 400 Ísafjörður

Úr myndasafni Kristjáns Leós

Oddi á Ísafirði

Þetta sérkennilega hús Oddi stóð á mótum Eyrargötu og Fjarðarstrætis og neðan við Íshúsfélag Ísfirðinga. Margir Ísfirðingar hafa búið í þessu húsi tímabundið allt þar til það var rífið fyrir ríflega 30 árum síðan. Þarna fæddust meðal annarra tvíburarnir Leó og Kristján Pétur Kristjánssynir þann 26. júlí 1943. Áttu þeir enn heima þar þegar Fell brann í júní 1946.

Kristján Pétur segir svo frá: „Farið var niður eftir með okkur eftir brunann. Mig minnir að pabbi segði mér að við hefðum verið hissa að sjá að húsið var brunnið, þar sem afi okkar Leó var með skóbúð og við höfðum oft komið. Ég man þó ekkert eftir Felli eða brunanum sjálfur.“



Skautað á Pollinum 1929



Það er nær alveg liðin tíð að fólk sjáiast á skautum á Pollinum á Ísafirði, enda sjaldgæft að hann leggi nú á síðari árum, allavega svo ísinn sé mannheldur. Þetta var samt nokkuð algeng sjón á árum áður og jafnvel allar götur fram undir 1970.

Þessi mynd er úr safni Leós Kristjánssonar og sennilega tekin á myndavél Ágústs Leós veturinn 1929. Ekki er vitað hver tók myndina en Jónas Magnússon aðstoðaði Vestanpóstinn við að nafngreina skátana sem skemmtu sér þarna uppábúnir á skautum á Pollinum á Ísafirði.

Talið frá vinstri: Karl Bjarnason, Högni Helgason, Jónas Magnússon, Eggert Ólafsson, Sigurður Ólafsson, Hjörtur Jónsson, Magnús Guðmundsson, Ágúst Leós, Karl Björnsson, Guðjón Bjarnason, Lárus (?), Kjartan Ólafsson, Óþekktur, Sigmar (?).



BRAGI EINARSSON Í EDEN 1929 -2006

„Ég hef óskaplega miklar taugar til Ísafjarðar.
Ég verð aldrei Hvergerðingur.

Ég verð alltaf Ísfirðingur.”

Í viðtali við Bæjarins besta 2002

ÖRLAGASTRENGUR

Ég er gestur í alheims garði
og gróður á bæjarhól.
Ég er grjótið sem báran barði
og brot af stjörnum og sól.

Ég er þráður sem vonin vefur
og vinarfaðmur um nótt.
Ég er vitund sem vakir og sefur
og vornótt sem líður svo fljótt.

Ég er vogrek sem velkist á sandi
og vindur sem blæs um lönd.
Ég er bylgjan sem berst að landi
og brotnar á tímans strönd.

Ég er blærinn sem steinana strýkur
og stráin við gamla naust.
Ég er dúnmjúka fifan sem fýkur
í fjarskann er kemur haust.

Ég er landi og lífinu tengdur
ég er laufblað með vonir og þrá.
Ég er fiðlunnar fíngerði strengur
sem forlögin leika á !

Bragi var útnefndur bæjarlistamaður
Hveragerðis 2006

Gott að vera þar sem ræturnar liggja

Elísabet Þorgeirsdóttir ræðir við séra Agnesi Sigurðardóttur prest
í Bolungarvík og prófast Vesfirðinga

Þegar þeim séra Sigurði Kristjánssyni og Margréti Hagalínisdóttur á Ísafirði fæddist dóttir þann 19. október 1954 varð fólki að orði: „Æ, verst að þetta er ekki drengur, þá gæti hann orðið prestur.“ Í þá daga datt fólki ekki annað í hug en að þannig væri veröldin. 17 árum síðar hafði þessi stúlka, Agnes Sigurðardóttir, ákveðið að hún skyldi verða prestur þó enn hefði kona ekki vígst sem slík á Íslandi. Hún hafði fylgst af áhuga með störfum föður síns frá því að hún mundi eftir sér enda hægt um vik þar sem mörg prestverk fóru fram á heimili hennar, prestsetrinu að Pólgötu 10. Hún gat ekki hugsað sér annað starf og varð þriðja konan sem vígðist til prests hér á landi. Agnes hefur verið prestur Bolvíkinga frá árinu 1994 og prófastur Ísfirðinga frá árinu 1999. Sem prófastur fékk hún í hendur sömu gömlu bækurnar og faðir hennar hafði í sinni vörslu sem prófastur í áratugi.

Agnes er reyndar í námsleyfi í vetur og býr ásamt dóttur sinni í vesturbæ Reykjavíkur. Þaðan er stutt í Háskóla Íslands þar sem hún vinnur að mastersritgerð í trúarlífssálarfræði með trúarmótun presta sem eru prestabörn sem viðfangsefni. Það má því segja að hún sé að fást við það sem hefur mótað líf hennar frá upphafi, það að hafa alist upp sem prestsbarn á Ísafirði. Reyndar er það svo að sú lífsreynsla hafði allt önnur áhrif á Agnesi heldur en systur hennar, Hólmfríði sem er einu ári yngri og Rannveigu Sif 10 árum yngri. Það kom fljótt í ljós að áhugasvið Agnesar var fólki og heimur hinna fullorðnu og á unglingsárum fékk hún að aðstoða föður sinn við að skrá í kirkjubækur og sinna ýmissri skrifstofuvinnu sem henni fannst mjög spennandi. Hólmfríður var hins vegar alls ósnortin af öllu þessu fólki og undi glöð í sínum heimi með tónlistinni sem



Séra Agnes Sigurðardóttir.

varð hennar ævistarf eftir áralangt nám í píanóleik hjá Ragnari H. Ragnar, en þar lærði Agnes reyndar líka. Rannveig Sif hafði ekki heldur áhuga á preststarfinu og starfar sem klassísk söngkona í Þýskalandi.

„Ég nennti aldrei að leika mér,“ segir Agnes, „ég lá í kirkjubókum og manntölum eða lærði ljóð og las

alls kyns bækur sem voru uppi um alla veggja í Pólgötuni. Mér er sagt að tveggja ára hafi ég setið í eldhúsglugganum þar sem sá upp eftir Fjarðastrætinu og spurt mömmu: „Hvað heitir þessi? Hver er pabbi hans? Hver er afi hans?“ Þetta stimplaðist allt inn í höfuðið á mér og ég á auðvelt með að muna eftir fólki á Ísafirði og tengslum þess á milli enn í dag. Það var mikið um að vera á prestsetrinu og ég lærði snemma að skilja hvernig það gengi fyrir sig. Ég var alveg með á hreinu hvað þyrfti til þess að geta fengið að gifta sig hjá pabba. Mér er sagt að þriggja ára hafi ég svarað manni sem bankaði þegar pabbi var ekki heima og spurði að þessu: „Það þarf læknisvottorð, saramannavottorð og leyfisbréf,“ sagði barnið. Saramannavottorð átti auðvitað að vera svaramannavottorð. Þannig tók ég strax fullan þátt í því lífi sem þarna fór fram og oft var mikið um að vera. Á þessum árum var algengt að pabbi gifti og skírði í stofunni sem var á neðri hæðinni, inn af skrifstofunni, þangað til húsinu var breytt um 1962 og stofurnar færðar upp. Oft sló fólki þessu saman og þá var ég gjarnan fengin til að passa barnið meðan giftingin fór fram.

Það hafa margir sagt mér að ég hafi verið viðstödd giftingu þeirra þó ég muni það ekki. Ég var líka snemma farin að æfa mig að skíra sjálf. Þá skírði ég dúkkurnar mínar og lét Fríðu systur taka þátt í athöfninni. Ég á enn lítinn silfurbolla sem ég notaði fyrir vatnið við þessar skírnir,“ segir Agnes og hlær.

Örlög ráðast

Séra Sigurður Kristjánsson var prestur á Ísafirði frá 1942 til 1977. Hann hafði búið einn í Pólgötunni í 12 ár og var orðinn 47 ára þegar Agnes fæddist. Það þóttu því tíðindi þegar Margrét Hagalínisdóttir kom inn í líf hans og það er sérstök saga á



Agnes nýskírð með stoltum foreldrum sínum.



Agnes og Fríða í bakdyrum hússins þar sem fjölskyldan bjó að Pólgötu 10 á Ísafirði.

bak við það. Sigurður var vanur að hafa einhvern hjá sér í húsinu, t.d. hafði systir hans búið þar í nokkur ár og séð um heimilið en nú leigðu Magnús Sveinsson kennari og Guðný kona hans hjá honum og hann fékk að borða hjá þeim. Í júní 1953 eignuðust þau dóttur en þremur dögum seinna var Guðný dáin. Margrét Hagalínisdóttir tók á móti barninu en hún hafði komið til Ísafjarðar í byrjun ársins sem

ljósmóðir. Eftir lát móðurinnar var barnið á sjúkrahúsinu í þrjá mánuði því á þeim tíma var karlmönnum ekki treyst fyrir unga börnum. Kristján Júlíusson kennari í Bolungarvík var vinur Magnúsar og hann suðaði í Margréti ljósmóður þangað til hún féllst á að taka barnið að sér. Hún flutti þá inn í Pólgötu 10 til að annast það og þar með voru örlögin ráðin. Ári seinna átti Margrét sjálf von á barni og orðin gift séra Sigurði.

Litla barnið sem þessum örlögum olli heitir Guðný Margrét Magnúsdóttir og er nú þekkt leirlistakona í Reykjavík. Hún fór til föður síns um það leyti sem Agnes fæddist og ólst upp hjá honum og seinni konu hans í Reykjavík. Sjálf hafði Margrét Hagalínisdóttir átt son árið 1951, Smára Haraldsson forstöðumann Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Hann ólst upp hjá ömmu sinni og afa í Grunnavík til 10 ára aldurs en kom þá til móður sinnar og stjúpa. Um svipað leyti lagðist byggð af í Grunnavík en móðir Margrétar, sem þá var orðin ekkja, var í hópi þeirra sex fjölskyldna sem fluttu þaðan síðastar haustið 1962.



Þessi mynd var tekin þegar Ragnhildur dóttir Fríðu var skírð. Agnes skírði öll systkinabörn sín nema það elsta, Elínu Smáradóttur sem faðir þeirra séra Sigurður skírði. Talið frá vinstri. Hannes Baldursson, fyrrverandi eiginmaður Agnesar og elsti sonur þeirra Sigurður er í fanginu á honum. Næst kemur Agnes, síðan systir hennar Rannveig, þá móðir þeirra Margrét, því næst Elín Smáradóttir og Fríða sem heldur á Ragnhildi nýskírðri. Þá kemur Sigurður Grímsson þáverandi maður Fríðu, Smári og síðan Helga eiginkona Smára.

Bókasafnið og Halldór frá Gjögri

Áður en Agnes fæddist fluttist inn á prestsetrið í Pólgötu 10 Halldór Ólafsson frá Gjögri, bókavörður og ritstjóri Vestfirðings, blaðs Alþýðubandalagsins, og bjó þar í mörg ár. Hjá honum fékk hún líka tækifæri til að grúska í bókum og þær systur, Agnes og Fríða, máttu snúast í kringum hann eins og þær vildu.

„Það var helst á bókasafninu sem mér fannst gaman að leika mér, til dæmis í feluleik á milli bókahillanna,“ segir Agnes. „Halldór Ólafsson var eins og afi okkar systra og hann lét allt eftir okkur. Hann sagði okkur að Krummi kæmi með páskaegginn. Þá hafði hann hengt páskaegg á stormjárnin á gluggunum og sagði að Krummi hefði komið með þau um nóttina. Við vorum svo dekraðar af Halldóri að við gáfum honum í jólagjafir eitthvað sem okkur langaði í. Mig langaði t.d. mikið í litla Matchbox bíla sem þá voru að koma á markað. Ég átti ekki von á að fá þá að gjöf, stelpa, svo ég gaf Halldóri svona bíl og fékk auðvitað að leika mér að honum sjálf.“

Við systur fengum snemma ábyrgðarhlutverk hjá Halldóri á bókasafninu. Við sáum t.d. um að senda Vestfirðing til áskrifenda í fjórðungnum og fjölrítuðum nöfn og heimilisföng með rúllu sem þótti mjög tæknilegt. Við hjálpuðum honum líka að brjóta saman blaðið áður en krakkaskarinn kom að taka út blöð og selja í bænum. Það var oft mikill handgangur í öskjunum á bókasafninu á 2. hæð Sundhallarinnar þegar Vestfirðingur kom út og blaðsölbörnin kepptust um að vera fyrst með blaðið á götuna.“

Halldór Ólafsson og séra Sigurður voru samherjar í pólitík en Agnes segist ekki hafa gert sér grein fyrir því fyrr en hún frétti úti í bæ að pabbi hennar væri kommúnisti. „Ég vissi ekkert um þessa skiptingu fólks í pólitíska flokka en auðvitað sátu gestir Halldórs Ólafssonar við borðstofuborðið okkar eins og aðrir gestir,“ segir hún. „Til hans komu forystumenn sósíalista, eins og Einar Olgeirsson,

Kjartan Ólafsson og Ragnar Arnalds, sem er reyndar frændi pabba. Við ólumst ekki upp við annað en að allir menn væru jafnir og höfðum ekki hugmynd um að pólitískar skoðanir á heimilinu þættu sérstakar fyrir en pískr- að var um það úti í bæ. Þá áttuðum við okkur á því að aðrir pabbar kusu flestir Sjálfstæðisflokkinn eða Alþýðuflokkinn og mér fannst svolítið erfitt að við værum öðruvísi. Við sóttum blöðin fyrir bókasafnið, Vísi og Morgunblaðið til Matta

Bjarna og Tímann, Alþýðublaðið og Þjóðviljann í Bókhöðuna. Við fengum þrjá Þjóðvilja, einn fyrir bókasafnið, einn fyrir Halldór og einn fyrir pabba og héldum að allir fengju Þjóðviljann,“ segir Agnes og hlær og bætir við gamansögu af mömmu sinni. „Einu sinni stækkaði brotið á Þjóðviljanum og mamma var mjög ánægð með það. Halldór var glaður yfir því að mömmu líkaði þetta þangað til að hann skildi að það var vegna þess að þá var betra að brjóta blaðið ofan í ruslafötuna eins og gert var á heimilum áður en plastpokar komu til sögunnar.“

Talandi um stríðni bætir Agnes því við að þeim systur hafi líka verið strítt á því að vera prestdætur. „Ég var oft kölluð „séra Agnes“ í stríðni og ég tók það nærri mér og varð leið. Friða systir heyrði ekki þegar svona var sagt við hana, hún var í sínum barnaheimi og lét ekkert á sig fá en Rannveig Sif reif bara kjaft við krakka sem stríddu henni á því að vera prestdóttir og var alls óhrædd. Þetta segir kannski sitthvað um muninn á okkur systur.“

Pabbi kveikti á sólinni

Séra Sigurður og starf hans hafði sem sé mikil áhrif á líf Agnesar og ákvörðun hennar um lífs-



Systurnar Agnes og Friða nýútskrifaðir stúdentar frá Menntaskólanum á Ísafirði (MÍ) á sjómannadaginn 1. júní 1975.

starf. Hún segir að guðsmynd fólks mótist snemma á lífsleiðinni af góðu fólki sem við kynnumst sem börn og að við tileinkum Guði ýmislegt af eiginleikum þessa fólks. „Ég held að mín guðsmynd hafi mótast af pabba. Hann var stór, kærleiksríkur og eldri en allir aðrir pabbar sem ég þekkti. Hann vakti með manni traust og hann var svo máttugur að við systur héldum að hann kveikti á sólinni á morgnana.“ Hún segir að sú staðreynd hafi uppgötvast einn daginn þegar þær systur voru inni í Brautarholti í sumarþústað fjölskyldunnar en þangað var flutt að vori og komið heim að hausti. „Það var þoka yfir öllum firðinum og við fórum til mömmu og sögðum að nú hafi pabbi gleymt að kveikja á sól-

inni áður en hann fór út í bæ í vinnuna. Þá uppgötvaði mamma að við héldum þetta. Líklega hefur hugmyndin mótast með okkur í tengslum við það að pabbi fór niður og kveikti á miðstöðinni fyrst þegar ég man eftir mér og eftir það varð allt hlýtt. Þá var ekki svo fjarri lagi að hann kveikti líka á sólinni,“ segir Agnes broandi.

Hún rifjar upp þegar hún þvældist með föður sínum um Ísafjarðardjúp 10 ára gömul eftir að græni

Chervolettin, Í 17, hafði verið fluttur með Fagranesinu inneftir. Hann var þá að húsvitja á bæjunum sem prófastur og kom m.a. á bæ innst í Skjaldfannardal en þangað kom Agnes ekki aftur fyrir en hún var sjálf orðin prófastur. Seinna fór hún með honum á bláa Bronconum að heimsækja fólkið á Hesti. Þau lögðu þá á eiðinu á milli Seyðisfjarðar og Hestfjarðar og gengu út að Hesti en þar bjuggu hjón með þrjú börn. „Pabbi þjónaði Súðavík og Hestur tilheyrði þeirri sókn. Ég man að konan á bænum bakaði pönnukökur þegar við komum en hún fórst síðar í snjóflóðinu í Súðavík. Sonur hennar er Barði Ingibjartsson, formaður sóknarnefndar Súðavíkur, og ég hef

starfað mikið með honum eftir að ég flutti vestur. Barði fermdist vorið 1969 og bjó hjá okkur á meðan pabbi undirbjó hann undir ferminguna. Þeir fóru svo saman inneftir og hann var fermdur með krökkunum í Súðavík. Pabbi hélt ýmsum síðum sem tíðkuðust þegar hann tók við embættinu 1942, eins og þeim að taka til sín börn í fermingarundirbúning.“

Á Hvanneyri í átta ár

Agnes varð stúdent frá Menntaskólanum á



Þessi mynd er tekin í garðinum hjá Halldóri Ólafssyni á Hlíðarvegi 12. Talið frá vinstri; Agnes, Stefania Birgisdóttir sem einnig var Pólgötupúki og Friða með fána í hendi.



Í portinu á bakvið Pólgötu 10 áður en þar var gerður garður. Svæðið var þá notað jöfnum höndum sem allsherjar athafnasvæði fyrir vörubíla og vinnuvélar. Bíll fjölskyldunnar Í-17 er lengst til vinstri.

Ísafirði 1975 og hóf guðfræðinám þá um haustið. Hún tók einnig inntökupróf í Tónlistarskólann í Reykjavík, stóðst það og var nemandi Rögnvaldar Sigurjónssonar í einn vetur. Tvær konur hófu embættispróf í guðfræði þetta haust, Agnes og Hanna María Pétursdóttir, og þær fengu prestvígslu sama daginn, 20. september 1981, þegar Agnes vígðist til starfs æskulýðsfulltrúa Þjóðkirkunnar en því starfi gegndi hún í fimm ár. Hún var þá orðin gift Hannesi Baldurssyni, sem hún kynntist í Tónlistarskólanum fyrsta veturinn sinn í Reykjavík og þau eignuðust soninn Sigurð daginn eftir að séra Sigurður Kristjánsson lést í júlí

1980. Hún segir að það hafi verið mjög sérstakt að upplifa dauða föður síns og fæðingu sonarins á sama sólarhringnum. Barnið minnti svo mjög á pabba hennar að ekki kom annað til greina en hann fengi nafnið Sigurður.

„Mig langaði að starfa sem prestur og sótti haustið 1986 um Hvanneyrarprestakall,“ segir Agnes. „Þá var dóttir mín, Margrét, tveggja mánaða og ég myndi ekki vilja endurtaka þessa fyrstu mánuði. Ég þurfti að taka þátt í almennum prestkosningum en á móti mér sótti Ísfirðingurinn séra Sigurður Arngrímsson. Hann fór á alla bæi



Mæðgurnar Margrét og Agnes í stofunni í Pólgötu 10 á Ísafirði.



Móðurfjölskylda Agnesar í tóftum á Steinhólum á Höfðaströnd þar sem Margrét móðir Agnesar var fædd og uppalin. Þarna má sjá Margrétu, Ragúel bróður hennar og Karl fósturbróður hennar og þeirra fólki.

og kynnti sig en ég treysti mér ekki til þess, hélt í staðinn messukaffi eftir messur sem ég hélt í þremur kirkjum í sókninni.“ Agnes sigraði í kosningunum og var prestur á Hvanneyri næstu átta árin. Ekkert húsnæði fékkst fyrir fjölskylduna á Hvanneyri fyrr en í febrúar svo þangað til varð hún að keyra frá Reykjavík til að messa. Um jólin var mikil ófærð og presturinn með mjólk í brjóstum þurfti að brjótast fram og til baka til messuhalds. Það var meira mál að komast upp á Hvanneyri á þeim tíma þegar keyra þurfti fyrir Hvalfjörð.

„Það var gaman að kynnast fólkinu í Borgarfirðinum,“ segir hún, „en svolítið sérstakt að koma á stað þar sem enginn þekkir til manns. Það var alltaf verið að spyrja hverra manna ég væri en engir gátu komið á tengingum nema ein kona sem sagðist þekkja föðurbróður minn. Sóknarbörn mín voru gott fólk og ég tengdist þeim sterkt. Fólkíð í sveitinni lifir í öðrum takti en í þéttbýlinu, t.d. voru aldrei haldnir fundir eða söngæfingar fyrr en búið var að mjólka.“

Kölluð til Bolungarvíkur

Haustið 1994 var Agnes kölluð til starfa sem prestur í Bolungarvík. Hún þurfti ekki að hugsa sig lengi um þegar henni bauðst það og hefur haft mikla ánægju af að þjóna Bolvíkingum. „Það var góð tilfinning að koma heim eftir 19 ára fjarveru,“ segir hún og bætir við að þó að fjöllin í Bolungarvík hafi ekki verið kunnugleg í fyrstu hafi það að sjá Snæfjallaströndina verið nægileg tenging fyrir hana. Fyrst hún sá Bjarnarnúpinn fannst henni hún vera komin heim.

„Mér fannst reyndar svolítið skrítið fyrst að koma „bakdyramegin“ til Ísafjarðar. Ég var von að sjá fjörðinn blasa við úr annarri átt. En það vandist og mér fannst gott að finna fjöllin á sínum stað og verða þess vör þegar ég gekk um götur Ísafjarðar að fólk þekkti mig og bauð mig velkomna vestur. Það er svo gott að finna rætur sínar og vera á stað þar sem fullt af fólki veit allt um mann. Í Bolungarvík var líka tekið vel á móti mér og ég kannaðist við marga og gat tengt við

fólk sem ég þekkti. Það á til dæmis við um Pálmabörnin Kristnýju, Karvel og þau, sem tengdust móðurfjölskyldu minni úr Grunnavík sterkum böndum. Skólasystir mín, Guðrún B. Magnúsdóttir býr í Bolungarvík og varð fljótlega organisti við kirkjuna. Við vorum lengi samtíða í Tónlistarskóla Ísafjarðar og síðar í MÍ. Mér finnst mjög gott að hafa hana við orgelið og líka að sjá Friðu Búbba í kirkjukórnum en foreldrar hennar, Marta og Búbbi, sungu lengi í Kirkjukór Ísafjarðarkirkju. Maður Guðrúnar, Einar Jónatansson, var líka með mér í MÍ en hann er formaður sóknarnefndar Bolungarvíkur. Bolvíkingar eru þekktir fyrir að taka vel á móti fólki og það átti við um mig eins og prestfrú eina sem hafði farið á marga staði þar sem maður hennar var að leysa af sem prestur. Hún sagði að bestu móttökur hefðu þau fengið í Bolungarvík. Fólkið í Víkinni kann að hæla manni þegar vel gengur og halda utan um mann þegar eitthvað hjátar á.“

Agnes segir að þegar hún kom til Bolungarvíkur 1994 hafi verið erfiðleikar í samfélaginu og hún fundið vonleysi í loftinu. Það hafi verið skrítið þar sem hún var vön því þegar hún bjó fyrir vestan til 1975 að í Bolungarvík iðaði allt af stórhug og athafnasemi. Smátt og smátt hafi fólk svo fundið að það varð að treysta á sjálft sig til að byggja atvinnulífið upp á ný. Eftir árið 2000 hafi meiri stöðugleiki komist á í samfélaginu og meiri hjart-sýni ríki þar nú.

„Mér finnst mjög brýnt að fá jarðgöng um Óshlíð og hlakka til að sjá hvað þau geta haft í för með sér til uppbyggingar í bænum,“ segir hún þegar hún spáir í framtíðina fyrir byggðarlag sitt. „Ég vissi áður en ég flutti í Víkina að mörgum Ísfirðingum var illa við að fara hlíðina en ég áttaði mig ekki á að það sama finnst mörgum Bolvíkingum. Það er óviðunandi að fólk þurfi að búa við það að það veigri sér við að fara sinna ferða, fólk sem býr ekki á eyju heldur í kaupstað sem á að vera í eðlilegu vegasambandi við aðra staði.“

Hún rifjar upp að skömmu eftir



Þessi mynd var tekin í Bolungarvík af systkinunum. Frá vinstri; Rannveig Sif, Friða, Agnes og Smári ásamt börnum og tengdabörnum.

að hún fluttist vestur féll snjóflóðið í Súðavík og á Flateyri þá um haustið. „Þessi áföll minntu á að fjöllin sem manni fannst áður að vernduðu lífið hér, geta líka ógnað lífi og tekið. Það var ný lífsreynsla og veturna á eftir fann ég fyrir ótta hjá fólki sem síðan jafnaði sig smátt og smátt. Í Bolungarvík er hættusvæði sem þarf að rýma reglulega. Það er ekki hægt að bjóða fólki upp á að búa við slíkt. Vonandi verður hafist

er nú við nám í Menntaskólanum á Akureyri þar sem systkini hans voru líka. „Sigurður var 14 ára þegar við fluttum vestur og náði aldrei að tengjast Bolungarvík. Hann ákvað að fara í MA því þar var heimavist og þá vildi systir hans fara þangað líka og seinast Baldur. Margrét varð stúdent síðastliðið vor og er nú í Háskóla Íslands og Söngskólanum. Sigurður er í doktorsnámi í stærðfræði í Oxford og hefur gengur mjög vel.“

Agnes og Hannes skildu þegar Baldur og Margrét voru 8 og 10 ára. Hún segir að oft hafi hún þurft á stuðningi að halda eftir að hún varð ein með börnin en reyndar bjó Hannes í Bolungarvík í tvö ár eftir skilnaðinn og þá gátu börnin verið hjá honum þegar Agnes þurfti að fara í burtu. Eftir það segist hún hafa notið einstakrar aðstoðar vina sinna Ingimars Baldurssonar frá Ísafirði og konu hans Guðrúnar Ásgeirsdóttur en þau eiga börn á svipuðu reki og hennar börn. Þar áttu þau ætíð öruggt innhlaup eins og væri þeirra eigin fjölskylda.

„Það getur verið mikið álag að vera að vinna þegar aðrir eiga frí, eins og er eðli preststarfsins,“ segir hún. „Auk þess hef ég þurft að vera mikið á ferðalögum, einkum eftir að ég varð prófastur. Ég hef setið í nefndum sem funda í Reykjavík og í eitt og hálft ár þurfti ég að fara mánaðarlega til Reykjavíkur í



Systurnar fagna áramótum fyrir einhverjum árum síðan. Talið frá vinstri: Agnes, Friða og Rannveig Sif.

handað við byggingu varnargarðs í hlíðinni í sumar.“

Slítandi óvissa um færð og flug

Agnes kemur aftur til starfa í Bolungarvík í sumar að loknu námsleyfinu. Hún segir að það hafi verið erfitt að hafa þurft að senda börnin sín í burtu í framhaldsskóla en yngsti sonurinn, Baldur,



Systkinin í tóftunum á Steinhólum með móður sinni. Talið frá vinstri; Rannveig, Agnes, Fríða, Smári og Margrét.



Rannveig Sif skírð. Þarna eru bræður Margrétar móður Agnesar og bræður ömmu þeirra. Aftari röð frá vinstri: Jakob bróðir Margrétar, Sigríður Tómasdóttir kona hans, Helga Stígsdóttir kona Ragúels sem stendur við hlið hennar. Þá kemur séra Sigurður og Smári. Fremri röð f.v.: Rannveig amma Agnesar með Höllu og Rannveigu Ragúelsdætur. Þá kemur Margrét móðir Agnesar með Rannveigu Sif, síðan Agnes og Fríða en lengst til hægri er Guðrún Aspelund frænka þeirra í föðurætt.

handleiðslu. Ferðalög að vetri til geta verið slítandi. Það er þetta sífellda óöryggi með færð og flug og stundum þarf að taka ákvörðun um að keyra ef ekki er gott útlit með flug, t.d. ef mikilvægar athafnir eru framundan. Ég hef lent í því að eiga að jarða fyrir vestan og vera stödd í Reykjavík síðdegis daginn áður þegar flugi var aflýst. Þá var tekin ákvörðun um að sameinast í bílaleigubíl og keyra vestur. Daginn eftir var svo komið gott veður og



Agnes 13 ára: Fríða, Smári, Agnes og Rannveig Sif situr fyrir framan Smára.

flugvélin lent fyrir vestan vel fyrir athöfnina. En það er erfitt að taka áhættuna því það er mikið í húfi að presturinn sé mættur á réttum stað á réttum tíma. Mér finnst álag af þessu tagi mjög slítandi.“

Agnes varð prófastur Ísafjarðarsýslna 23. júlí 1999 en 1. ágúst 2005 var prófastdæmið stækkað þegar það sameinaðist Barðastrandasýslum í Vestfjarðaprófastdæmi. Í prófastdæminu eru átta prestaköll, 29 sóknir og þeim tilheyrja 37 kirkjur, fjórar kapellur og eitt bænhús. Prófastur á að vísitera sóknirnar reglulega, hitta sóknarnefndarfolk og presta, skoða kirkjurnar og ástand þeirra og skrá hluti sem þeim hafa verið gefnir. „Þessu fylgja auðvitað ferðalög sem ég hef gaman af að sumri til en það getur verið snúið að ná saman prestafundi þegar komið er fram á haust og heiðar farnar að teppast. Mér þótti óskaplega vænt um að fá í hendur ýmis prófastsgögn sem ég kannaðist við úr bernsku minni, eins og vísitasúbækur og úttektarbókina. Einnig fundargerðarbækur Prestafélags Vestfjarða en þar rakst ég á fundargerð frá því daginn sem Rannveig Sif systir mín fæddist en pabbi var einmitt á prestafélagsfundi þegar sá merkisatburður gerðist að við eignuðumst litla systur. Við Fríða vorum þá 9 og 10 ára og ég skrifaði frásögn um þennan atburð í bókina Á lífsins leið sem kom út hjá Hörpuútgáfunni 2005.

Agnes segist hafa gott af námsdvölinni og nýtur þess að vinna að rannsóknarverkefni sínu en hún hlakkar líka til að fara aftur vestur og hitta sóknarbörnin í Bolungarvík. „Samfélagið fyrir vestan er gott og þar á ég góða vini og finnst ég alls ekki vera einangruð þar. Mér hentar vel að búa í litlu samfélagi og óttast ekkert að keyra hlíðina til að geta komið bakdyramegin inn á Ísafjörð. Það er líka gott að horfa á Snæfjallaströndina sem mér finnst tengja byggðirnar saman, fyrir utan að þar liggja rætur móðurfjölskyldu minnar. Það er svo gott að vita af rótum sínum og finna fyrir þeim.“

Vertu áhyggjulaus í fríinu með **VISA**

Kynntu þér ferðatryggingar og fríðindi á www.visa.is



SPARAÐU MEÐ DEBETKORTINU



Þú kaupir

3.250 KR.



Þú borgar

4.000 KR.



Í sparnað

750 KR

EIGÐU AFGANGINN er nýjung sem gerir þér kleift að leggja fyrir í hvert skipti sem þú borgar með debetkorti Glitnis. Þú velur að hækka upphæðina sem þú kaupir fyrir upp í næstu **100, 500** eða **1.000** kr. og mismunurinn leggst sjálfkrafa inn á sparireikning að þínu vali. Þú kemst ekki hjá því að spara í hvert skipti sem þú notar debetkortið.

EIGÐU AFGANGINN

Skráðu þig í **EIGÐU AFGANGINN** á www.glitnir.is

EINS EINFALT
OG AÐ LÍTA
TIL HLIÐAR

GLITNIR